


skoðun 16




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Krakkar



Barokktíska
*Hnébuxur, tjull, fegurðarblettir og hárkollur settu svip sinn á tískusýningu Chanel sem fór fram í Versölum á dögunum.*
FÓLK 3


# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
17. maí 2012
115. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




Aserar almennilegir
*Jónsi segir að Aserar séu mjög kurteisir og almennilegir.*
popp 38

Ógurlegir útlendingar
*Stjórnmálamenn hafa hag af því að kenna útlendingum um vandræði skrifar Jón Ormur Halldórsson.*
í dag 17



Jöfnuðu markametið
*Sextán íslensk mörk voru skoruð í ensku úrvalsdeildinni á nýliðnu tímabili.*
sport 34

veðrið í dag




**VÆTA FYRIR NORÐAN** Í dag verður fremur hæg V-læg átt, hægara S-til. Það má búast við dálítilli úrkomu N-til á landinu en nokkuð björtu veðri syðra. Hiti 1-9 stig.

VEÐUR 4

# Enginn annar seðlabanki safnar viðlíka upplýsingum

**Persónuvernd segir fyrirhugaðar breytingar á lögum um gjaldeyrismál ekki samrýmast sjónarmiðum um einkalífsrétt í lýðræðisríki. Óbreytt eykur frumvarpið mjög heimildir Seðlabankans til upplýsingasöfnunar.**

**VIÐSKIPTI** Persónuvernd leggst gegn auknum heimildum Seðlabankans til söfnunar persónuupplýsinga til að stemma stigu við brotum á gjaldeyrishöftum. Þetta kemur fram í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál sem stofnunin sendi efnahags- og viðskiptanefnd í gær.

Persónuvernd telur að ígrunda þurfi hvert skuli stefna hvað varðar slíka upplýsingasöfnun og meta hvaða persónuupplýsingar fjármálastofnunum sé í raun nauðsynlegt að skrá og láta Seðlabankanum í té. „Það er verðugt umhugsunarefni hvort svo sé komið að upplýsingasöfnun Seðlabanka Íslands fái ekki samrýmst nútíma sjónarmiðum um einkalífsrétt í lýðræðisríki. Persónuvernd er ekki kunnugt um að nokkur annar seðlabanki í hinum vestræna heimi safni svo víðtækum persónuupplýsingum um borgara ríkisins,“ segir í umsögninni.

> Auðvitað er mikilvægt að Seðlabankinn hafi ríkar eftirlitsheimildir.
>
> HELGI HJÖRVAR
> FORMAÐUR EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFNDAR

Bent er á að sú upplýsingasöfnun sem þegar fari fram í Seðlabankanum muni að mestu leyti vera vegna gjaldeyrishafta. „Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi er hins vegar ekki aðeins fyrirhugað að auka eftirlit Seðlabanka Íslands með einstaklingum vegna gjaldeyrishafta, heldur jafnvel að fella það viðmið niður. Engin skýr viðmið virðast eiga að koma í staðinn.“

Bent er á að hvorki í frumvarpinu sjálfu, né í athugasemdum sem fylgja því, komi fram að hvaða marki bankanum gæti verið nauðsynlegt að afla persónuupplýsinga sem ekki tengist gjaldeyriseftirliti. „Enn fremur er ekkert fjallað um tilgang slíkrar upplýsingaöflunar og engar skorður eru settar við því hvaða tegund upplýsinga bankanum er heimilt að safna. Óvíst er að slík löggjöf standist ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar,“ segir í umsögn Persónuverndar. „Til þess yrði fyrir það fyrsta að setja öryggisákvæði í lögin. Í sett lög hefur skort fullnægjandi öryggisákvæði, svo sem um takmarkanir á heimildum til ráðstöfunar á upplýsingunum.“

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar og formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að vel verði farið yfir ábendingar Persónuverndar í nefndinni. „Auðvitað er mikilvægt að Seðlabankinn hafi ríkar eftirlitsheimildir og sambærilegar við þær sem Fjármálaeftirlitið hefur,“ segir Helgi og gerir ráð fyrir því að nefndin fari yfir þær heimildir annars vegar og ábendingar Persónuverndar hins vegar „og leitist við að gæta meðalhófs í lagasetningunni“. - óká



**TRUFLA EKKI HRAFNINN** Eftir að hrafnapar kom sér upp laupi við skólabjölluna á Austurbæjarskóla hefur Guðmundur Sighvatsson skólastjóri hringt inn með gamla laginu. Hann segist einnig ná að tengjast nemendunum betur með því að sinna gæslu á leikvellinum í frímínútum. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Deloitte svarar fullum hálsi:

## Segja gagnrýni vart svaraverða

**SJÁVARÚTVEGUR Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hafnar með öllu þeirri gagnrýni sem sérfræðingar sjávarútvegsráðuneytisins setja fram vegna útreikninga fyrirtækisins á áhrifum frumvarpa um stjórn fiskveiða.**

**Þorvarður Gunnarsson, forstjóri Deloitte, furðar sig á því að ráðuneytið sendi frá sér greinargerð svo illa unna sem raun beri vitni. Greinargerðin sé „kostuleg lesning“ og fátt ef nokkuð standist skoðun í gagnrýni á þá útreikninga sem Deloitte sendi frá sér í apríl. Fyrirtækið segir það áhyggjuefni af hve miklu offorsi starfsmenn Sjávarútvegsráðuneytisins ráðist gegn heilindum fyrirtækisins í ummælum sínum.**

- shá / sjá síðu 8

Bæjarstjórinn í Garði var rekinn á aukafundi bæjarstjórnar seinni partinn í gær:

## Verður á launum til febrúar 2015

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórinn í Sveitarfélaginu Garði las um það á netinu að til stæði að segja honum upp störfum. Uppsögn bæjarstjóra var einn af fjórum dagskrárliðum sem auglýstir voru á aukafundi bæjarstjórnar Garðs sem fram fór í gærkvöldi.

„Þetta er bara eins og hjá krökkunum sem segja hverju öðru upp með SMS,“ segir Ásmundur Friðriksson, fráfarandi bæjarstjóri, en samþykkt var á fundinum í gær að reka hann. Til stendur að auglýsa eftir nýjum bæjarstjóra.

„Kostnaðurinn gæti hins vegar numið um 50 milljónum plús launa annars bæjarstjóra,“ segir hann og kveðst samkvæmt samningi á launum fram í febrúar 2015. „Fari allt á versta veg getur nýr meirihluti staðið frammi fyrir því eftir næstu kosningar að vera með þrjá bæjarstjóra á launum.“ Heildarkostnað segir Ásmundur því geta orðið 115 milljónir króna.

Hvorki náðist í Jónínu Holm, forseta bæjarstjórnar né Kolfinnu S. Magnúsdóttur, formann bæjarráðs í gærkvöldi. - óká










## SPURNING DAGSINS



*Árni, ert þú búinn að kaupa SÁÁ álfinn?*

„Það er langt síðan síðast en hann stendur fyrir sínu eins og aðrir álfar.“

Árni Johnsen flutti heljarstóran stein af Hellisheiði og til Vestmannaeyja í vikunni. Í steininum er sögð búa álfafjölskylda sem flytur með til Eyja og fær þar gott útsýni yfir hafið.

Lögmaður kvenna með gallaðar brjóstafyllingar ætlar að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur:

# Verður að gefa upp nöfn kvenna með PIP

**DÓMSMÁL** Sögu Ýrr Jónsdóttur lögmanni er skylt að afhenda skattrannsóknarstjóra nöfn og kennitölur yfir fimmtíu kvenna sem fengið hafa ígrædda PIP-sílikon púða á árunum 2006 til 2011. Þetta er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp í gær. Saga er lögmaður um hundrað kvenna sem hugðust höfða skaðabótamál á hendur Jens Kjartanssyni lýtalækni vegna gallaðra brjóstapúða sem hann græddi í þær á margra ára tímabili.

Skattrannsóknarstjóri fór fram á upplýsingarnar vegna rannsóknar sinnar á störfum Jens sem lýtalæknis, en hann er grunaður um skattsvik. Saga hefur neitað að afhenda upplýsingarnar og vísað til þagnarskyldu lögmanna gagnvart skjólstæðingum sínum.

„Dómurinn kemur mér ekki á óvart,“ segir Saga. „En maður hefur meiri áhyggjur af honum vegna starfa lögmanna almennt, þar sem við sjáum að ríkisskattstjóri hefur mjög víðtækar heimildir til að fá afhent gögn frá lögmönnum.“

Saga hafði ekki heyrt frá neinum skjólstæðinga sinna í gær, en hóf að semja áfrýjunarkæru til Hæstaréttar um leið og dómurinn féll. „Við erum að sjá í fyrsta skipti hvernig tekið verður á þessu. Nú verður maður bara að láta reyna á hvað Hæstiréttur hefur um málið að segja.“

Ekki náðist í Jens Kjartansson lýtalækni í gær. Þá vildi skattrannsóknarstjóri ekki tjá sig um málið. **- sv**



**PIP-PÚÐAR FJARLÆGÐIR** Yfir 300 konur með PIP-púða hafa leitað til Krabbameinsfélagsins til að fara í ómskoðun vegna ótta um leka í púðum. NORDICPHOTOS/AFP



**SPÍTALALÍF** Heilbrigðisþjónusta á Íslandi er sú þriðja besta í Evrópu samkvæmt nýrri könnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskt heilbrigðiskerfi:

## Þriðja besta kerfið í Evrópu

**HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisþjónusta á Íslandi er sú þriðja besta í Evrópu samkvæmt könnun fyrirtækisins Health Consumer Powerhouse sem vinnur meðal annars með framkvæmdastjórn ESB. Könnunin byggir á ýmsum breytum, meðal annars aðgengi og fjölbreytni þjónustu.**

**Gefin eru stig allt upp í 1.000 og er Ísland með 799 stig. Holland (872) og Danmörk (822) eru fyrir ofan Ísland. Í athugasemdum segir að íslenska kerfið hefði sennilega verið í öðru sæti ef betri upplýsingar lægju fyrir um lyfjanotkun, en einn af styrkleikum kerfisins er reynsla og sambönd sem unglæknar fá við nám og störf erlendis. - þj**

Hæstiréttur staðfestir dóm:

## Átján mánuðir fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem í fyrravor laumaðist aftan að konu sem var að kasta af sér vatni á Austurvelli og stakk fingri í endaþarm hennar var dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir nauðgun í Hæstarétti í gær. Það er sama refsing og honum var gerð í héraðsdómi.

Þegar konan brást skelfd við aðförum mannsins hló hann og stökk á flótta, upp í leigubíl og á brott. Hann játaði sök fyrir dómi og sagðist með þessu hafa fengið útrás fyrir reiði sína. Hann var dæmdur til að greiða konunni 700 þúsund krónur í miskabætur. **- sh**

# Mýrarnar álitlegar til að reisa vindorkuver

**Vinnuhópur í Borgarfirði segir þróun í verði orkugjafa og í umhverfismálum fullt tilefni til að kanna nýtingu vindorku. Þrír staðir í Borgarbyggð eru sagðir koma til greina. Landsvirkjun segir Suðurland þó álitlegast fyrir vindorkuver.**

**ORKUMÁL** Vinnuhópur um nýtingu vindorku í Borgarbyggð segir fullt tilefni til að kanna hagkvæmni þess að nýta vindorku í sveitarfélaginu.

„Fyrirséð er að kostnaður við nýtingu vindorku fer lækkandi frá því sem var á árum áður og mannvirkin verða sífellt öflugri og betri. Í ljósi hækkandi verðs á orkugjöfum á alþjóðamörkuðum og kröfum alþjóðasamfélagsins um að draga úr bæði staðbundinni loftmengun og losun gróðurhúsalofttegunda er fyrirséð að meiri áhersla verður lögð á umhverfisvænni orkugjafa í framtíðinni,“ segir í niðurstöðu vinnuhópsins sem skipað var í af stjórn Borgarfjarðarstofu í fyrrahaust.

Meðal þess sem vinnuhópurinn gerði var að skoða 30 kílóvatta vindmyllu Haraldar Magnússonar í Belgsholti og ræða við sérfræðinga Landsvirkjunar um áform fyrirtækisins varðandi vindorku. Landsvirkjun hefur þegar gert vindmælingar á nokkrum stöðum og fundið út að Suðurland væri eitt álitlegasta svæðið ásamt svæðunum í kring um vatnsaflsvirkjanirnar við Búrfell og Blöndu. Við fyrrnefndu virkjunina er þegar hafin uppsetning á vindmyllum.

Leitað var til Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings vegna hugsanlegs staðarvals fyrir vindmyllur í Borgarbyggð. Einar benti á fjögur mikilvæg atriði; meðalvindur þyrfti að vera nægur, vindur þyrfti að vera stöðugur, fjarlægð frá flutningskerfi Landsnets mætti ekki vera of mikil og í fjórða lagi þyrfti að huga að hæð vindorkuversins yfir sjávarmáli vegna hættu á ísingu.



**BELGSHOLT** Sænsk vindmylla, sem sett var upp við bæinn Belgsholt í fyrrasumar, framleiddi rafmagn fyrir bæinn auk umframrafmagns sem selt var inn á Landsnetið. Myllan losnaði af mastrinu í vetur og hefur verið unnið að viðgerð. MYND/HANNEVIND.SE

Einar nefndi þrjú svæði sem hugsanlega kosti með tilliti til ofangreindra forsendna. Hins vegar er ekki tekið mið af þáttum eins og hljóð- og sjónmengun og áhrifum á fuglalíf. Svæðin eru við Fíflholt á Mýrum, í öðru lagi með farvegi Hvítár og ofan Borgarness og síðan í Norðurárdal upp undir Holtavörðuheiði.

Vinnuhópurinn segir það helst á færi stærri orkufyrirtækja að reisa stærri vindmyllur. Kæmi meðal annars til greina að staðsetja vindmyllu við Andakílsárvirkjun sem Orkuveita Reykjavíkur á. Varðandi minni vindmyllur setji strik í reikninginn að ekki séu þriggja fasa rafmagnslínur um alla Borgarbyggð. Þó sé stefnt að því að svo verði á aðalskipulagi sem gildi til ársins 2022.

„Rekstur stórra vindorkuvera er líklega ekki vænlegur kostur á svæðinu eins og staðan er í dag en ýmsir möguleikar eru á rekstri minni vindorkuvera,“ segir vinnuhópurinn sem segir þörf á meiri undirbúningsvinnu áður en til framkvæmda komi.

**gar@frettabladid.is**

Fimm skila meðmælalistum:

## Tveir skiluðu ekki listunum

**KOSNINGAR** Fimm frambjóðendur af þeim sjö sem lýst hafa yfir framboði til embættis forseta Íslands skiluðu meðmælalistum til yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi í gær. Hvorki Hannes Bjarnason né Andrea J. Ólafsdóttir skiluðu meðmælalistum.

Grímur Hergeirsson, formaður yfirkjörstjórnarinnar, segir Hannes hafa látið vita að hann muni skila síðar. Andrea sagði í samtali við Fréttablaðið að hún hafi skilað undirskriftum í öðrum kjördæmum og hafi safnað nægilegum fjölda undirskrifta.

Kjörstjórnin hafði óskað eftir því að fá meðmælalista í gær til að ná að fara yfir þá áður en framboðsfrestur rennur út 25. maí, segir Grímur. **- bj**



**BILUN** Skipta þurfti um aðra vél Þórs í Noregi nýverið, og er skipið nýkomið aftur til landsins eftir viðgerðina.

Enn bilun í varðskipinu Þór:

## Skipta þarf um legu í vél Þórs

**LANDHELGISGÆSLAN Skipta þarf um legu í annarri af aðalvélum Varðskipsins Þórs vegna bilunar sem upp kom í vélinni. Önnur af aðalvélum skipsins er ónothæf vegna bilunarinnar, en hægt er að sigla skipinu á hinni vélinni, að því er fram kom í fréttum RÚV í gær.**

**Bilunin kom í ljós þegar skipið sigldi frá Noregi um síðustu mánaðamót. Framleiðandi vélbúnaðarins í skipinu, Rolls Royce, ber ábyrgð á vélinni og mun skipta um leguna á næstu dögum. Kostnaðurinn mun ekki falla á Landhelgisgæsluna. - bj**




Ólafur Ragnar segir sér hafa verið skylt að íhuga utanþingsstjórn eftir hrunið:

# Ísland mátti ekki verða stjórnlaust

**BESSASTAÐIR** Ólafur Ragnar Grímsson taldi sér skylt að hugleiða hvernig hægt yrði að tryggja að landið yrði ekki stjórnlaust á hættutímum í kringum stjórnarslitin í janúar 2009 með því að huga að myndun utanþingsstjórnar.

Þetta kemur fram í færslu á kosningavef Ólafs. Þar skýrir hann ummæli sem hann lét falla í viðtali á Útvarpi Sögu.

Ólafur segir að ástandið hafi verið afar brothætt í kringum þann tíma sem slitnaði upp úr stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í janúar 2009.

Í því ástandi segist hann hafa talið mögulegt að stjórnmálaflokkarnir myndu ekki ráða við hlutverk sitt að mynda ríkisstjórn. „Því var það skylda forsetans að hugleiða með sjálfum sér hvernig þá væri hægt að tryggja að landið yrði ekki stjórnlaust á þessum hættutímum,“ skrifar Ólafur.

Hann segir vangaveltur sínar ekki hafa verið ræddar við nokkurn mann. Í ljós hafi komið í samfelldri fundarlotu með formönnum allra stjórnmálaflokka sólarhringinn eftir að stjórnin hafi beðist lausnar að hægt væri að mynda minnihlutastjórn sem varin yrði vantrausti, og að boðað yrði til kosninga innan fárra mánaða. **- bj**



**BROTHÆTT** Ástandið í kringum stjórnarslitin í janúar 2009 var brothætt og skylda forsetans að tryggja að landið yrði ekki stjórnlaust, segir Ólafur Ragnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

husa.is

# SÚPER KAUP DAGSINS

## NÝTTU ÞÉR 3.000 KRÓNA ÁVÍSUNINA


HÚSASMIÐJAN HLUTI AF BYGMA
blómaval
3.000,-
Greiðið gegn tékka þessum *Handhafa*
Krónur: *Þrjúþúsund 00/100*
*Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira.*
Reykjavík *9. mai* 20*12* *Húsasmiðjan og Blómaval*
Ávísunin gildir sem **3.000** kr. innborgun í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals, frá miðvikudeginum 9. maí til sunnudagsins 20. maí 2012, ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira. Ávísunin gildir eingöngu þegar verslað er með kreditkorti eða í staðgreiðslu en ekki í reikningsviðskiptum.
Tékknr. Fl Banki-Hb

Öll heimili hafa fengið 3.000 kr ávísun sem gildir í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.
Komdu strax því ávísunin þín rennur út á sunnudag!

**Rafmagnssláttuvél GR3400**
1200W, 34 cm sláttubreidd.
35 ltr. safnari.
Fimm hæðastillingar,
5085134



SÚPER TILBOÐ BLACK & DECKER
Verð áður: 29.995 kr.
Nú: 22.995 kr.
ÞÚ SPARAR 7.000 KR
Gildir aðeins í dag

**Garðstóll Kingsbury**
Með stillanlegum örmum.
3899088



SÚPER TILBOÐ
Verð áður: 13.900 kr.
Nú: 8.900 kr.
ÞÚ SPARAR 5.000 KR
Gildir aðeins í dag

**Outback Drifter 3**
Grillflötur 625x434 mm
3 ryðfríir brennarar
Grillgrind úr pottjárni
3000213




SÚPER TILBOÐ
Verð áður: 64.900 kr.
Nú: 44.900 kr.
ÞÚ SPARAR 20.000 KR
Gildir aðeins í dag

**GARÐABLÁMI 10 KG.**
blómaval
SÚPER TILBOÐ




Verð áður: 2.399 kr.
Nú: 1.990 kr.
Gildir aðeins í dag

**SÝPRIS 1 STK.**
SÚPER TILBOÐ
Verð áður: 1.490 kr.
Nú: 799 kr.



blómaval
Gildir aðeins í dag

**10 STJÚPUR**
SÚPER TILBOÐ



Verð áður: 1.599 kr.
Nú: 790 kr.
Gildir aðeins í dag
blómaval

**OPIÐ Í DAG UPPSTIGNINGARDAG**
SKÚTUVOGUR 10-19 • GRAFARHOLT 10-18 • HAFNARFJÖRÐUR 11-15 • AKRANES 11-15 • SELFOSS 11-15
REYKJANES 11-15 • EGILSTAÐIR 11-15 • AKUREYRI 11-15

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 16.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,48 | 128,08 |
| Sterlingspund | 203,00 | 203,98 |
| Evra | 162,05 | 162,95 |
| Dönsk króna | 21,798 | 21,926 |
| Norsk króna | 21,246 | 21,372 |
| Sænsk króna | 17,776 | 17,880 |
| Japanskt jen | 1,5847 | 1,5939 |
| SDR | 194,31 | 195,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 224,0711

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skólastjóri Austurbæjarskóla hringir sjálfur inn og sinnir útigæslu í sparnaðarskyni:

# Laupur stöðvar skólabjölluna

**MENNTUN** Það er ekki lengur hringt inn úr frímínútum með rafknúinni bjöllu í Austurbæjarskóla. Bjallan var aftengd þegar í ljós kom laupur, sem er hreiður hrafns, nálægt henni yfir aðalinnganginum.

„Við sáum laupinn þegar við komum úr páskafríi og við vildum ekki að það kæmi styggð að hrafninum. Þess vegna hringjum við inn handvirkt,“ segir Guðmundur Sighvatsson skólastjóri sem sjálfur lætur bjölluna hljóma úti í portinu.

En það er ekki bara þegar hringja þarf með bjöllunni sem skólastjórinn er úti í porti. Hann hefur í allan vetur sinnt þar gæslustörfum í frímínútum ásamt kennurum og skólaliðum.

„Mig skorti fjármagn til þess að borga nógu mörgum kennurum fyrir gæsluna. Ég gat fækkað einum gæslumanni með því að fara sjálfur út. Það má spara á því. Það kostar ekkert að hafa mig úti.“

Guðmundur segist kynnast nemendum á annan hátt úti á skólalóðinni, heldur en innandyra. „Þegar ég er úti fæ ég allt sem er að gerast beint í æð. Krakkarnir hafa jafnframt tekið þessu vel. Þeim finnst fínt að hafa karlinn úti.“ **- ibs**



**LAUPURINN** Nemendur og starfsmenn bíða spenntir eftir því að heyra í ungunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

PFS fjallar um fjarskiptabúnað:

## Engin hætta talin af geislun

**TÆKNI Fjarskiptabúnaður radíóáhugamanns er ekki talinn valda skaðlegri geislun, samkvæmt nýbirtri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS).**

**Nágranni taldi að rafsegulgeislun frá búnaðinum hefði spillandi áhrif á bæði andlegt og líkamlegt heilsufar hans.**

**Mælingar Geislavarna ríkisins sýndu að rafsegulgeislun inni á heimili þess sem kvartaði og í nánasta umhverfi væri langt innan marka. Mælingar PFS voru í samræmi við þá niðurstöðu. - óká**



**VERÐLAUNAAFHENDING** Listahátíðin List án landamæra fékk mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.

Verðlaun fyrir mannréttindi:

## Listahátíð fékk viðurkenningu

**SAMFÉLAGSMÁL** Listahátíðin List án landamæra fékk mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, afhenti fulltrúum hátíðarinnar verðlaunin í Höfða í gær.

Mannréttindaverðlaunin eru veitt þeim einstaklingum, félagasamtökum eða stofnunum sem hafa á eftirtektarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa. List án landamæra var fyrst haldin á Evrópuári fatlaðra árið 2003 og hefur verið haldin árlega. **- sv**

Tveir sleðamenn björguðust:

## Komust sjálfir úr snjóflóðinu

**LÖGREGLUMÁL Tvo vélsleðamenn sakaði ekki þegar þeir lentu í snjóflóði í suðurhlíðum Kerlingar í Glerárdal í gær.**

**Lögreglunni á Akureyri barst tilkynning um flóðið og ræsti þegar út björgunarsveitir Landsbjargar þar sem óljóst var um afdrif sleðamannanna. Beiðni um aðstoð björgunarsveita var svo afturkölluð þegar sleðamennirnir höfðu samband við lögreglu, en þeir komust af sjálfsdáðum úr flóðinu. - óká**

# Aðeins Hollendingar og Bretar styðja ESA

**EFTA-réttinum bárust aðeins fjórar athugasemdir frá EES-ríkjum. Bretar og Hollendingar styðja ESA, en Noregur og Liechtenstein styðja sjónarmið Íslands. Utanríkisráðherra telur málflutning Íslands hafa skilað sér til annarra EES-ríkja.**

**ICESAVE** Bretland og Holland eru einu EES-ríkin sem nýttu sér tækifærið til að styðja málarekstur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í Icesavemálinu, með skriflegum athugasemdum, en málið er nú rekið fyrir EFTA-dómstólnum.

Skilafrestur athugasemda rann út á miðnætti í fyrrinótt, en þá höfðu EFTA-ríkin Noregur og Liechtenstein lagt fram athugasemdir til stuðnings málstað Íslands.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir ánægjulegt að Noregur og Liechtenstein taki undir málflutning Íslands.

„Mér finnst líka merkilegt að í athugasemdum sínum taka hvorki Bretland né Holland undir með ESA varðandi meinta mismunun Íslendinga gagnvart innistæðueigendum utan Íslands. Ég vil svo sem ekki draga of miklar ályktanir af því, en þessi meinta mismunun er annar af tveimur meginásunum í stefnu ESA gegn okkur.“

Hin meginstoðin í málarekstri ESA lýtur að því hvort Ísland hafi gerst brotlegt við innistæðutryggingatilskipun ESB. Málsvörn Íslands lýtur að því að annars vegar sé hvergi í tilskipuninni tiltekið að ríkisábyrgð sé á innistæðutryggingakerfi, og hins vegar er því borið við að við bankahrunið hafi skapast óviðráðanlegar aðstæður á Íslandi, sem ógildi innistæðutilskipunina.

Í athugasemdum sínum halda Bretar og Hollendingar því fram að markmið tilskipunarinnar sé að tryggja innistæður og það hafi einfaldlega ekki verið gert í umræddu tilfelli.

Varðandi meintar óviðráðanlegar aðstæður, segja bæði ríkin að sönnunarbyrðin sé alfarið á Íslandi og engar slíkar sannanir liggi fyrir. Fjárhagslegir erfiðleikar eigi ekki við, þar sem Bretland og Holland hafi boðið Íslandi fjármuni að láni.

Noregur og Liechtenstein taka hins vegar fram í sínum athugasemdum að hvergi í tilskipuninni sé tekið skýrt fram að ríkisábyrgð sé á innistæðutryggingakerfum. Í ljósi þess hve miklar kvaðir á aðildarríki fælust í ríkisábyrgð þyrftu lögin að vera afar skýr að því leyti. Auk þess sé í formála laganna og vinnuskjölum frá setningu þeirra beinlínis tekið fram að tilskipunin feli ekki í sér ríkisábyrgð.

Össur segir einnig merkilegt að Bretland og Holland hafi ein EES-ríkja sent athugasemdir til stuðnings ESA, því að hann hafi skynjað svipaða afstöðu hjá sumum kollega sinna.

„Það hljóta að vera vonbrigði fyrir þá merku stofnun ESA, en ég tel að það sýni að málflutningur okkar fyrir öllum EES-ríkjunum hefur borið árangur og okkur hafi tekist að telja þeim hughvarf.“

**thorgils@frettabladid.is**

### Var samningaleiðin misráðin?

Aðspurður hvort samningaleiðin í Icesave-deilunni hafi verið misráðin í ljósi röksemda sem Noregur og Liechtenstein leggja fram, segir utanríkisráðherra að erfitt sé að leyfa sér að draga þá ályktun af gögnunum. „Ég vinn auðvitað af fullum krafti fyrir hönd Íslands í þessu máli og trúi á sigur þar til annað verður að veruleika. Ég tel að málstaður okkar sé giska góður og tel að okkur hafi tekist að sýna fram á að tilskipunin sé ekki gerð fyrir aðstæður eins og voru hjá okkur þar sem varð hrun heils kerfis og allir bankarnir féllu. Ég leyfi mér því að vera hóflega bjartsýnn án þess að draga af þessu ályktanir sem vekja of miklar væntingar. Staðan í dag er sú að málið er í farvegi sem þjóðin valdi. Við vinnum þar af kappi og allri okkar atorku og spörum hvergi til.“



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Efnahagskrísan í Grikklandi:

## Grikkir tæma bankareikninga

**GRIKKLAND** Grikkir hafa undanfarna daga og vikur flykkst í hraðbanka til að taka út peninga, af ótta við að Grikkland yfirgefi evrusvæðið og gamla drakman verði tekin upp í staðinn. Síðan um síðustu helgi hafa verið teknar út að minnsta kosti 900 milljónir evra af reikningum landsmanna, að því er þýska fréttastofan dpa-AFX hefur eftir heimildarmönnum sínum.



**PANAGIOTIS PIKRAMMENOS**

Nýkjörið þing kom saman í fyrsta sinn í gær og var ákveðið að nýjar kosningar verði haldnar 17. júní, þar sem ekki tókst að mynda ríkisstjórn. Samkomulag hefur tekist um að Panagiotis Pikrammenos, forseti gríska ríkisráðsins, verði forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar, sem fer með völdin þar til nýtt þing hefur verið kosið. Þá var samþykkt að bráðabirgðastjórnin hafi ekki heimild til að taka skuldbindandi ákvarðanir fyrir hönd gríska ríkisins. **- gb**

**UMHVERFISMÁL**

### Bæjarbíl breytt fyrir metan

Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs leggur til við bæjarráð að einum bíl í eigu bæjarins verði breytt í metanbíl til prufu. Reynslan af breytingunni verði síðan metin á ársgrundvelli.

**BLÁSKÓGABYGGÐ**

### Fleiri bústaðir á Þingvöllum

Nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð á 36 hekturum úr landi Skálabrekku við Þingvallavatn gerir ráð fyrir 24 nýjum frístundalóðum suðvestan við núverandi sumarhúsabyggð í Skálabrekku.


# Alicante

**Frá kr. 16.900**

**Allra síðustu sætin.**

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt verð á völdum dagsetningum til og frá Alicante.

**Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!**

Verð kr. 16.900. Netverð. Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

23. og 30. maí frá Alicante til Keflavíkur.
22. maí og 12. júní frá Keflavík til Alicante.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**FREMUR RÓLEGT** næstu daga, hægur eða fremur hægur vindur víðast hvar. Nokkuð bjart S-til í dag en dregur fyrir á morgun en þá birtir til fyrir norðan og austan. Skúrir V-til á morgun og bætir í úrkomu fram á kvöldið. Hlýnar meira um helgina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 14° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 22° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 12° |
| París | 16° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




Land Cruiser. Nafn sem segir meira en þúsund orð. Íslendingar þekkja Land Cruiser betur en flestar aðrar þjóðir. Við íslenskar aðstæður hefur Land Cruiser öðlast sess sem ímynd áreiðanleika og gæða. Með Land Cruiser heldur sagan áfram um stræti og torg, um vegi og vegleysur. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi
Verð frá: 10.140.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**KJÖRKASSINN**



*Trúir þú að álfar búi í klettum á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 63,5% |
| NEI | 36,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er vírusvörn í heimatölvunni þinni?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Þingmenn segja mikilvægt að verja heimilin fyrir mögulegum afleiðingum afnáms gjaldeyrishafta:

# Sameinast þarf um afnámsáætlun hafta

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnmálaflokkarnir auk aðila vinnumarkaðarins verða að ná breiðri samstöðu um afnám gjaldeyrishafta. Eftir þessu kölluðu bæði Árni Páll Árnason og Ólöf Nordal, þingmenn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, á fundi Samtaka atvinnulífsins um afnám hafta undir yfirskriftinni Brýnasta hagsmunamál Íslendinga, á Hilton Reykjavik Nordica í gær.

Árni Páll sagði stóra vandann vera að ekki væri einhugur um leiðina út úr höftunum og minnti á að slíkt stefnuleysi hefði á síðustu öld valdið 60 ára haftatímabili. Því hvatti hann til sameiningar um afnám haftanna og sagði mikilvægt að ekki mætti blása til pólitísks hanaslags vegna ófyrirséðra afleiðinga afnámsferlisins. Þá lagði hann áherslu á að verja þyrfti heimilin fyrir mögulegu tjóni vegna afnámsins.

Loks kallaði Árni eftir því að allir flokkar myndu skuldbinda sig til að standa við markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum ekki seinna en 2014 og að Maastricht-skilyrðunum yrði náð sem allra fyrst til að búa í haginn fyrir afnám hafta.

Ólöf tók í sama streng og sagði það skyldu Alþingis að ná breiðri samstöðu um afnám haftanna. Hún sagði litla umræðu hafa farið fram um skaðsemi þeirra á þingi sem væri skrýtið þar sem ekkert eitt mál væri jafn mikilvægt nú um stundir. Hún tók einnig undir með Árna að verja þyrfti heimilin fyrir mögulegu gengisfalli krónunnar vegna afnámsins en velti upp þeirri spurningu hvort veikburða ríkisstjórnin væri fær um þessi verkefni. **- mþl**



**HILTON REYKJAVIK NORDICA Í GÆR** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, og Árni Páll Árnason þingmaður fluttu erindi um afnám gjaldeyrishafta.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**RATKO MLADIC Í RÉTTARSAL** Mladic er orðinn sjötugur en virtist við betri heilsu í gær en þegar hann hefur áður mætt fyrir rétti.
NORDICPHOTOS/AFP

# Mladic segist enga glæpi hafa framið

**Sækjandi við stríðsglæpadómstól í Haag segir að Ratko Mladic herforingi og sveitir hans hafi verið orðnar vel þjálfaðar í morðum þegar kom að fjöldamorðunum í Srebrenica sumarið 1995. Aðalmeðferð í réttarhöldum hans er hafin.**

**HOLLAND** „Ég tók ekki þátt í neinum glæpum. Ég hef aðeins varið þjóð mína," sagði Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmaður herliðs Bosníu-Serba, sem nú situr á sakamannabekk Alþjóðasakadómstólsins í Haag.

Hann er sakaður um margvíslega stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni í tengslum við Bosníustríðið, sem geisaði á árunum 1992-95.

Aðalmeðferð í málinu hófst með málflutningi saksóknara í gær, tæpu ári eftir að Mladic var handtekinn í fjallaþorpi í norðanverðri Serbíu. Hann hafði þá verið í felum fyrir réttvísinni í fimmtán ár.

Saksóknarinn Dermot Groome sagði aðild Mladic að stríðsglæpum gegn Bosníu-mönnum hafa byrjað í maí árið 1992, fyrir nánast nákvæmlega tveimur áratugum, þegar hann varð yfirmaður herráðs Serba.

Rúmum þremur árum síðar, þegar fjöldamorðin voru framin í Srebrenica, segir Groome að Mladic og hersveitir hans hafa verið orðna „vel æfða í þeirri iðn að fremja morð". Um átta þúsund manns, mest karlar og drengir, voru myrtir í Srebrenica sumarið 1995 í verstu fjöldamorðum Evrópu frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Ákærurnar á hendur Mladic eru í ellefu liðum, þar á meðal fyrir þjóðarmorð, ofsóknir, morð og nauðganir.

Mladic vísar ákærunum á bug en hefur formlega hvorki viljað lýsa sig sekan né saklausan.

Saksóknarinn ætlar að leiða meira en 400 vitni fyrir dómstólinn og hefst vitnaleiðslan í lok maí. Groome segir að í málflutningi sækjenda verði orð Mladic óspart notuð gegn honum sjálfum, og tínd til ummæli hans bæði úr dagbókum og úr útvarps- og sjónvarpsviðtölum.

Við dómstólinn standa einnig yfir réttarhöld yfir Radovan Karadzic, fyrrverandi forseta lýðveldis Bosníu-Serba, sem var handtekinn í Belgrad, höfuðborg Serbíu, sumarið 2008. Aðalmeðferð í máli hans hófst í október 2009 en vitnaleiðslum saksóknara lauk nú í byrjun maí. Reiknað er með að málsvörn Karadzic hefjist um miðjan október.

Karadzic er, eins og Mladic, sakaður um margvíslega stríðsglæpi í tengslum við Bosníustríðið.

Félagi þeirra og leiðtogi, Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseti bæði Serbíu og Júgóslavíu, lést hins vegar í fangelsi Alþjóðasakadómstólsins í Haag árið 2006, meðan réttarhöldunum yfir honum vegna sambærilegra glæpa var enn ólokið. **gudsteinn@frettabladid.is**

Kyrrsetning eigna Sigurðar hérlendis stendur samkvæmt dómi:

# Sigurður borgi hálfan milljarð

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur gert Sigurði Einarssyni að greiða þrotabúi Kaupþings tæpan hálfan milljarð af þeirri fjárhæð sem hann fékk að láni frá bankanum til að kaupa í honum hlutabréf árin fyrir hrun.

Sigurður, sem var stjórnarformaður Kaupþings, keypti í eigin nafni hlutabréf í bankanum fyrir á sjötta milljarð á nokkurra ára tímabili, með lánsfé frá bankanum. Hann var í persónulegri ábyrgð fyrir tíu prósentum lánsfjárhæðarinnar. Skömmu fyrir hrun, 25. september 2008, ákvað stjórn bankans að aflétta persónulegum ábyrgðum starfsmanna af slíkum lánum til að forða þeim frá gjaldþroti.



**SIGURÐUR EINARSSON**

Héraðsdómur hefur dæmt í nokkrum málum af þessum toga og niðurstaðan hefur alltaf verið sú að eðlilegt sé að rifta niðurfellingu ábyrgðanna. Hæstiréttur dæmdi í síðustu viku í fyrsta sinn í máli af þessu tagi og var niðurstaðan sú sama.

Héraðsdómur komst einnig að þeirri niðurstöðu að kyrrsetning eigna Sigurðar hér á landi skyldi standa. Kaupþing hefur kyrrsett hlut hans í íbúðarhúsi á Seltjarnarnesi, sumarhús og lóð undir það auk fimmtungshlutar í eignarhaldsfélagi. Slitastjórn bankans hefur áhyggjur af því að Sigurður mundi ella koma eignunum í verð og nota féð í einkaneyslu í London, þar sem hann er búsettur. **- sh**






# TERRACOTTA
## LIGHT
### SHEER BRONZING POWDER

TERRACOTTA LIGHT ER FULLKOMIÐ SÓLAPÚÐUR SEM GEFUR HRAUSTLEGT OG NÁTTÚRULEGT ÚTLIT. MOSAIC PÚÐRIÐ ER SAMANSETT ÚR FIMM LITUM, MEÐAL ANNARS ER ÖRLÍTIÐ AF BLEIKU OG APPELSÍNUGULU, TIL AÐ DRAGA FRAM NÁTTÚRULEGA LITATÓNA HÚÐARINNAR. TERRACOTTA FÆRIR SUMARLJÓMANN INN Í LÍF HVERRAR KONU OG HÚN VERÐUR SAMSTUNDIS GEISLANDI.

## 20% AFSLÁTTUR VERÐUR AF TERRACOTTA LÍNUNNI OG NÝJUNGUM Í SUPER AQUA ANDLITSLÍNUNNI 17. - 23. MAÍ.

**SÉRFRÆÐINGUR VERÐUR Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM OG VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF**

**KYNNUM MEÐAL ANNARS:**

- Nýja sólarvörn frá Terracotta, sólarvörn sem ver þig gegn skaðlegum geislum sólarinnar og eykur brúnkuna um 30%.
- Terracotta serum, jafnar húðlitinn ásamt því að örva framleiðslu litafrumna.
- Nýtt Super Aqua lotion, andlitsvatn sem gefur mikinn ljóma, raka og þéttir húðina.
- Nýtt og endurbætt Super Aqua serum, frægasta rakabomba í heimi.
- Nýjan varalit Shine Automatique, sem er mitt á milli þess að vera varalitur og gloss. Litirnir eru yndislegir og tærir. Shine Automatique er varalitur fyrir þær sem elska að vera ómótstæðilegar.

Glæsilegur kaupauki frá Guerlain fylgir með keyptum vörum*



*Gildir meðan brigðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð













# Hafnar ávirðingum ráðuneytisins alfarið

**Þorvarður Gunnarsson, forstjóri Deloitte, hafnar gagnrýni sjávarútvegsráðuneytisins á útreikninga um áhrif kvótafrumvarpa. Hann segir orð ráðuneytisins um fjárfestingar í óskyldum rekstri „bábilju“ og „orðaleppa“ með ólíkindum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hafnar öllum ávirðingum sem fram koma í greinargerð sjávarútvegsráðuneytisins um útreikninga fyrirtækisins á áhrifum frumvarpa um stjórn fiskveiða. Fyrirtækið ítrekar þá skoðun sína að frumvörpin um stjórn fiskveiða sem nú liggja fyrir Alþingi séu illa undirbúin og stórgölluð.

Sjávarútvegsráðuneytið sendi atvinnumálanefnd Alþingis greinargerð í gær. Þar er sett fram hörð gagnrýni þar sem meðal annars kemur fram að ekki sé á útreikningum Deloitte byggjandi við lagagerðina.

„Orðalepparnir í þessari greinargerð eru þannig að það vekur furðu að þetta komi frá ráðuneytinu,“ segir Þorvarður Gunnarsson, forstjóri Deloitte, sem segir plaggið „kostulega lesningu“ sem sé morandi af stafsetningarvillum sem sé til marks um gæði vinnunnar. Þorvarður tekur dæmi af þeirri fullyrðingu ráðuneytisins að umsagnir um frumvörpin byggi á greinargerð þeirra sem send var inn til nefndarinnar 23. apríl. Alls bárust 78 umsagnir en aðeins 19 þeirra bárust eftir að umsögn Deloitte var birt. „Af þeim 19 voru átta frá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra sem ég geri ekki ráð fyrir að hafi tekið mikið tillit til okkar útreikninga,“ segir Þorvarður. „Það er því fráleitt að segja að margar umsagnir til nefndarinnar hafi byggt á okkar niðurstöðum.“

Fernt nefnir Þorvarður helst sem Fréttablaðið fjallaði um í gær og vill skýra nánar.

Ráðuneytið segir Deloitte ofmeta fjárfestingarþörf um sjö milljarða króna með því að segja hana 30 prósent af EBITDA. „Þessi forsenda er fráleit og leiðir til villandi niðurstöðu,“ segir í greinargerðinni. Til að mynda sé fjárfestingarþörf árins 2010 áætluð þrátt fyrir að hún liggi þegar fyrir sem raunstærð.

Þorvarður segir að ráðuneytið gefi sér að afskriftir, eins og þær eru núna í bókum fyrirtækjanna, endurspegli fjárfestingarþörf greinarinnar. Árið 2010 hafi afskriftir verið tólf milljarðar en fyrirtækið telji hana vera 19 milljarða. „Við horfum til þess að verðlag hefur hækkað. Það er því fráleitt að segja að hægt sé að nota tölur um verðlag frá því fyrir hrun og segja að hægt sé að fjárfesta fyrir sömu krónutölu. Taktu bara Toyota Corolla sem dæmi. Hann kostaði 1,7 árið 2006 en 3,6 í dag. Þetta er 112% hækkun og það er ekkert öðruvísi með fjárfestingar í atvinnurekstri,“ segir Þorvarður sem bendir jafnframt á að fjárfestingar séu í sögulegu samhengi 30% af EBITDA, en hafa verið um 7% undanfarin ár vegna óvissu í greininni að sögn Þorvarðar. „Það er því glórulaust að vera að benda á fjárfestinguna 2009 og 2010 sem eðlilega.“

Þorvarður nefnir nýtt skip Ísfélagsins í Eyjum sem dæmi, Heimaey VE 1, sem átti að kosta 1,8 milljarða þegar skipið var pantað en kostar 3,5 milljarða við komuna heim.

Ráðuneytið gagnrýnir að Deloitte ofreikni vaxtagjöld útgerðarinnar og reikni með 6% vöxtum. Þorvarður segir að vaxtaálag bankanna hafi hækkað ár frá ári og í útreikningum Deloitte sé horft til framtíðar. „Fiskveiðistjórnunarkerfið á að gilda í áratugi og því gengur ekki að miða við stöðu vaxta á þeim tíma í fortíðinni þegar vextir og vaxtaálag voru í sögulegu lágmarki“, segir Þorvarður.

Ráðuneytið segir að ekki sé hægt að horfa til heildarskulda greinarinnar vegna þess að skuldir séu að hluta til komnar vegna óskyldrar starfsemi. „Þetta er klassísk bábilja sem hefur dunið á okkur um langan tíma. Þetta á ekki við nein rök að styðjast og við höfum sýnt fram á það, aftur og aftur. Svo höfum við bent á það að ekkert tillit er tekið til skulda vegna kaupa á aflaheimildum. Það þýðir ekki að berja höfðinu svona við steininn. Menn hafa keypt heimildir í samræmi við lög og reglur. Bókfærðar aflaheimildir eru yfir 200 milljarðar og það að taka ekki tillit til skulda vegna þessa er algjörlega fráleitt og þýðir að geta félaganna til að borga veiðigjald er stórlega ofmetin.“

svavar@frettabladid.is

> Orðalepparnir í þessari greinargerð eru þannig að það vekur furðu að þetta komi frá ráðuneytinu,
>
> ÞORVARÐUR GUNNARSSON, FORSTJÓRI DELOITTE



**Á VEIÐUM** Deilur ráðuneytisins og Deloitte eru til marks um það að ekkert þokast í átt að sátt eða niðurstöðu er varðar stjórn fiskveiða til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Harðorð greinargerð ráðuneytismanna

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær kemur fram í greinargerð sjávarútvegsráðuneytisins, sem atvinnuveganefnd bað sérstaklega um, að niðurstöður Deloitte séu ekki marktækar og á þeim verði ekki byggt. Segir í greinargerðinni að greining endurskoðunarfyrirtækisins byggist ekki á mati á afkomu og arðsemi veiða og vinnslu „en snýst um að haga bókhaldslegum stærðum með þeim hætti sem henta þyki“, eins og segir á einum stað, en greinargerðin er afar harðorð og gerðar eru athugasemdir í níu liðum við útreikninga Deloitte.

## Við erum enn þá á byrjunarreit

**Einar K. Guðfinnsson,** fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í atvinnuveganefnd, segir að athugasemdir sjávarútvegsráðuneytisins sýni „að við erum í rauninni í algjörum byrjunarreit í vinnu okkar. Það hafa verið haldnir 16 fundir í atvinnuveganefnd Alþingis og kallaðir til okkar fjölmargir gestir. Þessir fundir hafa verið mjög gagnlegir. En þrátt fyrir það er enn þá verið að deila um forsendur og þess háttar varðandi fiskveiðilagafrumvörpin sem hafa verið lögð fyrir Alþingi.“

Einar segir þetta til marks um að málið sé í hreinum ógöngum og það sé „að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni. Á meðan við deilum enn um forsendur, er ljóst að okkur miðar ekkert í efnislegri vinnu, sem þó þyrfti að eiga sér stað.“

Einar segir jafnframt að greinargerð ráðuneytisins hreki ekki þá gagnrýni sem Deloitte hefur sett fram.



## Umræðan bjöguð ef satt reynist

**Björn Valur Gíslason,** fulltrúi Vinstri grænna í atvinnuveganefnd, segir að greinargerð sjávarútvegsráðuneytisins um útreikninga Deloitte á áhrifum frumvarpa um stjórn fiskveiða eigi fullan rétt á sér og það sé sitt mat að útreikningar endurskoðunarfyrirtækisins séu settir fram með villandi hætti af ráðnum hug.

„Ég er þeirrar skoðunar, eftir að hafa fundað með þeim og séð þeirra umsagnir og gögn, að framsetning fyrirtækisins sé blekkjandi. Þetta er ekki síst alvarlegt í því ljósi að þeir sem hafa veitt umsögn byggja á röngum gögnum. Öll umfjöllunin um málið, byggð á þeim umsögnum, er því markleysa. Svo er hitt, að sjálfsögðu, að þá hlýtur þetta að vera stór áfellisdómur yfir endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte. Ég minni á stór orð um ábyrgð slíkra fyrirtækja í kjölfar hrunsins og að menn ætluðu ekki að brenna sig á þessu sama aftur.“


ÞÉR ER BOÐIÐ Á
FERÐAHÁTÍÐ
Fimmtudaginn 17. maí
í Lágmúla 4
ÓTRÚLEG TILBOÐ Í SÓLINA SEM AÐEINS ER HÆGT AÐ BÓKA ÞESSA HELGI
Lalli Töframaður skemmtir gestum og gangandi
BYLGJAN VERÐUR MEÐ BEINA ÚTSENDINGU FRÁ HÁTÍÐINNI
Sirkus Ísland með spennandi atriði
DJ ARNAR ÞEYTIR SKÍFUM AF MIKILLI SNILLD
Hoppukastali, grillpylsur og drykkir í boði
HAPPDRÆTTI
Ferð fyrir tvo til Almería!
GLÆSILEGIR VINNINGAR
Gamanið hefst klukkan 13.00
Hlökkum til að sjá þig!
MEÐ HVERRI FERÐ SEM BÓKUÐ ER ÞESSA HELGI VERÐUR KEYPTUR BLÁR NAGLI TIL STYRKTAR RANNSÓKNUM GEGN BLÖÐRUHÁLSKRABBAMEINI.
BLÁI NAGLINN
ÚRVAL-ÚTSÝN
Ný & Betri
VIÐSKIPTAFERÐIR ÚÚ
SUMARFERÐIR
plús FERÐIR
www.plusferdir.is
SS
BYLGJAN 989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**FRÉTTASKÝRING:** Umhverfismál




## Endurnýjanleg orka

*16%* af orkunýtingu heimsins koma úr endurnýjanlegum orkugjöfum

*8%* af orkunýtingu heimsins koma úr lífmassa

*4%* af eldsneyti í samgöngutæki koma úr endurnýjanlegum orkugjöfum

*50%* af nýrri orku í heiminum kemur úr endurnýjanlegum orkugjöfum

*30* milljarðar voru lagðir í endurnýjanlega orkugjafa 2003

*260* milljarðar voru lagðir í endurnýjanlega orkugjafa 2012

*2030* á hlutur endurnýjanlegra orkugjafa að hafa vaxið í 30%

*30* gígavött af sólarorku bætast við árlega

*2012* er ár endurnýjanlegra orkugjafa hjá Sameinuðu þjóðunum

# Loftslagsmál hefjast heima fyrir

**Orkunýting, endurnýjanlegir orkugjafar og samdráttur í útblæstri gróðurhúsalofttegunda eru lykillinn að loftslagsstefnu ESB. Blaðamaður Fréttablaðsins fór í heimsókn til Þýskalands og fékk að kynnast því sem þarlendir hyggja á í umhverfismálum, sem og alþjóðlegum væringum.**



**ÞÖKIN NÝTT** Við Potsdamerplatz í Berlín eru garðar á húsþökum þar sem regnvatni er safnað. Það er síðan hreinsað og notað í salernis- og kælikerfi húsanna. FRÉTTABLAÐIÐ/KÓP




Þú stígur úr flugvélinni og út á flugbrautina, flugvallarrútan bíður og haldið er af stað í flugstöðina. Bíddu er þetta ekki Berlín? Hátækniborgin og heimili alls sem er hipp og kúl? Flugstöðin er eins og aflóga álma á Reykjavíkurflugvelli. Hvað er verið að væla heima um nýja flugstöð, jæja smáatriði, smáatriði.

Skipuleggjendur prógramms um græna orku, orkusparnað og endurnýjanlega orkugjafa senda risastóran Benz til að sækja Herr Proppé á flugvöllinn og aka á hótelið. Úff, þetta er eins og í bíómynd, ég verð að þykjast vera mikilvægur. Upp með pappíra, byrja að skrifa, horfa íbygginn út í loftið. Er of mikið að rífa upp símann og öskra „sell, sell!“? Æ, ég nenni þessu ekki, niður með blöðin. Hvaðan kemur þú herra bílstjóri?

Berlín er vissulega hátækniborg og miðstöð hippsku og kúlsku. Alls staðar byggingakranar, alls staðar verið að sinna viðhaldi, byggja, bæta, breyta, hótelið sjálft aðeins sex daga gamalt, enda veit enginn hvar það er.

Þú gengur um götur Berlínar og sérð skil austurs og vesturs. Þrátt fyrir framkvæmdirnar og haug af nýtískulegum húsum gægist gamla Berlín enn fram. Ekki sú mörg hundruð ára, heldur þessi nokkurra áratuga; Austur-Berlín. En það gefur borginni bara skemmtilegra yfirbragð og sagan er við hvert fótmál. Ekki aðeins saga fursta og mikilmenna, heldur saga almennings, fólksins sem byggði borgina sem þú nú nýtur.

### Og hópurinn hittist

Einhvers staðar í skrifstofum þýska utanríkisráðuneytisins fæddist sú hugmynd að hrúga saman allra þjóða kvikindum til að ræða umhverfismál. Og einhver talaði við einhvern hjá Sameinuðu þjóðunum og viti menn; einhvers staðar eru til listar yfir fólk um gjörvalla veröld sem sýnt hefur áhuga á málaflokknum. Samningamaður um loftslagsmál frá Senegal, blaðamaður hjá ofurstílíseruðu blaði í Víetnam, sjónvarpskona frá Brasilíu, indverskur blaðamaður, portúgalskur, úkraínskur, ungverskur, kanadískur – úff þú munt aldrei læra að þekkja allt þetta fólk – og svo einn frá íslensku fríblaði.

„Við kunnum að skipuleggja,“ sagði fulltrúi utanríkisráðuneytisins. Og vissulega kunna Þjóðverjar að skipuleggja. Þeir eru raunar svo góðir í því og finnst svo gaman að því að þeir virðast ekki geta hætt. Dagskráin teygir sig frá níu á morgnana til tíu á kvöldin og hver stund er gjörnýtt. Þú nýtur kvöldverðar í Spree og hlustar á fyrirlestur um orkusparnað, glósar hjá þér og þarft að tjá þig um ástandið heima. Orkusparnaður? Hafa Íslendingar heyrt um það fyrirbæri? Úff, ég segi eitthvað sniðugt, það sleppur alltaf.

> Við hjá IRENA lítum á stórar vatnsaflsvirkjanir sem endurnýjanlega orkugjafa, en það gera það ekki allir. Þetta fer þó eftir því hve umfangsmikil umhverfisspjöll fylgja þeim.

Og aspasinn endalausi. Hver veitingastaður býður upp á sína súpu, enda er uppskerutími aspasins núna. Aspassúpa með kartöflurjóma, aspassúpa með reyktum laxi, aspassúpa, aspassúpa. Veit þetta fólk ekki hvaða áhrif þetta hefur á hlandlyktina? En góður er hann og dagskráin líka, þó löng sé.

### Umhverfisvitund á háu stigi

Sé allrar sanngirni gætt er prógramm fyrir erlenda gesti, með völdum fyrirlesurum og heimsóknum á staði sem vert þykir að flagga

## Endurnýjanlegir orkugjafar eru framtíðarlausnin

Þjóðverjar hafa sett fram metnaðarfulla áætlun um að loka öllum kjarnorkuverum sínum árið 2022. Líkt og sést á myndinni sjá þau landinu nú fyrir 18 prósentum af öllu rafmagni sem þar er nýtt. Á næsta ári taka nokkur ný kolaver til starfa, en þau eiga meðal annars að fylla upp í það gat sem kjarnorkan skilur eftir sig, og að auki leysa eldri og óskilvirkari kolaver af hólmi.

Vöxturinn á hins vegar að vera í endurnýjanlegum orkugjöfum. Þjóðverjar ætla sér að hafa dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 80% árið 2050, miðað við árið 1990, svo ljóst er að mikilla breytinga er þörf. Í dag hefur landinu tekist að draga úr útblæstri sem nemur 9%, miðað við 1990.

Þjóðverjar lögðu 406 milljónir króna í endurnýjanlega orkugjafa árin 2008 til 2011 og á síðustu fimm árum hafa störf í þeim geira tvöfaldast. Þar vinna nú tæplega 400.000 manns, fleiri en í bílaiðnaði Þjóðverja.






**ORKUSTOFNUN** Þýska orkustofnunin er einkafyrirtæki en að helmingi í eigu ríkisins. Flókið? Vissulega, en um samvinnuverkefni ríkisins og nokkurra banka er að ræða.

## Stórar vatnsaflsvirkjanir endurnýjanlegar?

Sameinuðu þjóðirnar hafa útnefnt 2012 ár endurnýjanlegrar orku fyrir alla. Á meðal þeirra stofnana og fyrirtækja sem vinna að útbreiðslu hennar er IRENA, en það stendur fyrir The International Renewable Energy Agency, eða Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orku. Aðalstöðvar hennar eru í Abu Dhabi, en í Bonn er að finna Nýsköpunar- og tæknimiðstöð stofnunarinnar sem er undir stjórn Dolfs Gieden.



DOLF GIEDEN

Alls hafa 158 lönd skuldbundið sig starfi IRENA, en aðildarþjóðirnar eru 93, þar með talið Ísland. Alls er hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun heimsins 16%, en stefnt er að því að auka hann í 30% árið 2030. Í tölunni 16% eru ekki taldar stórar vatnsaflsvirkjanir, þar sem nokkur deila er um hvort þær falli undir endurnýjanlega orkugjafa.

„Við hjá IRENA lítum á stórar vatnsaflsvirkjanir sem endurnýjanlega orkugjafa, en það gera það ekki allir. Þetta fer þó eftir því hve umfangsmikil umhverfisspjöll fylgja þeim. Séu þau of mikil teljast vatnsafsvirkjanirnar ekki endurnýjanlegur orkugjafi," segir Gieden.

Ljóst er að mikill vaxtarbroddur er í þessum geira og fjárfesting í honum hefur aukist frá 30 milljörðum árið 2003 í 260 milljarða árið 2011. Mismikið verkefni er fyrir höndum, en til að mynda er stefnt að því að helmingur allrar orku í Afríku komi úr endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2030. Það er ekki í fjarlægri framtíð, heldur eftir 18 ár.

vegna umhverfiseiginleika þeirra, ekki endilega besti mælikvarðinn á umhverfisvitund heillar þjóðar. Ekki frekar en heimsókn gesta á Hið íslenska reðasafn gefur endilega rétta mynd af áhuga Íslendinga á typpum. Og þó.

En rannsóknarblaðamönnum ber að rýna á bak við tjöldin og komast að hinu sanna og það skal gert. Verst að allur þessi aspas brenglar beittan huga.

Engu að síður er það staðreynd að umhverfisvitund Þjóðverja er mikil, enda hefur landið þurft að glíma við þá staðreynd að vera ekki sjálfu sér nægt um orku. Sorpflokkun er á svo háu stigi að við Potsdamer Platz er ruslið flokkað í 19 flokka. Pappírinn í sex.

Stjórnvöld standa einnig fyrir fjölmörgum verkefnum sem ýta undir þessa vitund og þar er orkunýting lykilorðið.

### 20-30/20/20 markmiðið

Leiðtogaráð Evrópusambandsins setti sér árið 2007 markmið um að árið 2020 verði búið að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 30%. Það er háð því að önnur lönd geri slíkt hið sama, en vilji þau ekki spila með ætlar ESB að draga úr útblæstrinum um 20%, miðað við árið 1990. Það ár á hlutur endurnýjanlegra orkugjafa að nema 20 prósentum og orkunýting á að hafa aukist um 20 prósent.

Orkunýting er ekki hugtak sem Íslendingar þekkja vel. Hér er hugarfarið enn þá að nóg sé af ódýrri orku og því þurfi ekki að spara. Við þurfum þó að fara að huga að þessum málum, því sem aðilar að EES-samningnum hafa þessar tilskipanir einnig áhrif á okkur.

Hvað Evrópusambandið varðar er orkunýting eitt af lykilstefnumálunum. Hins vegar er ljóst að ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða mun markmiðið aðeins nást til hálfs árið 2020.

### Ekkert sótspor

Þýsk stjórnvöld hafa staðið fyrir ýmsum átökum varðandi endurnýjun húsa með það að markmiði að spara orku, en 40 prósent af notendaþörf orkunnar er í byggingariðnaðinum. Í því skyni hafa þau sett sér það háleita markmið að byggingar í Þýskalandi skuli vera nánast hlutlausar í loftslagsmálum árið 2050. Að þær skilji ekki eftir sig neitt sótspor, frá þeim komi engar gróðurhúsalofttegundir.

Það þýðir að draga þarf úr hitaþörfinni um 20% árið 2020 og frumorkuþörfinni um 80% árið 2050.

Stjórnvöld bjóða upp á styrki til endurnýjunar, og í DENA, Deutsche Energie-Agentur GmbH (Orkustofnun Þýskalands), sem er fyrirtæki í eigu stjórnvalda og nokkurra banka, er hægt að sækja um aðstoð, styrki og hagstæð lán.

Mjög algengt er að fólk komi sér upp sólarrafhlöðum, en betri einangrun og þétting glugga eru þó algengust.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


**Á MORGUN:** Sjálfbæra þorpið Feldheim





Þegar þú semur við Íslandsbanka um að greiða niður yfirdráttinn lækkum við vextina. Þannig lækkar vaxtakostnaður svo um munar.

**Þetta er einhver besti sparnaður sem völ er á.**

Dæmi:

Ef þú greiðir 360.000 kr. yfirdrátt niður um 15 þúsund kr. á mánuði í 24 mánuði þá sparar þú 51.023 kr. í vaxtakostnað.*

Þú færð nánari upplýsingar á islandsbanki.is og hjá ráðgjafa í þínu útibúi.

*Miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 11,8% (Gullvild) í 9,05% (þrepalækkun) skv. vaxtatöflu 1. maí.
Lægri vaxtaprósenta skilar 10.312 kr. lækkun og lækkandi yfirdráttur 40.711 kr. – samtals 51.023 kr.




Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

**97,1** **MILLJARÐUR KRÓNA** var mismunur útflutnings og innflutnings vara á árinu 2011.

# Stýrivextir Seðlabankans hækkaðir á ný

**Vextir Seðlabanka Íslands voru í gær hækkaðir um 0,5 prósentustig. Yfirlýsing peningastefnunefndar bendir til þess að frekari hækkanir séu á næsta leiti. Í nýrri hagspá bankans er spáð hærri verðbólgu og ívið meiri hagvexti en áður.**

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnti í gær þá ákvörðun sína að hækka vexti bankans um 0,5 prósentustig. Þá kynnti bankinn nýja hagspá sem gerir ráð fyrir talsvert meiri verðbólgu og ívið meiri hagvexti á næstu misserum en fyrri spá bankans. Vikið er að hvoru tveggja í rökstuðningi nefndarinnar fyrir vaxtahækkuninni.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar segir að verðbólguhorfur hafi versnað frá síðustu vaxtaákvörðun í febrúar, að nokkru leyti vegna veikingar gengis krónunnar. Nefndin ítrekaði að eftir því sem efnahagsbatanum vindi fram verði nauðsynlegt að halda áfram að draga úr slaka peningastefnunnar. Þá mátti greina harðari tón en áður í yfirlýsingunni þar sem segir að lokum að dragi ekki úr verðbólgu á næstu mánuðum verði að óbreyttu ekki komist hjá frekari hækkun nafnvaxta.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar var í takti við spár greiningaraðila sem höfðu reiknað með 0,25 til 0,5 prósentustiga hækkun. Ávöxtunarkrafa allra óverðtryggðra skuldabréfaflokka hækkaði þó á mörkuðum í gær sem bendir til þess að markaðsaðilar hafi talið nokkrar líkur á 0,25 prósentustiga hækkun eða að harðari tónn nefndarinnar hafi aukið væntingar um frekari hækkanir.

Samhliða kynningu á vaxtaákvörðuninni gaf Seðlabankinn út nýtt eintak Peningamála. Þar kemur fram að þrátt fyrir nafnvaxtahækkun tvisvar á árinu hafi raunvextir bankans lækkað frá áramótum.

Í Peningamálum er einnig birt ný hagspá bankans. Þar er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,6% á þessu ári og svipuðum vexti 2013 og 2014. Er það lítillega hærri spá en bankinn kynnti í febrúar. Sem fyrr telur bankinn að aukin fjárfesting verði helsti aflvaki hagvaxtar á næstu misserum en framlag einkaneyslu er einnig nokkurt. Telur bankinn að fjárfesting aukist um 12,4 prósent á þessu ári og einkaneysla um 3,2 prósent.

Seðlabankinn metur horfur um atvinnuleysi svipaðar og í síðustu hagspá. Áætlað er að það verði 6,3 prósent að meðaltali á þessu ári en verði komið niður í 4,9 próesnt að meðaltali árið 2014. magnusl@frettabladid.is

## Hagstjórnarmistök?

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, spurði Má Guðmundsson seðlabankastjóra á kynningarfundi bankans í gær hvort sú háa, almenna verðbólga sem nú sjáist endurspegli að bankinn hafi gert mistök með því að hækka vexti of hægt. Már svaraði að sagan myndi leiða í ljós hvort orðið hefðu hagstjórnarmistök og bætti síðar við að það væri í það minnsta ljóst í ljósi nýrrar ákvörðunar peningastefnunefndarinnar að vextir hefðu verið of lágir upp á síðkastið.



**ÞÓRARINN OG MÁR** Aðalhagfræðingur Seðlabankans og seðlabankastjóri kynntu hagspá bankans og ákvörðun peningastefnunefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Óttast útgjaldaáform á kosningaári

Í nýjustu Peningamálum Seðlabankans er varað við því að slakað verði á aðhaldi í ríkisfjármálum. Þar segir að miðað við nýjustu áætlanir náist jöfnuður í ríkisrekstri nokkru seinna en gert hafi verið ráð fyrir í fyrri áætlun. Þá sé vaxandi þrýstingur á ný útgjaldaáform sem hætt sé við að aukist enn eftir því sem nær dregur þingkosningum á næsta ári. Þá segir í ritinu: „Svigrúm stjórnvalda er hins vegar afar lítið enda hið opinbera mjög skuldsett. Sakir hafta á fjármagnshreyfingar býr hið opinbera við lægri vexti en skuldsetning þess gæfi gefið tilefni til. Þegar höftin verða afnumin hverfur þetta skjól. Því er afar mikilvægt að það verði nýtt til að draga úr lánsfjárþörf.“

Stýrivaxtahækkun hefur bein áhrif á afborganir:

# Óverðtryggðir vextir húsnæðislána hækka

Arion banki hækkaði í gær fasta vexti á óverðtryggðum lánum, sem hann býður, um 0,5 prósent í 7,5 prósent. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum er hækkunin bein afleiðing þess að stýrivextir Seðlabanka Íslands voru hækkaðir um jafn marga punkta. Þegar Seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína um 0,25 prósent í mars þá hækkuðu allir bankar sem bjóða upp á fasta vexti á óverðtryggðum lánum í samræmi við þá hækkun. Auk Arion banka eru það Landsbankinn og Íslandsbanki.

Vaxtahækkun Seðlabankans mun auk þess hafa samstundis áhrif á mánaðarlegar greiðslur óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum. Landsbankinn, Íslandsbanki og MP banki bjóða upp á slík lán. Ákvarðanir um vaxtabreytingar á þeim eru meðal annars teknar með hliðsjón af vaxtaákvörðun Seðlabankans.

Fjármálaeftirlitið (FME) birti í fyrradag samantekt sem sýndi hversu hratt greiðslur óverðtryggðra lána geta hækkað. Með því vildi eftirlitið vekja athygli neytenda á næmi greiðslubyrði slíkra lána, sérstaklega í kjölfar stýrivaxtahækkana. Í samantektinni er vakin athygli á því að á síðastliðnum 18 árum hafi stýrivextir verið á bilinu 4,25 til 18 prósent. Bankinn hafi á tímabilinu „hafið hækkunarferli sem staðið hefur frá þremur mánuðum upp í rúm fjögur ár, en hækkunarferli er skilgreint sem tvær eða fleiri hækkanir í röð“. - þsj








Kræktu þér
í kerru!
Án endurgjalds í 2 tíma!
Nú getur þú líka séð um að koma
stóru flötu pökkunum heim
- þér að kostnaðarlausu.
Fáðu frekari upplýsingar á IKEA.is
Komast allar IKEA vörurnar í bílinn?
Kræktu þér
í kerru!
Án endurgjalds í 2 tíma!
IKEA
IKEA
Opið í dag
uppstigningardag
11-20
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# iPod verðlækkun

**15%**
kynningarafsláttur
af öllum Skull Candy
heyrnartólum til 1. júní




## iPod shuffle
**Verð: 9.990.-**

**Verð áður: 12.990.-**

Geymir allt að 1000 lög
5 litir

## iPod nano
**Verð frá: 34.990.-**

**Verð áður frá: 35.990.-**

Geymir allt að 4000 lög
FM útvarp
7 litir

## iPod classic
**Verð: 49.990.-**

**Verð áður: 64.990.-**

Geymir allt að 40.000 lög
2 litir

## iPod Touch
**Verð frá: 39.990.-**

**Verð áður frá: 55.990.-**

HD myndupptaka, tónlist,
netvafri, tölvupóstur,
leikjatölva
2 litir

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# iMac

## ein með öllu



Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús

**Verð frá: 249.990.-**

epli.is

**Laugavegi 182**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru auglýsingar tilræði við umræðuna?

## Óttinn við upplýsingar

Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, skrifaði grein hér í blaðið fyrr í vikunni og skammaðist út í auglýsingaherferð hagsmunaaðila í sjávarútvegi vegna kvótafrumvarpa ríkisstjórnarinnar.

„Uppistaðan í skilaboðum útgerðarmanna til þjóðarinnar eru órökstuddar fullyrðingar, illa dulbúnar hótanir og tilfinningaklám af ömurlegustu sort,“ skrifar Þórunn. „Rökræðan krefst þess að málefnið sé skoðað frá öllum hliðum og leyfir ekki þöggun eða ofríki af neinu tagi. Auglýsingaherferð útgerðarmanna er að þessu leyti lítið annað en tilræði við frjálsa rökræðu í lýðræðissamfélagi.“

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þessi málflutningur er endurómur af annarri ræðu, sem er líka vinsæl þessa dagana, um að upplýsingamiðlun á vegum Evrópusambandsins, til almennings í ríki sem sótt hefur um aðild að sambandinu, jaðri við landráð. Ásmundur Einar Daðason þingmaður skrifaði á vef sinn um daginn: „Í lýðræðisþjóðfélagi eru pólitísk álitamál rædd í opinni frjálsri umræðu. Til að umræðan sé frjáls þarf að gæta að jafnræðissjónarmiðum [...] Evrópustofa skekkir í grundvallaratriðum lýðræðislega umræðu á Íslandi.“

Auglýsinga- og kynningarherferðir eru aðeins ein leið til að koma sjónarmiðum og upplýsingum á framfæri í hinni lýðræðislegu umræðu. Almenningur sækir sér upplýsingar eftir ótalmörgum öðrum leiðum. Svo við tökum bara þessi tvö dæmi er enginn hörgull á sjónarmiðum og röksemdum gegn hvort heldur er Evrópusambandsaðild Íslands og ESB sem slíku eða þeirri skoðun að bezt sé að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu sem minnst. Það er þess vegna fráleitt að kalla það „þöggun eða ofríki“ eða tilræði við lýðræðislega umræðu þegar einhverjir nota auglýsingar til að koma sjónarmiðum og upplýsingum á framfæri.

Það er vissulega sjónarmið að auglýsingar eru dýr leið til upplýsingamiðlunar og þeir sem hafa úr miklum peningum að spila geta fremur nýtt hana en aðrir. Hins vegar er það nú svo að gagnrýnendur dýrra auglýsingaherferða, þar sem þjóðfélagsmál koma við sögu, láta yfirleitt í sér heyra þegar þeir eru ósammála sjónarmiðunum sem eru auglýst en þegja þegar þeir eru sammála.

Auglýsingar af þessu tagi eru einfaldlega hluti af lýðræðislegri umræðu. Ekkert bendir til að sá sem auglýsir mikið hafi endilega sitt fram. Frambjóðendur og flokkar sem mest auglýsa fyrir kosningar fá ekki alltaf mest fylgi. VR, stærsta stéttarfélag landsins, hefur reglulega efnt til áberandi auglýsingaherferða í þágu launajafnréttis kynjanna, í krafti sterkrar fjárhagsstöðu félagsins. Árangurinn af þeim herferðum er að minnsta kosti mjög lengi að skila sér.

Þórunn, Ásmundur Einar og allir hinir sem hafa allt á hornum sér yfir kynningar- og auglýsingaherferðum ættu fremur að svara rangfærslum sem þau telja sig sjá, færa fram gagnrök og rökstyðja vel eigin málstað – og til þess hafa þau margar leiðir – en að amast við þessum þætti í lýðræðislegri umræðu. Það er engin ástæða til að óttast upplýsingar, ekki heldur þótt þær séu settar fram í auglýsingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mikið

Margir hafa velt fyrir sér þróun íbúafjölda á Austurlandi eftir að stóriðjuframkvæmdir hófust þar fyrir áratug. Meðal hinna forvitnu eru forsvarsmenn Alcoa og Landsvirkjunar, sem létu sér þó ekki nægja að hugsa um málið heldur gerðu það sem þeir eru þekktir fyrir og framkvæmdu. Ráðist var í rannsókn undir hatti svokallaðs sjálfbærniverkefnis og niðurstaðan var merkileg. Íbúum á svæðinu hafði fjölgað úr ríflega sjö þúsund manns í rúm níu þúsund, eða um nærri þriðjung prósent!

### Minna

Glöggur blaðamaður á Austurgluggganum var ekki sannfærður og ákvað því að kanna málið sjálfur. Hann fór á vef Hagstofunnar og lagði saman tölur. Niðurstaðan var sú að tölur Alcoa og Landsvirkjunar stæðust ekki, og skýringin að þar á bæ hefðu menn tvítalið alla íbúa sveitarfélaga sem síðan hafa verið sameinuð í önnur stærri. Fjölgunin hafi því ekki verið nema um fimmtán prósent. Nú er bara að krossleggja fingur og vona að aðrir útreikningar stóriðjuspekinganna séu ekki sama marki brenndir.

### Misskilningur

Jón Magnússon, fyrrverandi þingmaður, telur Íslendinga allt of góða við þá sem hann kallar „ólöglega innflytjendur“. Þeir fái dagpeninga frá ríkinu og hafi það langtum betra en aldraðir Íslendingar og öryrkjar. Þetta er býsna villandi orðfæri hjá Jóni. Ólöglegir innflytjendur eru þeir sem búa í þjóðfélögum án vitundar yfirvalda, vinna þar svart og þiggja, eðli málsins samkvæmt, engar sporslur frá hinu opinbera. Þetta á ekki við um hælisleitendur og flóttamenn sem við reynum að koma til móts við í samræmi við alþjóðasamninga og almenna siðferðiskennd. Þetta er heldur meinlegur misskilningur hjá lögmanni, nema hann hafi misskilið málið viljandi. stigur@frettabladid.is



HALLDÓR




## Leitin að samræðugeninu

Málþing



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Eitt stærsta hlutverk stjórnmálanna er að viðhalda samræðu á milli þriggja mikilvægra þátta samfélagsins; stjórnsýslunnar, sérfræðinga og almennings. Með því að halda þessu jafnvægi má tryggja að opinber stefnumótun byggi á ólíkum sjónarmiðum og þar með tryggja lýðræðislegan framgang samfélagsins.

Hér á landi hefur oft skort á þetta samspil samfélagsþáttanna þriggja, svo mjög að sumir vilja meina að samræðugenið sé víkjandi arfgerð hjá Íslendingum.

Fyrr í vikunni boðaði umhverfisráðuneytið til málþings um erfðabreytta ræktun. Þetta er mjög umdeildur málaflokkur, þar sem ótal álitamál eru fyrir hendi – ekki aðeins hvað varðar vísindin, heldur ekki síður líffræðilega fjölbreytni, sambúð við aðra ræktun og ýmis siðferðileg álitamál. Í þessum málaflokki hefur skort heildstæða stefnumörkun, sem ég tel þurfi að bregðast við í ljósi hraðrar þróunar á undanförnum árum.

Erfðabreytt ræktun er gott dæmi um málaflokk þar sem samræða ólíkra hópa hefur ekki verið eins og best verður á kosið – hún hefur skipst í andstæðupóla, sem illa gengur að brúa á milli. En á sama tíma er þetta einn af þeim málaflokkum þar sem samræðan er hvað mikilvægust. Málþingið var hugsað sem fyrsta skrefið í að byggja brýr á milli pólanna, en tókst ekki sem skyldi.

Þegar upp var staðið reyndumst við hafa skipulagt málþing, þar sem sérfræðingar og fulltrúar stjórnsýslu áttu sviðið – en sjónarmið almennings áttu ekki fulltrúa meðal frummælenda. Jafnframt reyndist á köflum af lítið gert úr afstöðu þeirra sem setja spurningarmerki við ýmsa þætti erfðabreyttrar ræktunar. Í kjölfarið hefur hluti umfjöllunarinnar verið gagnrýndur fyrir að umgangast andstæðar skoðanir ekki af nægjanlegri virðingu – og þar með gera þeim sem ekki aðhyllast sömu sterku vísindahyggjuna erfiðara að taka þátt í samræðunni.

Umhverfisráðuneytið leit alltaf á málþingið sem fyrsta skrefið í að móta ítarlega stefnu hér á landi um erfðabreytta ræktun.

Við höldum ótrauð í það ferðalag, þó ekki hafi tekist nógu vel við fyrsta skrefið. Vonandi finnum við samræðugenið á leiðinni, svo okkur auðnist að gera ólíkum sjónarmiðum jafnhátt undir höfði við þá stefnumótun.

# Útlendingarnir ógurlegu

Í DAG



Jón Ormur Halldórsson
dósent

Allir hafa lent í einhverjum vandræðum með nágranna sína. Lengi var saga hvers lands líka kennd þannig heima fyrir að jarðarbúar virtust eiga það helst sameiginlegt að vera óheppnir með nágranna. Þær þjóðir eru auðvitað til sem hafa lengi mátt þola skelfingar vegna yfirgangs annarra. Eins og t.d. Pólverjar, Kóreumenn, Armenar og miklu fleiri í flestum álfum. Dæmin eru mörg úr sögunni og nokkur úr nútíðinni. Það nægir að minna á Palestínu.

**Verri landar**
Þjóðirnar sem hafa liðið og líða enn fyrir yfirgang og spillingu innlendra valdastétta eru þó öllu fleiri. Það sýnir raunar ákveðnar framfarir í heiminum að útlendingum verður sífellt sjaldnar með haldbærum rökum kennt um ófarir þjóða. Frá því eru þó auðvitað til undantekningar. Það eru líka merkilegar framfarir að sögukennsla, sem er lykilatriði í þroska þjóða, hefur víða um heim þróast frá endursögn á barnalegum mýtum um hið hreina og þjóðlega í heimi árásargjarnra útlendinga yfir í raunverulega athugun á vegferð þjóða sem leiðir allt annað í ljós. Það er nóg af dæmum um vonda sögukennslu en alþjóðleg þróun að þessu leyti virðist almennt stefna frá forheimskun til einhvers skilnings.

**Fórnarlömb**
Útlendingar eru hins vegar mjög freistandi sem óvinir þegar illa gengur og menn þurfa á óvinum að halda í sinni orðræðu. Ein fyrsta greiningin á íslenska efnahagshruninu sem rataði á bók hét til dæmis „Umsátrið um Ísland". Maður, líttu þér nær, var einhvern tíma sagt. Sama hugtakið, umsátur um Ísland, hafði raunar verið notað af Samtökum atvinnulífsins fyrir hrun af því tilefni að útlendir bankamenn voru farnir að draga úr lánum til íslenskra banka. Hik við að afhenda hinum sterku og snjöllu íslensku bönkum meiri peninga var þannig umsátur útlendinga. Um tíma, eftir hrun, urðu frændur okkar á Norðurlöndum líka að svikurum í sumra hugum þótt sú ansi langsótta skýring á óförum Íslands hafi varla náð miklu fylgi hjá íslenskum almenningi.

**Umsátrið um Grikkland**
Nú sjáum við svipað í Grikklandi þar sem Þjóðverjum og öðrum lánveitendum landsins er kennt um ófarir Grikkja eftir áratuga óstjórn og spillingu þar í landi. Merkel var sýnd í nasistabúningi með Hitlersskegg á forsíðu grískra götublaða eftir að hún benti á að Grikkir yrðu að hætta að lifa á útlendu lánsfé. Það er raunar margt sem bendir til þess að stór hluti almennings í Grikklandi kaupi alls ekki kenningar um alþjóðlegt samsæri gegn landinu sem þarlendir þátttakendur í stjórnmálum halda á lofti. Grikkir hafa sinn djöful að draga með skilning á eigin sögu en flestir þeirra líta sér þó líklega nær og vita að með langvarandi spillingu grískra stjórnmálaflokka, óstjórn og ábyrgðarleysi hlaut svo að fara sem fór.

**Hagsmunir**
Vinsældir kenninga um að útlendingar sitji á svikráðum við heimamenn stafa kannski af þeirri einföldu ástæðu að stjórnmálamenn víða um lönd hafa stórkostlegan hag af því að kenna útlendingum um alls kyns vandræði. Þetta á sérstaklega við um stjórnmálaöfl sem sjálf bera ábyrgð á því hvernig komið er. Það væri ekki klókt fyrir óvinsæla stjórnmálaflokka að kenna kjósendum um öll vandræðin. En þá er heldur ekki öðrum til að dreifa en útlendingum eða í besta falli óheiðarlegum bankamönnum. Eða þá að axla ábyrgð, skoða sín verk og viðurkenna sök en það virðist ekki vinsæl leið. Margir kjósenda sjá hins vegar í gegnum þetta og sums staðar á Vesturlöndum hefur traustið á stjórnmálaflokkum gersamlega hrunið.

**Ofmæld andúð?**
Þótt það sé greinilega í tísku að kenna útlendingum um yfirstandandi vandræði er þannig ekki víst að þetta nái eins vel til almennings og oft er talið. Marie Le Pen fékk nær 18% atkvæða í Frakklandi. Það er ekki meira en pabbi hennar fékk í góðæri. Dóttirin er heldur ekki eins hatrömm í garð útlendinga og faðirinn. Þeir sem kusu hana völdu margir á milli hennar og frambjóðanda kommúnista. Þetta var mikið til atvinnulaust fólk og ellilífeyrisþegar sem af eðlilegum ástæðum óttast um eigin afkomu en hafa ekki endilega miklar skoðanir á útlendingum. Í Hollandi hefur útlendingahatarinn Wilders að undanförnu rætt lífeyrismál frekar en vonsku útlendinga enda fiskast nú betur á þeim miðum. Í Þýskalandi fá efasemdamenn um alþjóðahyggju lítið sem ekkert fylgi. Andúð Grikkja á útlendingum er heldur ekki meiri en svo að 80% þeirra vilja bæði evruna og ESB.

> Útlendingar eru hins vegar mjög freistandi sem óvinir þegar illa gengur …

**Algeng saga**
Gömul og ný saga Íslands sýnir vel að oftast nær hefur helsta ógnin við velferð þjóðarinnar, að veðurfari slepptu, verið styrkur sértækra innlendra hagsmuna frekar en útlend ásælni. Þessi staðhæfing er auðvitað þvert á gamla söguskoðun sem byggði á þeirri sannfæringu að mest af okkar óláni hafi stafað af yfirgangi útlendinga. Sú skoðun er lífseig þótt sögulegar staðreyndir séu henni yfirleitt andsnúnar. Þetta er svipað með nálægar þjóðir sem flestar hafa líka vaxið upp úr hlutverki fórnarlambsins. Margar þeirra hafa rofið ofríki innlendra hagsmunahópa og heimalinna stjórnmálamanna með því að opna fyrir alþjóðlegt samstarf og samkeppni.

# Ekki meira málþóf

Stjórnmál



Hanna G. Kristinsdóttir
sjúkraliði, verslunarstarfsmaður og kjósandi

Á næstu dögum kemur í ljós hvort Alþingi leggur nýja stjórnarskrá stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæðagreiðslu í haust.

Málið varð málþófi að bráð fyrir páska og því síðustu forvöð að þjóðin fái að segja sína skoðun. Sem kjósandi og áhugamaður um bætta stjórnarhætti tel ég ólíðandi að nokkrar þingmannshræður geti haldið þessu hlaðborði frá þjóðinni með málæði einu saman.

Álit landsmanna skiptir hér sköpum og andspyrna þingmanna er forkastanleg, sérstaklega í ljósi þess að þinginu hefur ekki tekist áratugum saman að semja nýja stjórnarskrá.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá klárar þann lýðræðislega feril sem hófst með þjóðfundi 2010, vinnu stjórnlaganefndar og loks stjórnlagaráðs.

Hún knýr fram þjóðarvilja sem ber að virða. Alþingi ber að hefja sig upp úr farvegi flokkadrátta og lenda þessu máli eins og virðingu þess sæmir. Annað er okkur kjósendum ekki boðlegt.



Tölvubúnaður fyrirtækisins á okkar ábyrgð



Okkar ábyrgð

5 ár varahluta ábyrgð
3 ár vinnu ábyrgð
24/7

www.advania.is/abyrgd

Fartölvur, borðtölvur og netþjónar með fimm ára ábyrgð.

Kynntu þér málið
www.advania.is/tolvubunadur

DELL | advania Welcome to IT

# Hótel Godzilla

Skipulagsmál

**Páll Óskar**
tónlistarmaður



Nasa mun hætta starfsemi sinni 1. júní næstkomandi. Sá vondi draumur er að verða að veruleika. Húseigandinn hefur rift leigusamningi sínum við Ingu á Nasa, en hún hefur staðið vaktina með glæsibrag í rúmlega tíu ár. Inga er ekki á kúpunni og skuldar ekki nokkrum manni krónu. Hún hefur alltaf borgað leiguna fyrst, svo starfsfólki sínu, og látið svo sjálfa sig mæta afgangi. Hún á þakkir og virðingu skilda fyrir sitt starf.

Hvað verður um bygginguna sjálfa, innviði hennar og rekstur verður ákveðið síðar af borgaryfirvöldum og húseigandanum. Mikið væri nú gaman að fara að heyra í þeim hljóðið, vegna þess að sú ákvörðun verður óafturkræf. Þann 30. júní verður almenningi sýnd tillaga að hótelbyggingu sem ráðgert er að rísi á þessum reit við Ingólfstorg.

Tillagan verður kynnt sem sigurvegari hönnunarsamkeppni. Keppnin er á vegum borgarinnar í samvinnu við hús- og lóðareigandann, sem einnig kostar hana til helminga og situr í dómnefndinni. Einn og sami maðurinn á nefnilega þetta allt, Landsímahúsið, Nasa og öll þau timburhús sem liggja að Vallarstræti. Þar að auki á hann City Center Hótel við Austurstræti 6. Þessi maður heitir Pétur Þór Sigurðsson.

Reykjavíkurborg og Alþingi hafa lagt mikið fé í uppbyggingu kringum sögulegar minjar í næsta nágrenni Ingólfstorgs. Tilfellið er, að svæðið tilheyrir einu mikilvægasta sögusviði þjóðarinnar. Hér er upphaf landnáms að finna, upphaf Reykjavíkur sem iðnaðarbæjar og upphaf nútímaborgar. Er slíkur reitur einkamál Péturs Þórs Sigurðssonar? Ætti svona reitur ekki að vera almenningseign?

Sú hugmynd að reisa hótel á reitnum er að mínu mati ávísun á eitt mesta og ömurlegasta umhverfis- og menningarslys í sögu Reykjavíkur. Hér er verið að fara eftir deiliskipulagi frá níunda áratugnum, sem ákveðið var í borgarstjóratíð Davíðs Oddssonar. Síðan hafa aðstæður breyst á þessum reit. Alvara málsins felst í eftirfarandi: Elstu götum Reykjavíkur yrði sýnd mikil vanvirðing með risahóteli meðal timburhúsa, gullið tækifæri um eina timburhúsatorgið á Íslandi færi forgörðum, umferð og aðkoma að hótelinu yrði í ólestri, skuggavarp á Ingólfstorg ykist og Nasa hyrfi. Það vantar ekki fleiri hótel í miðbæinn og það er ekkert að fara að koma í staðinn fyrir Nasa. Nákvæmlega ekki neitt.

Af fenginni 20 ára reynslu í að troða upp úti um allt land, veit ég að Nasa hefur algera sérstöðu sem tónleikastaður. Sú sérstaða felst í því að allt passar þarna inn. Rokk, popp, diskó, jazz, tilraunatónlist. Tökum dæmi. Einn daginn heldur hljómsveitin HAM sveitta rokktónleika. Daginn eftir mæti ég sjálfur á svæðið með blöðrurnar mínar og keyri glamúr diskótek alla nóttina. Ég er ekki á leiðinni með Eurovision- eða Gay Pride-böllin mín í Hörpu. Þar heldur maður tónleika fyrir sitjandi áhorfendur. Ekki dansiböll.

Jazztónleikar hafa verið haldnir á Nasa, fyrir sitjandi áhorfendur við dúkuð borð og kertaljós. Skólaböll eru ávallt á virkum dögum. Mörg nemendafélög hafa núna þungar áhyggjur af hvar þau eigi að halda skólaböllin sín. Margir hafa upplifað magnaða tónleika með listamönnum eins og GusGus, Mugison, Emilíönu Torrini, Sálinni, Diktu, Of Monsters and Men, svo ég nefni einhver nöfn sem ég hef persónulega séð spila þarna inni. Og ekki gleyma Airwaves-tónlistarhátíðinni sem skilaði 700 milljónum króna í ríkiskassann árið 2011.

Ég er bara að nefna augljósustu dæmin um nýtingu Nasa. Nasa er ekki skemmtistaður, eins og svo margir halda. Nasa er ekki búlla sem lyktar af bjór. Nasa ilmar af sápulykt. Nasa er tónleika- og viðburðastaður. Alveg eins og Harpa.

Hótel á þessum reit myndi gnæfa yfir timburhúsunum sem standa við Ingólfstorg eins og Hótel Godzilla. Hótelvæðing höfuðborgarinnar er farin að minna á pítsu- og vídeóleiguæðið á síðasta áratug 20. aldarinnar. Núna ætla allir að græða á túristum. Við þurfum ekki fleiri hótel í miðbæ Reykjavíkur. Við þurfum miðborg handa okkur sjálfum.

Hótel Godzilla á eftir að hafa sín áhrif á aðgengi við Austurvöll, þar með talið Alþingi. Almenningur safnast saman á Austurvelli á góðviðrisdögum. Ekki Hlemmi. Austurvöllur er okkar Ráðhústorg, Times Square og Trafalgar Square. Það er sárt að gróðavon eins manns sé hafin yfir hagsmuni allra borgarbúa.

Kæru borgarfulltrúar. Er það ekki rétt, að samkvæmt Feneyjasamþykkt, sem unnið er samkvæmt alls staðar í Evrópu, má ekki raska friðhelgi friðaðra húsa? Samkvæmt þessu á að taka tillit til friðaðra húsa í öllu skipulagi og uppbyggingu og það eru tvö friðuð hús þarna við hliðina á þessu fyrirhugaða hóteli.

Jón Gnarr borgarstjóri sagðist í Kastljóssviðtali ekki hafa heyrt neina brilliant hugmynd um úrlausn á þessum reit. En hún er víst til. Og hér kemur hún:

Ég tel að besta lausnin á þessum reit sé að leyfa Nasa að standa og halda starfsemi þess áfram. Ríki og borg eiga að kaupa þetta húsnæði og tryggja áframhaldandi lista- og menningarstarfsemi þar inni. Húsafriðunarnefnd á að friða þetta hús að innan sem utan. Restin af gamla Landsímahúsinu, sem má svo sannarlega flikka upp á og gera fallegra, verði svo notuð undir skrifstofur Alþingis. Mér skilst að þar sárvanti húsnæði. Ég skora því á Alþingi að kaupa gömlu símahúsin. Almennum skrifstofutíma lýkur á sama tíma og hljóðprufur hefjast inni á Nasa. Enginn mun trufla neinn. Borgin getur svo látið Pétur Þór Sigurðsson hafa aðra lóð undir hótelið sem hann dreymir um að byggja til að komast hjá bótakröfum.

Hvernig líst ykkur á þessa hugmynd, elsku borgarstjórnarmeirihluti, minnihluti og húseigandi? Mér þætti mjög vænt um að fá einhver svör, því að ég sendi ykkur bréf þar sem framangreint og meira kemur fram hinn 16. apríl sl. og það má ekki þegja þetta mál í hel.

*Kær kveðja,*
*gaurinn sem hélt að þetta myndi aldrei gerast á vakt Besta flokksins.*

Hótel á þessum reit myndi gnæfa yfir timburhúsunum sem standa við Ingólfstorg eins og Hótel Godzilla. Hótelvæðing höfuðborgarinnar er farin að minna á pítsu- og vídeóleiguæðið á síðasta áratug 20. aldarinnar.

# Til kjósenda

Skipulagsmál

**Heiða Kristín Helgadóttir**
framkvæmdastjóri Besta flokksins og tónlistarunnandi



Fulltrúar Besta flokksins buðu sig ekki fram til borgarstjórnar til þess að standa vörð um persónulega hagsmuni sína eða félaga sinna. Í grein Davíðs Roach Gunnarssonar í Fréttablaðinu eru fulltrúar flokksins sakaðir um að hafa ekki „lyft litla fingri, hvað þá hendi, til að koma í veg fyrir þetta niðurrif á tónleikamenningu landsins“ með því að koma ekki í veg fyrir væntanlega lokun Nasa. Mér þykja þessar ásakanir mjög sorglegar og kristalla mjög hættulegt heilkenni í íslenskri stjórnmálamenningu. Þá á ég við þá hugsun að þegar þinn flokkur eða þínir líkar komast að kjötkötlunum, þá sértu hólpinn og ekkert slæmt geti þá hent þig. En lífið er ekki þannig og á ekki að vera þannig. Borgir breytast og þróast. Miðaldra menn segja mér að einu sinni hafi verið skemmtistaður í Topshop húsinu við Lækjargötu sem hafi heitið Tunglið. Þessi staður og fleiri eru horfnir en samt stendur tónlistarlíf í borginni í sögulegum blóma. Merkilegt.

Nasa er fínt hús sem ég hef oft farið í til að horfa á vini mína, bæði í Besta flokknum og utan hans, fremja magnaða list.

En Nasa er hús í einkaeigu. Eigandi hússins hefur þar af leiðandi ríkan rétt til þess að ráðstafa þessari eign sinni. Eigandi hefur í samvinnu við skipulagsyfirvöld í Reykjavík reynt að finna lausn á því hvernig starfsemi skuli fara fram í húsinu. Núna er í gangi alþjóðleg hönnunarsamkeppni um svæðið sem miðar að því að leysa málið eins farsællega og hægt er.

Þátttaka eiganda í dómefnd er alls ekki óeðlileg þar sem stór hluti þess svæðis sem er undir í samkeppninni eru byggingar í hans eigu. Eigandinn er einn af sjö aðilum í dómnefnd, sem er unnin samkvæmt reglum Arkitektafélags Íslands og hefur þar ekki meira vægi en sitt eina atkvæði. Til þess að koma til móts við mótmæli þarf að leiða saman hlutaðeigendi aðila og reyna að leysa málið.

En aftur að vonbrigðum þessa ágæta kjósanda Besta flokksins. Væri Besti flokkurinn að standa undir nafni ef hann beitti sér fyrir því að Reykjavíkurborg keypti hús fyrir mikinn pening, pening sem almenningur á, og leigði það út til vina sinna og sjálfs síns svo ekkert myndi breytast og allt væri eins og það hefur alltaf verið? Væru þá allir glaðir? Væri þá gaman og skemmtilegt?

Það er nákvæmlega það sem fulltrúar Besta flokksins buðu sig fram til að stoppa. Illa ígrundaðar ákvarðanir hafa kostað þetta fallega land mikið. En það sem hefur kostað okkur enn meira eru ákvarðanir drifnar áfram af furðulegri frændsemi og tilraun til hafa alla góða og þá helst vini sína í flokknum eða liðinu, hljómsveitarfélaga eða vinina í pottinum eða á kaffihúsinu. Það er meðvirkt rugl sem verður að afrugla. Fulltrúar Besta flokksins hafa lyft bæði fingrum, höndum og fótum til að gera það og þess vegna er ég stolt af þeim.



ALMERÍA | TENERIFE | MALLORCA | ALBÍR
1..2..3
OG ALLIR AF STAÐ!
Í tilefni af Ferðahátíð Úrvals Útsýnar í dag milli klukkan 13 og 16 í Lágmúla 4 býðst þér tækifæri á að bóka ótrúlega tilboðsferð til Almería.
ALMERÍA
7 nætur á Pierre Vacances ***
82.100kr.*
ALMENNT VERÐ: 103.100 kr. AFSLÁTTUR Á MANN: 21.000 kr.
*m.v. 3 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum.
109.800 kr. m.v. 2 í íbúð með 2 svefnherbergjum.
Brottför 19. júní.
FLEIRI FRÁBÆR TILBOÐ Á WWW.URVALUTSYN.IS
ÚRVAL·ÚTSÝN
Lágmúli 4 108 Rvk | S. 585 4000 | info@uu.is | www.urvalutsyn.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



56 **SUGAR RAY LEONARD,** bandaríski boxarinn, á afmæli í dag.
*„Fyrir hvern bardaga bið ég þess að enginn meiðist.“*

---



†

Ástkær móðir mín, dóttir, systir okkar, tengdamamma og amma,

**ERNA BJÖRG BJARNADÓTTIR**
**Reynimel 74, Reykjavík,**

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 13. maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 24. maí kl. 13.00.

**Andri Freyr Halldórsson**
**Tara Gunnarsdóttir**
**Ásdís Freyja Andradóttir**
**Alda Magnúsdóttir**
**Ólafur Árni Bjarnason**
**Markús Bjarnason**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLDÓR IBSEN**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 18. maí kl. 13.00.

**Brynjar Halldórsson**
**Jutta Halldórsson**
**Eygló H. Ibsen**
**Tómas Ibsen**
**Laufey Danivalsdóttir**
**Snorri Halldórsson**
**Ólöf I. Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS BERG BERGSTEINSSON**
**Dalbraut 27, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi aðfaranótt mánudags 14. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Gunnhildur Steinunn Magnúsdóttir**
**Sigrún Magnúsdóttir**
**Sigríður Bergdís Magnúsdóttir**

---



†

**GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR**
**hjúkrunarkona**
**Barónsstíg 65, Reykjavík,**

lést 8. maí og hefur jarðarförin farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á 3. hæð á Hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir hlýhug og góða umönnun.

**F.h. aðstandenda,**

**Guðrún S. Jakobsdóttir**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUNNHILDAR ÖBBU MAGNÚSDÓTTUR**
**frá Sauðárkróki,**

sérstakar þakkir til Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki og Hrafnistu í Reykjavík.

**Hildur Svavarsdóttir**
**Jón Þór Ólafsson**
**Ólöf Svavarsdóttir Wessman**
**Wilhelm Wessman**
**Svavar Ásbjörnsson**
**Linda Wessman**
**Knútur Rúnarsson**
**Róbert Wessman**
**Ýr Jensdóttir**
**Gunnhildur Wessman**
**Arnar Haraldsson**
**Arnþór Jónsson**
**Alda Jónsdóttir**
**Ómar Andri Jónsson**
**Arna Ragnarsdóttir**
**og langömmubörn.**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÚNAR ÞORSTEINSDÓTTUR**
**áður til heimilis í Hvassaleiti 18.**

Færum Hjúkrunarheimilinu Eir sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýhug um árabil.

**Þóra G. Gísladóttir**
**Haukur Hafsteinsson**
**Margrét Gísladóttir**
**Haraldur H. Helgason**
**Gísli Gíslason**
**Ágústa Guðmarsdóttir**
**Ólafur S. Gíslason**
**Hildur Bjarnadóttir**
**Guðrún Gísladóttir**
**Magnús Orri Sæmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

## HAMRAHLÍÐARKÓRARNIR: MINNAST DR. RÓBERTS ABRAHAMS OTTÓSSONAR

# LISTAMAÐUR AF GUÐS NÁÐ



**FRUMKVÖÐULL** Róbert Abraham Ottósson í Berlín árið 1929. Hann flúði undan nasismanum til Íslands árið 1935 og kom víða við í tónlistarlífi landsins.

„Ég vil gjarnan taka þátt í því að heiðra minningu Róberts því hann var einn af mínum mestu velgjörðarmönnum í lífinu. Ég minnist hans með slíku þakklæti og virðingu í starfi mínu og lífi,“ segir Þorgerður Ingólfsdóttir, tónlistarmaður og kennari og stofnandi kórs Menntaskólans í Hamrahlíð (MH)og síðar Hamrahlíðarkórsins. Þessir kórar minnast Dr. Róberts Abrahams Ottóssonar með dagskrá í hátíðarsal MH í kvöld klukkan 20, en í dag er öld liðin frá fæðingu Róberts.



**ÞORGERÐUR INGÓLFSDÓTTIR**

Róbert Abraham, sem fæddist í Berlín en flúði hingað til lands undan nasismanum árið 1935, starfaði meðal annars sem stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Söngsveitarinnar Fílharmóníu, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar og kennari við Háskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Þá var hann fyrsti Íslendingurinn til að ljúka doktorsprófi í tónvísindum með ritgerð sinni um Þorlákstíðir.

Það er vel við hæfi að þessir kórar heiðri minningu Róberts því fyrir hans atbeina varð kórastarfið í Hamrahlíð til, að sögn Þorgerðar, en hún var nemandi Róberts frá sjö ára aldri þar til hann lést eftir skamma sjúkrahúsvist árið 1974. „Róbert og fyrsti rektor MH, Guðmundur Arnlaugsson, voru góðkunningjar frá Akureyri. Róbert sagði Guðmundi að brýnt væri að stofnaður yrði kór þar sem ungir strákar og stelpur syngju saman, en um slíkt var ekki að ræða á þessum tíma á Íslandi. Róbert studdi mig af heilum hug í þessu starfi frá upphafi. Hann var stórkostlegur kennari sem bjó yfir ótrúlega mörgum eiginleikum. Hann var listamaður af guðs náð, vísindamaður og mikil tilfinningavera sem kom með andblæ evrópskrar heimsmenningar til Íslands. Hann var útlendingur, en um leið einn mesti Íslendingur sem ég hef þekkt og fáir töluðu málið okkar betur. Mér verður oft hugsað til þess sem hann sagði oft: „Það er fljótt að fenna í sporin á Íslandi“ og kannski er hollt að hafa það í huga á okkar tímum þegar öllum finnst þeir vera að finna upp hjólið.“

Í dagskránni syngja Hamrahlíðarkórarnir, undir stjórn Þorgerðar, útsetningar Róberts á íslenskum og erlendum lögum, meðal annars raddsetningar sem hann gerði sérstaklega fyrir Kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Einnig flytja kórarnir Miskunnarbæn fyrir kór og strengjasveit, sem er eitt fárra frumsaminna tónverka sem Róbert lét eftir sig. Þá mun Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur flytja erindi um líf og starf Róberts. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

kjartan@frettabladid.is

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÁSA MAGNÚSDÓTTIR**
**Gullsmára 11, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum Hringbraut að morgni 15. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Auður Björk Ásmundsdóttir**
**Sighvatur Karlsson**
**Stígrún Ása Ásmundsdóttir**
**Ólafur Ásmundsson**
**Áslaug Óskarsdóttir**
**Jakob Ásmundsson**
**Rebekka Cordova**
**Þorgerður Ásmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**KRISTJÁNS KARLS NORMAN**
**Hæðargarði 14.**

Guð blessi ykkur öll.

**Gréta Þórs**
**Einir Kristjánsson**
**Baldur Sigurðsson**
**Þór Björnsson**
**tengdadætur, afabörn og langafabörn og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BERGSTEINN GARÐARSSON**
**trillukarl,**

er lést 6. maí sl., verður jarðsunginn frá Glerárkirkju föstudaginn 18. maí kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Orgelsjóð Glerárkirkju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurveig**
**Jónas**
**Barbara**

---



†

Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**INDRIÐI RAGNAR SIGMUNDSSON**
**frá Miðvik,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk þann 5. maí. Útförin fer fram frá Laufási í Eyjafirði föstudaginn 18. maí kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Grétar Indriðason, eiginkona,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUNNAR B. HÁKONARSON**
**Strikinu 4, Garðabæ,**

lést laugardaginn 12. maí.

**Sigurbjörg Vilhjálmsdóttir**
**Hákon Gunnarsson**
**Guðný Helgadóttir**
**Helga Gunnarsdóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir**
**Unnar Reynisson**
**Hrefna Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur og afi,

**KJARTAN JÓNSSON**
**Kjartansgötu 8, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 13. maí. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.00.

**Ólöf Júlía Kjartansdóttir**
**Árni Rúnar Inaba Kjartansson**
**Anna Arnardóttir**
**Jón Ólafsson**
**Ólöf E. Árnadóttir**
**Steingerður Jónsdóttir**
**Örlygur Karlsson**
**Ólafur Jónsson**
**Skafti Jónsson**
**Bente Nielsen**
**og afabörnin.**



**BLÓMABREIÐA Í HÁRIÐ** Brúðkaupsvikan í Barcelona er nýafstaðin en hún er stærsti tískuviðburðurinn á sviði brúðartísku í Evrópu ár hvert. Hér má sjá hönnun Jesus Peiro en hann virðist hugfanginn af hvítum fjöðrum og stórum blómaspöngum.

Eirberg
Verð: 17.950 kr.
Fjölnota nuddpúði
Shiatsu nudd, titringur og infrarauður hiti. Fjarstýring.
Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



ROSALEGA FLOTTUR
Teg SUGAR - vel fylltur og glæsilegur í A, B, C, D skálum á kr. 8.680,- buxur í stíl á kr. 3.550,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



KRINGLUKAST!
Allt að 60% afsláttur af völdum vörum
Skoðið tilboðin á facebook!
Kápa verð áður 33.990 kr.
Verð á Kringlukasti 23.790 kr.
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook



Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
BYLGJAN 989
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

# KLASSÍSKUR STÍLL

**VEIK FYRIR VINTAGE** *Myndlistarkonan Sigríður Huld Ingvarsdóttir leitar uppi gersemar í verslunum með notuð föt og yfirfyllir fataskápinn.*

Kjólinn keypti ég úr Fröken Blómfríði á Akureyri. Þær sendu hann til mömmu til að laga hann en ég sá strax að ég yrði að eignast þennan kjól. Hann fór því ekkert til baka í verslunina,“ segir myndlistarkonan Sigríður Huld Ingvarsdóttir þegar blaðamaður forvitnast um bleika sparikjólinn hennar. Hún segist hrifin af gamaldags og klassískum fötum og verslar mikið í Rauða krossinum, Hjálpræðishernum og Frúnni í Hamborg á Akureyri. Fallega kjóla og skó notar hún jafnvel sem stofustáss en þegar kjólasafnið var við það að sprengja fataskápinn ákvað hún að losa sig við nokkra.

„Ég komst inn í listaskóla í Svíþjóð og flyt út í haust. Ég ákvað þess vegna að losa mig við eitthvað af fötum og við Elín María vinkona mín opnuðum síðuna baekurogfot á Facebook. Þar erum við að selja föt og bækur og ýmislegt fleira en bleika kjólinn læt ég þó ekki frá mér,“ segir hún og hlær og bendir líka á gráa Hugo Boss kápu sem hún fékk fyrir smáaura í Rauða krossinum. „Ekki þessa heldur, ég nota hana alltaf þegar ég fer eitthvað fínt,“ segir hún.

Sigríður ætlar einmitt að demba sér í bleika kjólinn og kápuna á laugardaginn en þá opnar hún myndlistarsýningu í Boxinu í Listagilinu á Akureyri.

„Ég útskrifaðist úr Myndlistaskólanum á Akureyri á síðasta ári og þetta er fyrsta einkasýningin mín í viðurkenndu galleríi. Ég sýni blýantsteikningar, fantasíuskrípamyndir sem ég hef unnið í vetur. Á sýningunni ætla ég líka að sitja og teikna litlar myndir á staðnum sem fólk getur keypt sem minjagripi af sýningunni,“ segir Sigríður en sýningin verður opnuð laugardaginn 19. maí klukkan 14 og stendur yfir þrjár helgar.

■ rat



**KJÓLAKONA** Sigríður Huld Ingvarsdóttir er mikil kjólakona og leitar uppi gersemar í verslunum sem selja vintage-föt.
MYND/HEIDA.IS



**KJARAKAUP** Hugo Boss kápuna fékk Sigríður fyrir slikk í búð Rauða krossins. Bleiku skóna keypti hún í Stokkhólmi en þeir eru í uppáhaldi í augnablikinu.
MYND/HEIDA.IS



Sofðu vel - heilsunnar vegna
VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM
12 mánaða vaxtalausar greiðslur*
PROFLEX
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.
www.svefn.is
Gerið gæða- og verðsamanburð
Svefn & heilsa
*3,5% lántökugjald
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

Kjólar fyrir öll tækifæri

Útskriftina, brúðkaupið eða vinnuna.

NÝ SENDING AF KJÓLUM Í ST. 36–48.

20% afsl.
af öllum vörum





Nýtt kortatímabil

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur


## GETTÓTÍSKA

**Sumartískan tekur nýja stefnu.**

**■ GULLKEÐJUR OG DERHÚFUR VERÐA ÁBERANDI** Í sumar má eiga von á því að sjá margar stelpur skarta hafnaboltaderhúfum og gullkeðjum. Þessi tíska er einstaklega skemmtileg, sumarleg og öðruvísi en hana má rekja til vaxandi vinsælda tónlistarmanna í rappgeiranum. Röppurum á borð við Tyler the Creator og A$AP Rocky hefur skotið upp á stjörnuhimininn á þessu ári og eru greinilega orðnar tískufyrirmyndir unga fólksins. Það er því tilvalið að skella á sig hafnaboltaderhúfunni í sumar þegar veðrið er gott, það poppar strax upp á dressið. Hægt er að finna ódýrar gullkeðjur í Kolaportinu og húfurnar eru seldar í öllum helstu hjólabrettaverslunum.





**DRESSAÐ UPP OG NIÐUR** Fötin sem Sigrún hannar er hægt að nota við hin ýmsu tilefni. MYND/GVA

# BRÚÐARKJÓLAR OG FLEIRA

**BRÚÐKAUPSTÍMABIL** *Sigrún Elsa Stefánsdóttir hefur nóg að gera við að hanna brúðarkjóla ásamt því að opna nýja vinnustofu og verslun.*

Sigrún Elsa Stefánsdóttir, kjólaklæðskeri, hefur nóg að gera þessa dagana en hún hannar og saumar brúðarkjóla.

„Núna er brúðkaupstímabilið að hefjast og ég er með átta kjóla í vinnslu. Kjólarnir eru mjög persónulegir og því mjög mismunandi. Brúðirnar eru flestar um þrítugt en ég hef líka gert kjóla á eldri konur sem eru þá kannski að gifta sig í annað sinn og vilja ekki vera í hefðbundnum brúðarkjólum. Ég vinn mjög náið með brúðunum, sumar koma með fastmótaðar hugmyndir en aðrar vita minna hvernig þær vilja hafa kjólinn. Við teiknum kjólana upp saman og veljum efnin í sameiningu þannig að þetta eru mikil samvinnuverkefni,“ segir Sigrún.

Að sauma brúðarkjóla er ekki það eina sem Sigrún fæst við því hún er líka með sína eigin fatalínu. „Ég geri aðallega fatnað sem hægt er að dressa upp og niður og nota við ýmis tilefni. Ég er með kjóla, buxur, peysur, slár og fleira. Mikið af vörunum eru úr prjónaefnum sem eru öll sérprjónuð á Íslandi fyrir mig. Svo nota ég líka hefðbundin efni eins og teygjuefni og bómull. Mér finnst skemmtilegast að sjá flíkina verða til, að vera með flott snið og sjá það verða að flík. Svo er alltaf gaman að sjá aðra í flíkunum mínum. Brúðirnar eru duglegar að senda mér myndir af sér í kjólunum á stóra daginn og það er mjög skemmtilegt að sjá þær í þeim.“

Sigrún gerir líka fylgihluti, svo sem töskur og skartgripi sem hún vinnur úr leðri og roði.

Sigrún stendur einnig í ströngu við að opna nýja verslun og vinnustofu. „Ég er að stækka við mig. Ég var í litlu vinnuherbergi heima og fann svo þetta húsnæði sem er helmingi stærra. Þetta er allt meira og minna tilbúið, ég er að leggja lokahönd á þetta og gera huggulegt,“ segir Sigrún en vinnustofa hennar er í bláu húsunum í Skeifunni. Hægt er að sjá hönnun hennar á heimasíðunni nurgis.is og á Facebook.





**LEÐUR OG ROÐ** Sigrún gerir fylgihluti, svo sem töskur og skartgripi, úr leðri og roði.









**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432

# Í ANDA MARÍU ANTOINETTE

**BAROKKTÍSKA** *Tískusýning Chanel fór fram í Versölum á dögunum og var hún undir áhrifum frá barokktímabilinu.*

Á meðan Frakkar fagna nýjum forseta og stjörnurnar búa sig undir kvikmyndahátíðina í Cannes setti Karl Lagerfeld upp eina af sínum flottustu Chanel-tískusýningum. Sýningin var haldin í Versölum en innblásturinn kom frá sólkonungnum sjálfum, Lúðvík 14., og frægustu drottningu Frakka, Maríu Antoinette.

Hnébuxur, tjull, fegurðarblettir og hárkollur settu sinn svip á sýninguna en einnig mátti finna nútímaleg sundföt og rokkaða buffalo-skó.

Sniðin voru í nútímalegri kantinum en áferð efnanna minnti á barokktímabilið. Fyrirsæturnar í sýningunni voru 70 talsins en í þeirra röðum var rokkdóttirin Georgia May Jagger. Margar stórstjörnur, eins og Tilda Swinton og Vanessa Paradis létu sjá sig á sýningunni enda eru Chanel-tískusýningar engu líkar.



**SUMARLEGT** Flott og sumarleg strákatíska.



**FLOTT BLANDA** Óhefðbundin blanda af barokk fatnaði og pönkskóm kemur vel út.

**ÓHEFÐBUNDIÐ** Hönnunin og fyrirsæturnar voru heldur óvenjulegar eins og Karl Lagerfeld einum er lagið.



Flottar sumarvörur fyrir flottar konur
st. 40 – 58
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

P. KARLSSON ehf.
UPPLIFÐU FRELSIÐ!
Verið velkomin
í nýjan sýningarsal okkar að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.

Sýnum og seljum húsbíla frá Touring Cars Iceland á verði sem kemur á óvart.
Verð frá 4.990.000.-

Sýnum og seljum glæný 2012 LMC hjólhýsin í nýjum sýningarsal!
Verð frá 4.395.000.-
Sími: 517-5200
pkarlsson@pkarlsson.is
www.pkarlsson.is
www.lmc.is
LMC
Made in Germany
Opnunartímar:
Mánudaga-föstudaga: 10-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: 13-17

Brjálað kringlukast
20 - 50% afsláttur
af öllum vörum

COSMO
Kringlunni
Nýjar vörur
Nýtt kortatímabil


hōgl
Þar sem gæði, þægindi og fegurð fara saman!
Skoðið brot af úrvalinu á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna

## BÍLAR & FARATÆKI

P. KARLSSON EHF.



Hobby 560 FSC Ford 125Hp Árg. 2005. Ekinn: 30.000 km. Verð 6.990.000.



LMC Breezer MK V654 G. Ekinn: 54.000 km. Verð: 8.990.000.



LMC Musica 490 E. Árg. 2011. Lyftitoppur, markísa, grjótgrind, aðskilin rúm. Verð: 4.990.000.

**P. Karlsson ehf**
**Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi**
**Sími: 517 5200**
**www.pkarlsson.is / www.lmc.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Esterel fellihýsi árg. 2001 Sólarsella, markísa, salerni, mjög vel með farið. Verð 1580 Þús.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**




Netbílar, Hlíðasmára 2 Er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar. Sími 588-5300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Ford Transit 2.2 TDCI Single Cab Nýr bíll - árgerð 2012. Getum útvegað nýja pallbíla á frábæru verði aðeins 3.690.000kr án VSK. Raðnúmer 131556. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

100bilar.is bílasala



Land Rover Range Rover Supercharged Vouge, Árg 6/2007, ek 68Þ.KM, Með öllum aukabúnaði, litur út sem nýr, Ásett verð 8.490þ.kr, Rnr.117183. Er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu






Til sölu Pajero Intense árg. 2007. 3,2 dísel. Ekinn 90þús. Ný dekk. Skipti koma til greina á ódýrari (gullfallegur og góður bíll) sími 698 2312 Jón.



**!!! TILBOÐ !!!**

Chrysler 7 manna bíll til sölu. Frábær fjölskyldubíll í toppstandi. Árg. 2005, ek. 142þús., ný smurður og nýjir bremsuklossar. Tilboð 1.850.000, áhvílandi lán getur fylgt. Skoða skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 823 3344.




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.



Huyndai Santa Fe. Skr 08.07. Bensín V6. Ek. 48 þ. Einn eig. Sk '13. Dráttarkr. Mjög góður bíll. V. 2.900 þ. S. 866-6016.



P.307 08/'04 ek:90þ. Ný t.reim + bremsur o.fl. S+V dekk. Nýskoðaður í toppstandi. V:690 þ. S:856-7481.



VW Transporter 2001 ek. 164þ. Verð 620þ. S:824-3301.



Til sölu nissan terrano dísel. árg.'99. Nýskoðaður. Uppl. í s. 898-0908.

Til sölu Toyota RAV árgerð 1998. Ekinn 225.000 km. Nýskoðaður, dráttarkrókur, beinskiptur. Verð 485.000 kr. Uppl. í síma 8964089

Volvo S60, árg. 04, ek. 116 þ. km. dökkgrár. Tilboðsverð. 1.790 þ. Í góðu ástandi. S. 662 1663.

## 250-499 þús.



**Sjálfskiptur !!!**

Skoda Octavia árg.'00. Sjálfskiptur, ekinn 188þús., skoðaður út árið. Ný heilsársdekk, smurbók frá upphafi, búið að skipta um tímareim, álfelgur, CD spilari, mjög heill og flottur bíll, ásett verð: 490þús. Tilboðsverð aðeins 350þús. Uppl. í s: 659-9696.

Til sölu VW Caddy árgerð 2005, ekinn 156.000km. Verð 450-500þús. Uppl. í s. 840-6100.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**Bíll óskast á 25-250þús.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Jeppar



PAJERO 05 DISEL 7 manna sjálfskip ek. 125þ. 2 eigendur Leður Lúa Fjarstart, þjófavörn bakkskynjari, krókur, krómpakki, glugga og húddhlíf, ljós í stigbretti ogmfl Þjónustaður í heklu frá upphafi einstaklega vel með farinn bíll Ásett Verð 3470þús. skipti ód. s. 822 1974.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar

Húsbílar og ferðavagnar.
Alhliða þjónusta.
Gerið klárt fyrir sumarið.
VÉLRÁS .IS
SÍMI 555 6670

## Kerrur



**Íslenskar kerrur!**

Kerrur br.1,25m. L. 2,00-3,0m. B.geta 750kg., 13" dekk. Verð frá kr.196.000 www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos s. 894-5111 Opið kl.13-16.30

## Pallhýsi



Til sölu pallhýsi á ameríska pallbíla. Upplýsingar í síma 894 1416.

## Bílaþjónusta




Við útvegum þér úrvals bón- og hreinsiefni og góð ráð - og bíllinn þinn verður í toppstandi! www.malningarvorur.is



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

**NÝTT Á ÍSLANDI**

Heimabón, ný þjónusta á höfuðborgasvæðinu, tökum að okkur alþrif á bílum við heimahús. S. 778 0100.

## Hjólbarðar

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir







**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Nissan, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26 Bleik gata. S 555 6020

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Flutningsþrif, Gólfbónun,Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Garðsláttur og garðklippingar**

fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**Er mosinn að eyðileggja garðinn þinn !!??**

Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 867 4555.

# KRAKKAR

FIMMTUDAGUR **17. MAÍ 2012**

**Kynningarblað**
**Leikir og litir, matur, barnavörur, sumarbúðir, barnaherbergi, heimagerðir frostpinnar, hreyfing barna.**



NORDICPHOTOS/GETTY




**Útsölustaðir**
**Baby Sam**
**Móðurást**
**Olavía og Oliver**
**Femin.is**

Bumbo™

Heildsöludreifing YD design • Fosshàls 5-9 • 110 Reykjavík

# Trúður vill alvöru starf

**Gamanleikurinn Trúðleikur verður frumsýndur í júní á Rifi á Snæfellsnesi. Verkið er sýnt í gamalli rækjuverksmiðju.**

Trúðarnir Skúli og Spæli eru söguhetjur í gamanleiknum Trúðleik sem settur verður á fjalirnar í Frystiklefanum á Rifi á Snæfellsnesi í sumar. Verkið er eftir Hallgrím H. Helgason og var fyrst frumsýnt í Iðnó árið 2000. Kári Viðarsson, leikhússtjóri Frystiklefans og annar aðalleikari verksins, segir Trúðleik vera í senn sprenghlægilegan og hjartnæman gamanleik fyrir alla aldurshópa.

„Þetta er frábært verk sem hentar börnum, unglingum og fullorðnum. Sýning sem inniheldur tvo trúða höfðar eðlilega til yngri áhorfenda en fullorðna fólkið tengir líka vel við verkið.“

Sýningin verður frumsýnd föstudaginn 1. júní.

### Tilvistarkreppa trúðsins

Trúðleikur fjallar um tvo trúða, þá Skúla og Spæla, sem hafa starfað lengi saman. Á meðan Skúli er alltaf kátur og bjartsýnn og getur ekki hugsað sér neitt annað starf er Spælir í mikilli tilvistarkreppu og vill ekki vera trúður lengur. Hann vill fá sér alvöru starf. „Leikritið spinnst út frá þessum árekstri og fjallar líka um vináttuna og þörf mannsins til að vera eitthvað meira en hann er. Svo er auðvitað mikið magn af sprelli og fjöri í gangi enda byggir verkið á tveimur trúðum.“

Aðalleikar Trúðleiks eru Benedikt Karl Gröndal og Kári Viðarsson en leikstjóri er leikarinn góðkunni Halldór Gylfason. Er Trúðleikur jafnframt fyrsta leikstjóraverkefni hans hjá atvinnuleikhúsi. Leikritið var frumsýnt árið 2000 eins og fyrr segir en þar lék Halldór Gylfason annað aðalhlutverkið og Friðrik Friðriksson hitt. Verkið fékk mjög góða dóma á sínum tíma og mikla aðsókn. Svo skemmtilega vill til að Halldór og Kári eru náfrændur og Kári sá Halldór leika í verkinu á sínum tíma. „Þá hugsaði ég með mér hvað það gæti verið gaman að leika í þessu verki seinna meir. Núna tólf árum síðar er það einmitt að gerast.“

### Sýnt í gamalli rækjuverksmiðju

Frystiklefinn er bæði leikhús og menningarmiðstöð. Um er að ræða 600 fermetra húsnæði sem áður gegndi hlutverki rækjuverksmiðju. Fyrsta leikritið sem sett var upp þar var einleikurinn Hetja sem byggður er á Bárðar sögu Snæfellsáss. Í fyrra var karíókísplatterinn Góðir hálsar sýndur en bæði verkin hlutu góða dóma gagnrýnenda og áhorfenda. Sýningarsalurinn tekur um 60 manns í sæti og eru áætlaðar tólf sýningar á Trúðleiknum í sumar. Sýningar eru yfirleitt um helgar og hefjast þær klukkan 17 sem er að sögn Kára heppilegur tími, til dæmis fyrir borgarbúa. „Gestir geta notið dagsins á Snæfellsnesi enda margt í boði. Hægt er að skoðað þjóðgarðinn, fá sér að borða og skella sér síðan á leiksýninguna. Svo er hægt að koma sér tímanlega í bæinn aftur um kvöldið.“



Aðstandendur Trúðleiks frá vinstri: Halldór Gylfason leikstjóri, Kári Viðarsson leikari (Skúli), Hallgrímur H. Helgason leikritaskáld og Benedikt Gröndal leikari (Spæli). MYND/STEFÁN KARLSSON





## Án sykurs

Allar án sykurs/sýróps/sætuefna nema möndlu- og súkkulaði sem eru sættar með lífrænu agave.

## Rísmjólk úr hágæða ítölskum lífrænum hýðishrísgrjónum

**Isola Bio** rísmjólkin er einstaklega bragðgóð og hentar vel í þeytinginn, út á grautinn, í baksturinn og að sjálfsögðu ein og sér, **ísköld!**



rísrjómi



fernur - góðar í nestisboxið



með kókos með möndlu



hrein með kalki með vanillu

Isola Bio rísmjólkin fæst í öllum helstu matvöruverslunum um land allt

# Líf og fjör í sumarbúðum

**KFUM og KFUK bjóða krökkum og unglingum að koma í sumarbúðir víðsvegar um land í sumar. Þar fá þeir tækifæri til að brjóta upp daglegt mynstur, kynnast nýjum vinum, njóta náttúrunnar og skemmta sér í öruggu umhverfi.**



Ávallt er gætt fyllsta öryggis við bátana og farið í björgunarvesti.



Á Hólavatni er hægt að fara í hressandi bátsferðir, stunda stangveiði og baðstrandarlíf.



Gleði og grímudansleikur.



Fjör í Vindáshlíð.



Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri og Hjördís Rós Jónsdóttir æskulýðsfulltrúi segja að margir hafi eignast vini fyrir lífstíð í sumarbúðum.

Sumarbúðir KFUM og KFUK reka sumarbúðir á fimm stöðum víðsvegar um land í sumar. Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri Vatnaskógar, og Hjördís Rós Jónsdóttir, æskulýðsfulltrúi hjá KFUM og KFUK, segja að í sumarbúðum fái börn tækifæri til að brjóta upp daglegt mynstur, kynnast nýjum vinum, njóta náttúrunnar og skemmta sér í öruggu umhverfi. Leikur og hreyfing eru í forgrunni og einföld uppbyggileg fræðsla með kristilegum áherslum. Námskeiðin hefjast í byrjun júní og gengur skráning vel.

## Starfsfólk og fagmennska

Sumarbúðir KFUM og KFUK hafa verið starfræktar í 90 ár og er því mikil reynsla að baki æskulýðsstarfinu sem þar fer fram. Mikið er lagt upp úr fagmennsku og því er allt starfsfólk sent á ýmiss konar námskeið til að auka hæfni þess og fagmennsku. „Þetta eru námskeið í leikjum, námskeiðið Verndum þau, þar sem lært er að þekkja einkenni hjá börnum sem hafa verið beitt ofbeldi eða vanrækslu, skyndihjálparnámskeið, leiðtoganámskeið, námskeið í því hvernig skuli beita húmor og fleiri námskeið,“ segir Hjördís en þegar nýtt starfsfólk er ráðið þarf það ávallt að skila inn sakavottorði.

## Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Sumarbúðirnar fimm eru starfræktar víðsvegar um landið, hverjar með sín sérkenni og áherslur svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. „Sumarbúðirnar eru að mestu kynjaskiptar, en einnig er boðið upp á blandaða hópa. Auk þess er boðið upp á feðginaog feðgaflokka og mæðgna- og mæðginaflokk saman og svo fjölskylduflokk þar sem öll fjölskyldan mætir,“ segir Ársæll. „Í ár erum við með ævintýraflokk, listaflokk, fjölskylduflokka, pjakkaflokk auk hefðbundinna dvalarflokka,“ bætir Hjördís við. Undanfarin ár hefur verið boðið upp á Gauraflokk sem hefur verið vinsæll, en hann er fyrir drengi með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir. Sambærilegur flokkur fyrir stelpur er líka í boði í Kaldárseli sem heitir Stelpur í stuði. Þar fá krakkar að njóta sín á eigin forsendum.

## Dagskrá

Dagskrá hvers staðar er sérstök og miðast út frá umhverfi, aðstöðu og náttúrunni í kring. Stundaskrá hverra sumarbúða byggir á föstum þáttum sem skipulagðir eru af foringjum og svo frjálsum leiktíma þar sem börnin fá að velja. Má þar nefna leiklist, íþróttir, útivist, spil, varðeld, boltaleiki og margt fleira. Á kvöldin eru svo ávallt kvöldvökur með söng og gleði. Lagt er upp úr hollu og góðu mataræði í fimm máltíðum á dag.

## Kaldársel

Sumarbúðirnar eru staðsettar í hrauninu skammt ofan við Hafnarfjörð. Kaldársel býður bæði upp á stelpu- og strákaflokka og blandaða flokka og geta alls fjörutíu börn dvalið þar hverju sinni. Í nærumhverfi Kaldársels er fjöldi af hellum og ævintýralegum stöðum, meðal annars svokallaður 90 metra hellir og Kaldá sem rennur í gegnum hraunið. Þar er gott íþróttahús, með leiktækjum sem hægt er nota ef illa viðrar. Utandyra er að finna kassabíla og boðið upp á kofasmíði í frjálsum tíma.

## Ölver

Ölver er stendur undir Hafnarfjalli. Í Ölveri eru allir flokkar stelpuflokkar, fyrir utan einn strákaflokk í byrjun júní og geta alls 45 börn dvalið þar í einu. Þar er mikil áhersla lögð á ýmsar þrautir, leiki, hárgreiðslukeppni og hæfileikasýningu, stultur og húlahringir eru dæmi um það sem í boði er. Í Ölveri er heitur pottur og eitt stærsta hengirúm á Íslandi.

## Vatnaskógur

Í Vatnaskógi eru stærstu sumarbúðir KFUM og KFUK, staðsettar í Svínadal í Hvalfjarðarsveit, eða um 80 kílómetra frá Reykjavík. Í Vatnaskógi er nær eingöngu boðið upp á strákaflokka á aldursbilinu 7-18 ára fyrir utan eina fjölskylduhelgi, unglingaflokk og feðginaflokk og geta 95 manns dvalið þar í einu. Vatnaskógur býður upp á allt sem ungan mann dreymir um; Leiktæki, íþróttahús, vatn, skóg með háum trjám, stangveiði, bátsferðir, knattspyrnu, körfubolta, bandý, frjálsar íþróttir, kassabíla og fleira.

## Vindáshlíð

Sumarbúðirnar í Vindáshlíð eru staðsettar í 45 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík í Kjósinni með gistirými fyrir 80 manns. Boðið er upp á flokka fyrir stúlkur á aldursbilinu 9-15 ára. Farið er í göngur í nærumhverfinu upp á Sandfell, að Selárfossi og Pokafossi auk skógarferða. Rétt við íþróttahúsið er að finna apabrú og aparólu sem gaman er að sveifla sér í og lítinn skógarkofa. Skipt er í hópa og ýmsar þrautir leystar. Í íþróttahúsinu er keppt í brennó í hverjum flokki, en einnig er þar þythokkí, borðtennisborð og fótboltaspil. Þar má líka mála, leira og búa til skartgripi þegar illa viðrar.



Greta Salóme eignaðist margar góðar vinkonur í sumarbúðum KFUM og KFUK og Jónsi lýsir dvöl sinni þar sem frábæru ævintýri.

## Hólavatn

Hólavatn er í einstaklega fallegu umhverfi innarlega í Eyjafirði. Þar er verið að byggja nýtt hús með aðstöðu fyrir 34 börn. Þar er bæði boðið upp á stelpu-, strákaog blandaða flokka á aldursbilinu 7-14 ára. Á Hólavatni er hægt að fara í hressandi bátsferðir, stunda stangveiði og baðstrandarlíf á heitum dögum. Þá eru ýmsar íþróttir iðkaðar af kappi á staðnum, farið í hópleiki og gjarnan litið við á bóndabæ í nágrenninu til að kynnast störfum í sveitinni. Einnig er þar vatnsrennibraut; þá er dúkur settur í brekku fyrir ofan vatnið þannig að hægt er að renna sér út í það með tilheyrandi gleði.

## Leikjanámskeið

KFUM og KFUK starfrækja leikjanámskeið á þremur stöðum. Í Hjallakirkju, Háteigskirkju og í húsi KFUM og KFUK við Hátún í Reykjanesbæ. Námskeiðin eru fyrir 6 til 9 ára börn. Boðið er upp á fjölbreytta metnaðarfulla dagskrá.

## Góðar minningar og vinátta

Þeir eru ófáir Íslendingarnir sem dvalið hafa í sumarbúðum KFUM og KFUK enda fara þangað tæplega 3000 börn á hverju sumri. Íslensku keppendurnir í Eurovision, Greta Salóme og Jónsi eru í hópi þeirra fjölmörgu Íslendinga sem eiga góðar minningar úr sumarbúðum KFUM og KFUK. „Sem krakki fór ég alltaf í Ölver og á ég margar ógleymanlegar minningar þaðan. Ég eignaðist margar góðar vinkonur þarna og boðskapurinn var auðvitað frábær,“ segir Greta Salóme. Jónsi lýsir dvöl sinni í sumarbúðunum á Hólavatni sem frábæru ævintýri sem sé sveipað ljóma. „Ég mæli óhikað með því fyrir alla krakka.“

Allar nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu KFUM og KFUK: www.kfum.is





1


2


3


4

# Barnaherbergi


5


6

**Barnaherbergin gegna oftast hlutverki svefnherbergis og leikherbergis. Til að búa til fallegt og skemmtilegt rými má grípa til ýmissa einfaldra ráða. Þessar hugmyndir voru fengnar af www.housetohome.co.uk.**

### 1. Málað gólf
Auðveldlega má fríska upp á lúin trégólf og gamalt parket með málningu. Pússa þarf yfirborðið vel, ryksuga svo yfir og skúra. Þegar gólfið er orðið þurrt er það grunnað og svo málað yfir. Skynsamlegast er að leita ráða fagmanna áður en hafist er handa.

### 2. Fóðruð bókahilla
Með fallegu veggfóðri má flikka upp á ódýrar bókahillur í barnaherbergið. Þá má smíða ofan á þær þak svo þær nýtist einnig sem dúkkuhús.

### 3. Öðruvísi bókahillur
Kryddhillur eru bráðsniðugar undir bækur. Málaðar í hressilegum lit setja þær fallegan svip á herbergið.

### 4. Krítartafla á vegg
Sköpunarþörfin fær óhefta útrás ef krítartöflumálning er notuð á stóra veggfleti. Gera má tilraunir með ólík form eins og talblöðrur og ský og heila veggi.

### 5. Kojur spara pláss
Þar sem lítið pláss er en margir krakkar er sniðugt að smíða hlaðrúm upp undir loft. Þar með nýtist gólflöturinn undir leik og lærdóm.

### 6. Hirslur á vegg
Körfur hengdar upp á vegg geta verið þægilegar undir leikföng og annað dót. Þá verður líka fljótlegra að taka til ef ekki þarf að flokka ofan í skúffur.

# Börn fái að vera börn

**Barnafataverslanir Polarn O. Pyret eru á tveimur stöðum í Reykjavík, ein verslun hefur verið í Kringlunni frá upphafi, eða í nálægt 25 ár, og fyrir nokkrum árum var opnuð ein glæsilegasta barnafataverslun landsins í Smáralind. Báðar verslanir eru með mikið úrval af frábærum gæðafatnaði fyrir nýbura og börn að 11 ára aldri.**

Polarn O. Pyret hefur frá 1976 framleitt fyrsta flokks barnaföt, þekkt fyrir gæði og góða hönnun. Fyrirtækið hefur að leiðarljósi að fötin séu þægileg fyrir börn í leik, að litirnir séu glaðlegir og ekki sé verið að ýta á börnin að verða fullorðin. Hin þekkta röndótta fatalína er framleidd á umhverfisvænan hátt úr 100% lífrænni bómull og stærstur hluti af ungbarnafatnaðinum einnig.

Polarn O. Pyret hefur að leiðarljósi að fötin séu þægileg fyrir börn í leik og starfi. „Við viljum að börnin fái að vera börn og því er áhersla lögð á gæði, þægindi, glaðlega liti og falleg mynstur.“ segir Harpa Hrund, verslunarstjóri í Polarn O. Pyret í Smáralind.

„Yfirhafnirnar okkar eru sérlega vinsælar og hafa sannað sig í gegnum árin. Bæði kuldafatnaðurinn og ekki síður útivistarfatnaðurinn sem er léttur og þægilegur en samt vatnsheldur, vindheldur og andar. Hann hentar því vel íslenskri sumarveðráttu og er í raun hægt að nota allt árið.“ Harpa tekur fram að gerðar séu strangar prófanir á flíkunum áður en þær fari í sölu til að gæðin séu tryggð. „Við heyrum líka frá viðskiptavinum okkar að fatnaðurinn gangi frá einu barni til annars þó hann sé þveginn og þveginn þá haldi hann sínum gæðum.“

„Allur bómullarfatnaðurinn er úr mjúkri gæðabómull og sumarlínan í ár er sérlega falleg, litríkar buxur, bolir, kjólar og sólhattar í stíl er mjög vinsælt.“

Harpa Hrund bendir á nauðsyn þess að verja börn fyrir sólinni bæði í fríinu erlendis og líka hér heima. „Við erum með venjulegan sundfatnað en einnig langerma boli og buxur með sólarvörn sem stöðvar 98% af UV geislum sólarinnar.“ „Börn þurfa hatt, sólgleraugu og góða sólarvörn,“ segir Harpa Hrund, „en við erum einmitt með sólgleraugu sem fást í þremur stærðum og henta börnum á mismunandi aldri, allt frá nokkurra mánaða til eldri barna.“










Verslun Polarn O. Pyret í Smáralind er glæsileg.

MYNDIR/VALLI

Eitt helsta vörumerki Polarn O. Pyret eru bómullarföt með röndum, annars vegar blá og hvít og hins vegar rauð og hvít. Þau hafa verið framleidd í yfir þrjátíu ár. Þessi fatnaður er framleiddur á umhverfisvænan hátt, allt frá akrinum til fullunninnar vöru og er Svansmerktur sem er vottun Norrænu umhverfisstofunnar. „Það eru engin bleikiefni eða eiturefni notuð,“ tekur Harpa fram. Meirihlutinn af ungbarnafatnaðinum er einnig vottaður að hennar sögn.

Polarn O. Pyret hefur framleitt barnaföt í yfir 35 ár, eða síðan 1976, og verslun þeirra hefur verið á Íslandi í 25 ár. „Við fengum strax góðar viðtökur þegar við opnuðum í Kringlunni,“ segir Harpa Hrund. „Tryggð viðskiptavinanna segir sína sögu.“

## Í GAMLA DAGA VAR ALLT BETRA

**Margir fullorðnir** sjá æskuna í dýrðarljóma. Þá var allt miklu betra, allt var öruggara, auðveldara og þar fram eftir götunum. Þá voru öll börn úti í leikjum og enginn hékk inni í tölvunni.

Að einhverju leyti er þetta eflaust rétt en þá er einmitt tilvalið fyrir foreldra að drífa börn sín út í leiki og kenna þeim útileikina sem þeir léku sér í í „gamla daga". Til upprifjunar fyrir foreldrana eru hér nokkrir leikir sem hafa verið vinsælir í gegnum árin.

**Ein króna / Fallin spýta** – feluleikur og eltingaleikur í bland. Einn „er'ann" og hinir fela sig. Markmiðið fyrir þá sem fela sig er að komast að ákveðnu marki, ljósastaur eða spýtu á undan þeim sem leitar og kalla „ein króna fyrir mér einn, tveir og þrír". Sá sem er fundinn fyrstur þarf að „ver'ann" næst.

**Stórfiskaleikur – eltingaleikur.** Einn er stórfiskurinn og hann á að reyna að ná sem flestum litlum fiskum þegar þeir hlaupa yfir ákveðið svæði. Þeir sem stóri fiskurinn nær hjálpa honum svo við að ná fleirum. Leikurinn endar þegar það er búið að ná öllum. Sá sem fangaður var fyrstur verður stórfiskurinn næst.

**Yfir – boltaleikur og eltingaleikur.** Skipt er í tvö lið. Annað liðið hendir bolta yfir skúr og kallar „yfir". Hitt liðið reynir þá að grípa boltann. Ef það tekst læðist sá sem grípur boltann með hann að hinu liðinu og reynir að hitta í þá. Þeir sem hann hittir flytja þá yfir í það lið. Ef boltinn er ekki gripinn er honum einfaldlega kastað yfir aftur. Leiknum lýkur þegar allir eru komnir í sama liðið.



Einu sinni voru allir krakkar alltaf úti í leikjum, að mati margra fullorðinna í dag.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Móðurást 10 ára

**Sérverslun fyrir mæður með börn á brjósti**

Verslunin Móðurást í Hamraborg fagnar tíu ára afmæli sínu á þessu ári. Að sögn Guðrúnar Jónasdóttur, brjóstagjafaráðgjafa og annars eiganda verslunarinnar, þróaðist Móðurást upphaflega úr útleigu á brjóstadælum í verslun fyrir mæður með börn á brjósti, fyrirbura og ungbörn. „Ég hafði verið með mjaltavélaleiguna í tíu ár áður en ég opnaði Móðurást ásamt Hrönn Sveinbjörnsdóttur og er enn með hana auk þess að leigja út ungbarnavogir," segir Guðrún.

„Við styðjum konur sem eru með börn á brjósti auk þess að vera með persónulega ráðgjöf. Auðvitað eru ekki öll börn á brjósti og hér fæst úrval af vönduðum vörum til að nota fyrir þau börn. Smám saman hefur vöruúrval aukist eftir því sem þörfin hefur kviknað hjá viðskiptavinum okkar. Við erum með óhemjumikið vöruúrval fyrir nýfædd börn og það sem móðirin þarf fyrir fæðinguna. Auk þess erum við með meðgöngubelti. Við viljum þjónusta mæður og börn þeirra vel," segir Guðrún ennfremur.

Í versluninni kennir ýmissa grasa. Mikið úrval af burðarpokum, barnapíuhlustunartækjum, burðarsjölum og silkihúfum. „Við höfum einnig tekið inn fallega íslenska hönnun. Þá bjóðum við fyrirburafatnað og þægindafatnað á ung börn í þekktum merkjum. Einnig má nefna brjóstadælur, brjóstapúða, vigtir og allt það sem fylgir brjóstagjöfinni. Auk þess bjóðum við vagna og kerrur, ömmustóla, matarstóla, bílstóla og þroskaleikföng margs konar," útskýrir Guðrún.

Heimasíðan er www.modurast.is og í gegnum hana hafa verið vaxandi viðskipti, að sögn Guðrúnar. „Ég held að það megi segja að hvergi annars staðar geti konur með börn á brjósti fengið stuðning og ráðgjöf eins og hér hjá okkur," segir hún en Guðrún er einnig með heimasíðuna brjostagjof.is ásamt tveimur öðrum brjóstagjafaráðgjöfum.



Guðrún Jónasdóttir og Hrönn Sveinbjörnsdóttir, eigendur verslunarinnar Móðurást.

MYND/VALLI


Spennandi útilífsævintýri -fjör og hópefli

Kassaklifur - GPS ratleikir - Bátasiglingar - Vatnaleikir - Frumbyggjastörf

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára -skipt í hópa eftir aldri. Upplýsingar og skráning á netinu - www.ulfljotsvatn.is

Innritun er hafin!
Opið virka daga kl 10-16
sími 550-8900
sumarbudir@ulfljotsvatn.is







SUMARBÚÐIR SKÁTA
ÚLFLJÓTSVATNI


Ungbarnaleðurskór í miklu úrvali og á frábæru verði.
Stærðir 0-6, 6-12, 12-18, 18-24 mánaða og 2-3 ára.
AÐEINS 2.990 KR.
SOKKABÚÐIN cobra
www.cobra.is
Sjáðu úrvalið á www.cobra.is eða hafðu samband í síma 553 7010.



### SPYRJA NETIÐ Í STAÐ LJÓSMÓÐUR

**Fleiri foreldrar** leita ráða á netinu í stað þess að spyrja fagfólk í heilbrigðisstétt. Samkvæmt könnun sem sænsk ljósmóðir gerði meðal verðandi foreldra leita fleiri eftir upplýsingum í gegnum Google eða aðrar leitarstöðvar en leita til sérfræðinga. „Foreldrar virðast hafa mikla trú á öllu því sem stendur á netinu en margt af því kemur ekki frá sérfræðingum,“ hefur Aftonbladet eftir ljósmóðurinni Karin Broman. Hún segir að margar spurningar vakni á meðgöngu og það sé í rauninni allt í lagi að verðandi mæður deili reynslu sinni á netspjalli. Það getur í raun verið afslappandi fyrir þær að heyra að aðrir hafi gengið í gegnum það sama. Hins vegar getur það boðið hættunni heim því svörin á netinu eru upplifun ekki vísindi. Konur ættu frekar að spyrja ljósmóðurina spurninga í mæðraverndinni en að trúa öllu því sem er á netinu.



Ljúffengir kjúklingakoddar sem börnin elska.

# Eftirlæti barnanna

**Nýlega kom út bókin Heilsuréttir fjölskyldunnar og hefur hún vakið mikla athygli. Berglind Sigmarsdóttir er höfundur bókarinnar og gaf hún okkur leyfi til að birta uppskrift að uppáhaldsrétti allra barna.**

### Kjúklingakoddar með hunangssósu

**fyrir 4**

Það er jafnan slegist um hvern bita þegar þessir kjúklingakoddar eru bornir á borð á heimilinu. Börnin eru yfir sig hrifin af kjúklingakoddunum sem minna á hefðbundna kjúklinganagga en eru afar ólíkir að innihaldi og hollustu. Tilbúnir naggar innihalda kjúklingafitu, tægjur og jafnvel kjúklingabrjósk ásamt fylliefnum, salti og aukefnum. Börnunum finnst líka fínt að dýfa kjúklingakoddunum í tómatsósu. Fullorðnir vilja kannski eitthvað bragðsterkara og má þá hafa chillísósu með.

1 dl hveiti (heilhveiti, fínt spelthveiti eða glúteinlaus hveitiblanda eða bókhveiti)

1 stórt egg eða tvö minni

8 dl kornfleks (hægt er að fá sykurlaust og glútenlaust kornfleks)

2 msk. jómfrúarólífuolía

700 g kjúklingalundir eða 4 kjúklingabringur skornar í 4-5 bita

sjávarsalt og nýmulinn svartur pipar

**Aðferð:**

1. *Skerið kjúklingabringurnar eða lundirnar í bita.*
2. *Hitið ofninn í 250°C.*
3. *Setjið kornfleks í matvinnsluvél og vinnið vel, bætið olíu saman við.*
4. *Setjið hveiti í einn djúpan disk, egg í annan og kornfleks í þann þriðja. Kryddið hveitið vel með salti og pipar, má gjarnan vera vel kryddað.*
5. *Hrærið aðeins í eggjunum með gaffli.*
6. *Klæðið bökunarplötu með bökunarpappír.*
7. *Byrjið svo að velta kjúklingabitunum hverjum fyrir sig. Veltið fyrst bitanum upp úr hveiti, báðum megin, færið svo bitann yfir í skálina með eggjunum og bleytið (látið leka vel af). Færið svo bitann yfir í síðustu skálina með kornfleksinu og þekið hann. Setjið kjúklingabitann svo á bökunarplötuna og byrjið á næsta. Klárið svona alla bitana.*
8. *Setjið kjúklingabitana inn í miðjan ofn í 10-15 mínútur. Þegar þeir eru orðnir gylltir og eldunartíminn hálfnaður snúið þið þeim við með töng. Passið bara að brenna ykkur ekki þar sem ofninn er vel heitur.*

**Hunangssósa:**

1 dós sýrður rjómi 10%

1½ msk. Dijon-sinnep (t.d. lífrænt )

1 msk. lífrænt akasíuhunang

salt og pipar

Blandið öllu vel saman í skál og berið fram til að dýfa bitunum í. Þar sem sum börn vilja ekki sinnep, gæti verið ágætt að prófa að sleppa sinnepinu eða bjóða þeim holla tómatsósu með.

Ef einhver er með mjólkuróþol má nota t.d. létt majónes eða heimagert majónes í stað sýrða rjómans.

# Barnavörur hannaðar út frá sérfræðiþekkingu

**Chicco býður upp á gríðarlega fjölbreytt úrval barnavara. Hægt er að fá allt frá snuðum til vagna og hjóla hjá fyrirtækinu.**

Chicco er ítalskt barnavörufyrirtæki sem var stofnað árið 1958. Fyrirtækið er hluti af Artsana group sem er ítalskt fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í barnavörum, lyfjum, heilsuvörum og snyrtivörum. „Breiddin í vöruúrvalinu hjá okkur er gríðarleg. Við bjóðum upp á allt sem tilheyrir börnum frá fæðingu. Við erum með allt sem viðkemur brjóstagjöf, snuð og pela án BPA að sjálfsögðu. Svo bjóðum við upp á mikið úrval kerra, vagna, matar- og ömmustóla, hjóla, leikfanga, bílstóla, húðvara og ótal margt annað,“ segir Elísabet Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Gullskóga, umboðsaðila Chicco á Íslandi.



Elísabet segir Chicco umboðið bjóða upp á allt sem tilheyrir börnum frá fæðingu. MYND/VALLI

Elísabet segir Chicco leggja mikla áherslu á að allar vörur séu öruggastar fyrir barnið. „Húðvörurnar hjá Chicco eru án parabena og alkóhóls. Við bjóðum upp á Pure Bio línu sem varð til því sérfræðingum Chicco fannst vanta náttúrulegar húðvörur án allra aukaefna á markaðinn. Línan er viðurkennd af alþjóðlegum samtökum og er vottuð af Eco-Cert.“

Chicco hefur einstaka sérstöðu á meðal annarra barnafyrirtækja. Það er í samstarfi við barnalækna, húðsjúkdómalækna, þroskaþjálfa, og fleiri sérfræðinga. Þannig eru allar vörur hannaðar út frá sérfræðiþekkingu og því tryggt að vörurnar séu öruggar og í hámarks gæðum.

„Við bjóðum einnig mjög góða og örugga barnabílstóla. Til dæmis var ungbarnabílstóllinn okkar, fyrir börn 0-13 kg, valinn besti stóllinn árið 2010. Hann er með góðri hliðarvörn, stórum hreyfanlegum skermi, fimm punkta belti og ergo-innleggi sem er púði með sérstöku öndunarefni byggður upp þannig að börnin liggi rétt. Annað dæmi um vörur frá okkur er Anti Moskito línan, náttúruleg flugnafæla sem hentar öllum aldri, einnig ófrískum konum og börnum frá þriggja mánaða aldri. Í þessari línu eru einnig flugnafælur með hljóðbylgjum sem hægt er annars vegar að hengja á vagn eða bakpoka og hins vegar hafa á borði.“



Together kerra sem getur tekið tvo Chicco ungbarnastóla.

Allar upplýsingar um vörur Chicco á Íslandi má finna á www.chicco.is og einnig á Facebook. Þar er mikið magn upplýsinga og myndbanda sem sýna notkun varanna, meðal annars hvernig festa á bílstóla rétt í bíla.




www.chicco.is
Hamingjan er ferðalag sem þú byrjar sem barn
chicco



Dragið fram leikföng barnanna og leikið ykkur saman. NORDIC PHOTO/GETTY

## LITA, LEIRA, SYNDA OG SKOÐA

Margar fjölskyldur reyna að gera eitthvað skemmtilegt sem hentar öllum fjölskyldumeðlimum um helgar og í frítímanum. Stundum festist fólk í því að gera alltaf það sama eða verður uppiskroppa með hugmyndir. Því er ágætt að fá nokkrar uppástungur að ágætri helgarskemmtun sem hentar flestum. Ekki er verra að þessar hugmyndir eru flestar í ódýrari kantinum.

**Sund –** flestum finnst gaman að fá sér smá sundsprett eða liggja í heitum potti og hægt er að velja um fjölda sundlauga um allt land.

**Söfn –** mörg söfn bjóða frítt inn fyrir börn og allir hafa gott af því að drekka í sig fjölbreytta menningu fjölmargra safna okkar Íslendinga.

**Strætó –** hægt er að taka strætó og keyra um og skoða það sem fyrir augu ber og láta hugann reika. Svo má taka nesti með og enda ferðina í lautarferð á einhverjum spennandi stað.

**Útsýnisferð –** hægt er að sjá höfuðborgina okkar frá nýju sjónarhorni með því að fara upp í Hallgrímskirkjuturn eða út á útsýnispall Perlunnar.

**Heimadundur –** dragið fram spil, liti, leir, málningu, kubba eða bara einhver leikföng. Flest börn elska að leika við mömmu og pabba.



## *Burt með sumarleiðann*

Börn finna stundum til einmanaleika þegar vinir eru á bak og burt í sumarfríi með fjölskyldum sínum. Þá reynir á foreldra að stytta börnunum stundirnar með skemmtilegum ráðum og dáð.

- Útbúið vikulegt dagatal þar sem koma fram skemmtilegir dagar fram undan. Með því móti fær barnið tækifæri til að hlakka til þegar allt virðist dauft og lítilfjörlegt. Merkið inn lautartúra, heimsókn til jafnaldra, bókasafnsferð, hjólatúr, veiðiferð, bíó eða hvað annað sem hugurinn girnist.
- Spyrjið barnið hvað því þætti skemmtilegast að gera. Börnum þykir oft ánægjulegast að gera eitthvað sjálfsprottið. Hvetjið þau til að nota ímyndunaraflið. Það kennir þeim útsjónarsemi og að velja sjálf hvernig þeim þykir best að verja frítíma sínum.
- Hafið handhægan kassa með pappír, límí, skærum, málningu, garni, penslum, tímaritum og öðrum efniviði sem gott er að grípa í til að skapa eitthvað skemmtilegt saman. Ef vel heppnast geta börnin selt listmuni sína á garðsölu í lok sumars.
- Vatn hefur góð áhrif á börn og hægt að leika tímunum saman í vatnsfjöri. Leyfið þeim að þvo bílinn, spúla stéttina, baða heimilishundinn eða hlaupa í gegnum úðarann. Settu mismikið vatn á flöskur og leyfðu þeim að spila á þær sem hljóðfæri.
- Stálpuðum börnum finnst gott að finna til ábyrgðar. Leyfið þeim að gera sitthvað gagnlegt fyrir sanngjörn laun, eins og að þvo gluggana, vaska upp, slá garðinn eða annað viðráðanlegt sem til fellur. Slíkt eflir hjá börnum mannkosti eins og samkennd, greiðvikni og vinnugleði.

# Rótgróin verslun á nýjum stað

**Barnavöruverslunin og fjölskyldufyrirtækið Varðan er flutt í nýtt húsnæði að Bæjarlind 14-16 í Kópavogi en verslunin var staðsett í miðbæ Reykjavíkur í áratugi.**

„Þriðja kynslóð tók við rekstri á fyrirtækinu síðasta sumar. Við það tækifæri var verslunin flutt í nýtt húsnæði en hún hafði verið frá miðri síðustu öld í miðbænum, fyrst á Laugaveginum og svo á Grettisgötunni,“ útskýrir Bergþóra Gunnlaugsdóttir rekstrarstjóri Vörðunnar. Hún segir viðbrigði að vera komin í nýtt hús.

„Á Grettisgötunni vorum við með allt húsið, um 900 fermetra og fyrirtækið dreifði úr sér upp um allar hæðirnar, jafnvel inn í íbúðina hjá afa heitnum. Nú erum við í 290 fermetrum en hér er opnara og betri yfirsýn yfir verslunina og vörurnar. Þá eru næg gjaldfrjáls bílastæði beint fyrir utan sem er jákvæð breyting frá því að reka verslunina í miðbænum. Við notuðum einnig tækifærið og breyttum áherslum í vöruúrvali,“ segir Bergþóra en fjölskyldan leggur mikið upp úr gæðum.



Bergþóra Gunnlaugsdóttir með vandaðar kerrur í Vörðunni.

„Við bjóðum núna upp á aukið úrval smávöru, til dæmis snyrtivörur og erum með íslenskar vörur í versluninni. Þar má nefna snyrtivörur frá Urtasmiðjunni, nuddgallann með nuddleiðbeiningum, BabyK leðurskó úr hreindýraleðri og fiskroði, einnig erum við með skemmtilega smekki eftir Svövu Halldórs, glæra sparismekki með slaufu, bindi eða hálsfestum innan í.“

Þá fer Varðan með umboð fyrir Emmaljunga, Hokus Pokus og Silver Cross. Emmaljunga er rótgróið sænskt fyrirtæki sem býður upp á gæða vagna og kerrur. Hokus Pokus stólarnir eru klassísk hönnun frá Svíþjóð, nú er hægt að raða saman stól að eigin vali en hægt er að velja úr sautján litum af stólsetum við sjö liti af stólum. Fljótlega getum við einnig boðið aftur upp á varahluti í Silver Cross, einnig er hægt að sérpanta Silver Cross vagna. Við leggjum ekki áherslu á fatnað í versluninni en að öðru leyti bjóðum við flest sem þarf fyrir barnið,“ segir Bergþóra.

En hvernig hafa viðtökurnar verið á nýjum stað?

„Við opnuðum í júní í fyrra en höfðum tíu daga til að finna húsnæði og tæma gamla húsnæðið og opna búðina. Við erum enn að vinna í að koma öllu á sinn stað en þetta hefur gengið ljómandi vel.“

# Gæði og gott verð

**Kynningartilboð: 30 prósent afsláttur af öllu í Kringlunni.**

UNITED COLORS OF BENETTON.

Benetton rekur þrjár verslanir á Íslandi; í Smáralind, Kringlunni og á Glerártorgi á Akureyri. Verslanakeðjan kom til landsins á níunda áratugnum. Hún opnaði í Smáralind árið 2001 en í Kringlunni árið 2008.

„Í Kringlunni sérhæfum við okkur í fötum fyrir börn á aldrinum fimm til þrettán ára en í Smáralind erum við með föt fyrir ung- og leikskólabörn í bland við fullorðinsfatnað,“ segir Lilja Bjarnadóttir eigandi verslunarinnar. Á Glerártorgi erum við svo með stóra verslun. Þar erum við með alla barnalínuna fyrir börn á aldrinum 0 til þrettán ára ásamt stórri dömudeild.

Lilja segir mikið úrval af fatnaði fyrir stráka og stelpur í verslunum Benetton. Verðið á hefðbundnum fatnaði eins og joggingbuxum og stuttermabolum kemur að hennar sögn á óvart. „Við erum með joggingbuxur fyrir bæði kyn á 2.995, stuttermaboli frá 1.995 og sokkabuxur frá 495 svo dæmi séu nefnd.“

Verslanakeðjan Benetton var stofnuð á Ítalíu árið 1974. Hún telst nú til tískurisa og er merkið sterkt í Evrópu. „Fataúrvalið hentar okkur Íslendingum vel enda eru veturnir á Ítalíu kaldir og sumrin hlý. Í verslununum er til að mynda að finna breiða línu af úlpum og jökkum sem henta veðurfari okkar vel,“ segir Lilja. Hún segir merkið þekkt fyrir gæði og í ljósi þess sé verðið afar gott. Í dag og fram á mánudag er 30% kynningarafsláttur af öllu í Benetton í Kringlunni.




Verslunin í Kringlunni er rétt hjá blómatorginu á fyrstu hæð. MYND/PJETUR



Í Kringlunni er að finna föt fyrir börn á aldrinum fimm til þrettán ára.



## BÚÐU TIL ÞINN EIGIN FROSTPINNA

**Nú þegar** fer að hlýna er gott að kæla sig niður með ísköldum frostpinna. Skemmtilegast er að búa þá til sjálfur en með því getur maður haft þá eftir eigin smekk í lit og bragði.

Auðvelt er að búa þá til og hægt er að finna allt sem til þarf í eldhúsinu.

Það fyrsta sem þarf að huga að er mót fyrir frostpinnann. Hægt að kaupa mót fyrir frostpinna en einnig er hægt að nota tómar jógúrtdósir, einnota glös eða stálbökunarform. Þegar mótið er sett inn í frysti er sniðugt að setja plastfilmu yfir það og gera gat fyrir pinnann svo hann haldist á sínum stað. Það er auðveldast að hella djús í mótin en það er líka gott að setja ávexti í blandara, hræra þá saman við smá djús og hella í mótið.

Eftir fimm tíma í frystinum ættu ljúffengu frostpinnarnir að vera tilbúnir.



## DÓT Á TOMBÓLU

**Skemmtilegt góðverk**

Sumarið er kjörinn tími til þess að safna saman öllum leikföngum, fötum, spilum, bíómyndum, geisladiskum og fleiru sem maður er hættur að nota og selja á tombólu.

Skemmtilegast er þegar vinir selja dótið sitt saman. Þá er meira af dóti til að selja og maður er í góðum félagsskap á meðan salan fer fram. Það er líka söluhvetjandi að vera í hópi með fleirum.

Bestu staðirnir til þess að selja dót á tombólu eru þar sem margt fólk kemur.

Ef veður er gott er að sjálfsögðu best að vera utandyra. Þegar sölunni er lokið er hægt að gefa ágóðann til góðgerðarmála og ef eitthvað dót verður eftir er hægt að gefa það í Rauða krossinn eða til mæðrastyrksnefndar. Ágætt er að ákveða áður en salan hefst hverjum á að gefa peningana sem safnast.

## HREYFING BARNA EFLIR NÁMSGETU



**Hreyfing gerir** nemendur heilbrigðari og mun sáttari við skólalærdóminn, segja norskir kennarar. Kennarar, læknar og íþróttafræðingar telja að það eigi að verja einni klukkustund á hverjum skóladegi í hreyfingu.

Aftenposten segir frá því að 84% kennara sem nýlega voru spurðir um hreyfingu á skólatíma hafi talið að regluleg hreyfing auki áhuga nemenda á náminu og geri þau hæfari til að læra. Alls voru 610 kennarar spurðir álits.

Kennararnir voru sammála um að hreyfingin auki vellíðan barnanna og komi í veg fyrir áflog í frímínútum. Einbeiting til náms stóraukist fái nemendur reglulega hreyfingu.

Læknar hafa lengi barist fyrir aukinni hreyfingu barna á skólatíma, enda komi hún í veg fyrir ofþyngd og sjúkdóma henni tengda. Það hefur verið áhyggjuefni víða um heim að börn eru sífellt að þyngjast. Sú staðreynd er einnig vel þekkt hér á landi, enda hefur kyrrseta aukist mikið með tæknibyltingunni. Íslensk börn eru meðal þeirra þyngstu í heiminum.



# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur
• Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.

**Viðrar vel til veisluhalda?**
Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.
550 9800
Tjaldaleiga skáta
Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.

**GARÐASmíði**
• PALLAR • SKJÓLGIRÐINGAR • HELLULAGNIR • GRJÓTHLEÐSLUR
• TRJÁKLIPPINGAR • GARÐAÞJÓNUSTA
• sími 899 5700 • www.gardasmidi.is

**XPRENT** -merkir allt!
Umhverfismerkingar.
Bíla- og gluggamerkingar.
Hentar t.d. fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

**[ AIS Fyrir Báta og Skip ]**
AIS Class – A | AIS Class – B | AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

**HREINN BÍLL**
**VERÐMÆTARI BÍLL**
CONCEPT
MÁLNINGARVÖRUR
Við útvegum þér úrvals bón- og hreinsiefni og góð ráð - og bíllinn þinn verður í toppstandi!
Meguiar's
Lágmúla 9,
104 Reykjavík
Sími 581 4200

**www.snarverk.is • Snarverk ehf**
Alhliða gröfuþjónusta • Garða og eiturúðun.
Gröfum fyrir sólpöllum, drenlögnum og skolpi.
Öll almenn jarðvegsskipti, fjarlægjum jarðveg og komum með nýjan.
**Snarverk ehf • Sími 863 1291**

**Rafstilling ehf**
startarar-alternatorar-perur
viðgerðir-sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is**

**70% afsláttur**
af öllum ræktunarpottum til sunnudags.
Lagersalan • S. 861 7541 • Kauptúni 3 v/hl á Habitat og Tekk.
Opið virka daga 13-18 lau og sun13-17

**LOK Á HEITA POTTA**
• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við
Fjarðarbólstrun Sími 864 4188
fjardarbolstrun@gmail.com

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
**AUÐUNS**
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**BRIDGESTONE** LÁGMÚLI 9
**UMFELGUN 5.860,-**
SUMARDEKK Á ÚRVALSVERÐI.
BETRAGRIP
Lágmúli 9 - bakhús
Sími 5 333 999
www.betragrip.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Skemmuvegur 2 • Kópavogi
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
**BROTAFL**
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**Sláttuvél fyrir fjórhjól og sláttutraktora**
BH-tækni ehf • S. 897 5090
Smiðjuvegi 72 • Kópavogi
www.tym.is

| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 1:30 - 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 8 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 10 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 9 - 11 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 3 - 5:10 - 6 - 8 - 10:45 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 3 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SAFE | KL. 6 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 3 - 6 - 9 - 10 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 10:20 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| DICTATOR | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 7 - 10 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT


# Er einhver með skæri?

Bíó ★★★☆☆

**The Five-Year Engagement**
Leikstjórn: Nicholas Stoller

**Leikarar:** Jason Segel, Emily Blunt, Chris Pratt, Alison Brie, Rhys Ifans, Jackie Weaver, Kevin Hart, Mindy Kaling, Randall Park, Brian Posehn, Chris Parnell, Dakota Johnson

Hinn nýtrúlofaði Tom afþakkar stöðu yfirkokks á nýju veitingahúsi í borginni þegar unnustu hans, Violet, býðst rannsóknarstaða við Háskólann í Michigan. Þau flytja frá San Fransisco, brúðkaupsáætlanir dragast á langinn og með tímanum fer að bera á óánægju hjá karldýrinu með hið nýja líf hjónaleysanna.

Þessi dramatíska og lágstemmda gamanmynd kemur úr herbúðum framleiðandans Judd Apatow og ber þess ýmis merki. Hún inniheldur stóran hóp skrautlegra aukapersóna, fullt af fyndnum samtalssenum, nóg af rómantík, og eilítill „slapstick“-húmor fær að læðast með. Mörg atriðanna eru brosleg en svo eru nokkur beinlínis sprenghlægileg.

Myndir af þessu tagi standa oft og falla með samleik aðalleikaranna, og þau Jason Segel og Emily Blunt eru gífurlega trúverðugt bíópar, bæði þegar þau eru heltekin af ást og einnig þegar gamanið kárnar. Aðrir leikarar standa sig einnig prýðilega, en mest hló ég að hinum ullarpeysuprjónandi Bill (Chris Parnell) og hinni kjaftforu og kynóðu Audrey (Dakota Johnson).

Það verður þó ekki hjá því komist að minnast á lengd myndarinnar, en á köflum er The Five-Year Engagement við það að sligast undan þeim rúmu tveimur klukkustundum sem hún er. Hinn rólegi og þægilegi stíll sem er svo kærkominn í fyrri hluta myndarinnar gerir mann órólegan í þeim seinni. Þannig er þetta oftast hjá Apatow Productions og þess vegna ná góðu myndirnar þeirra sjaldan að verða frábærar.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Vel heppnuð rómantísk gamanmynd, en tuttugu mínútum styttri væri hún frábær.



**TRÚVERÐUGT PAR** Myndir af þessu tagi standa oft og falla með samleik aðalleikaranna, en Jason Segel og Emily Blunt eru gífurlega trúverðugt par.

# Gríntvíeyki aftur saman

**Stephen Fry og Hugh Laurie eru byrjaðir að vinna saman á nýjan leik. Þeir slógu í gegn á BBC í Bretlandi með gamanþáttunum A Bit of Fry & Laurie á árunum 1989 til 1995 og léku einnig saman í Jeeves and Wooster.**

**„Ég og Hugh Laurie erum að vinna að verkefni saman. Afsakið hvað ég er leyndardómsfullur en ég læt ykkur vita meira um leið og ég get,“ sagði Fry á Twitter-síðu sinni. Fry stjórnar spurningaþættinum QI á meðan Laurie er launahæsti leikarinn í bandarísku sjónvarpi. Hann lauk nýverið við að leika í síðustu þáttaröðinni af hinum vinsælu læknaþáttum House.**



**STEPHEN FRY** Fry og Hugh Laurie eru byrjaðir að vinna saman á nýjan leik.





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 1 (TILBOÐ) - 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE DICTATOR LÚXUS | KL. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 8 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 10.10 | 16 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 | L |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 | L |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 7 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE 5 YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 10.15 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE DICTATOR | 2, 4, 6, 8, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 8 |
| THE RAID | 10.25 |
| THE AVENGERS 3D | 2, 4, 7, 10 |
| LORAX 3D | 2, 5 |







MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FIMMTUDAGUR: BANFF FJALLAMYNDAHÁTÍÐIN 20:00 ■ CORIOLANUS 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ IRON SKY 18:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:30 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

pepsi

FIMMTUDAGS BOMBA PEPSI

ÞETTA ER KLIKKAÐ DÆMI!

# FIMMTUDAGS BOMBA!

## 2.990 KR

GILDIR FYRIR 1

og þú ferð **ENDALAUST FRÍTT** í öll tækin í garðinum **Í 1,5 TÍMA**!

*Gildir ekki í tæki sem gefa vinninga og tívolíleikirnir gefa ekki tívolípunkta.*

ERTU EKKI AÐ DJÓKA?






***Þú getur farið aftur og aftur og aftur í öll tækin!***

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND

Skemmtigarðurinn Smáralind • Sími 534 1900 • www.skemmtigardur.is

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í APRÍL

# sport

sport@frettabladid.is



**62** **KIEL** er enn með fullt hús stiga í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta, 62 talsins, eftir sigur á Wetzlar í gær. Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Kiel en Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins. Liðið hefur þegar tryggt sér sigur í bæði deild og bikar og er komið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu.



**HODGSON** Valdi EM-hóp Englands í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enski landsliðshópurinn:

## Terry valinn en Rio situr heima

**FÓTBOLTI** **Roy Hodgson, nýráðinn landsliðsþjálfari Englands, tilkynnti í gær 23 manna hóp sinn fyrir EM í Póllandi og Úkraínu sem hefst 8. júní næstkomandi.**

**Hæst báru þau tíðindi að Rio Ferdinand var ekki valinn í hópinn. John Terry, fyrirliði Chelsea, var hins vegar valinn en hann var fyrr í vetur ákærður fyrir kynþáttaníð í garð Anton Ferdinand hjá QPR, bróður Rio.**

**„Báðar ákvarðanir voru teknar út frá knattspyrnulegum forsendum. Engu öðru,“ sagði Hodgson í gær. „Ég talaði við Rio og tíðindin voru honum mikil vonbrigði. En hann tók þeim vel.“**

**Steven Gerrard verður landsliðsfyrirliði og félagar hans hjá Liverpool, þeir Stewart Downing og Andy Carroll voru einnig valdir í hópinn. Wayne Rooney, leikmaður Manchester United, er líka í hópnum en hann verður í banni í fyrstu tveimur leikjunum.**

**Jermain Defoe, Alex Oxlade-Chamberlain og John Ruddy voru einnig valdir. Ruddy er markvörður QPR og kom ákvörðun Hodgson um að velja hann mörgum á óvart. Ekki síst honum sjálfum þar sem hann þarf að fá frí í byrjun júní til að kvænast unnustu sinni.**

**Meðal þeirra sem ekki voru valdir, auk Ferdinand, voru Michael Carrick og Micah Richards. Þá er bakvörðurinn Kyle Walker meiddur.** - esá

Kenny Dalglish rekinn:

## Árangurinn olli vonbrigðum

**FÓTBOLTI** Liverpool tilkynnti í gær þá ákvörðun eigenda félagsins að segja Kenny Dalglish, knattspyrnustjóra liðsins, upp störfum. Hann átti tvö ár eftir af samningi sínum.



**KENNY DALGLISH**

Undir stjórn Dalglish endaði Liverpool í áttunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar – 37 stigum á eftir efstu liðum. Liðið varð deildabikarmeistari en það var ekki nóg að sögn félagsins.

„Gengi liðsins í ensku úrvalsdeildinni hafa valdið vonbrigðum. Breytinga er þörf til að geta byggt á þeim árangri sem hefur verið náð,“ sagði í yfirlýsingu frá félaginu í gær.

Sjálfur sagði Dalglish að staðið hafi verið fagmannlega og virðulega að uppsögn hans. „Það var mér mikill heiður og forréttindi að fá að gerast knattspyrnustjóri Liverpool á ný,“ sagði Dalglish sem stýrði liðinu einnig frá 1985 til 1991. Hann er líka af mörgum talinn besti leikmaður liðsins frá upphafi.

Roberto Martinez, stjóri Wigan, Brendan Rodgers hjá Swansea og Rafa Benitez, fyrrum stjóri Liverpool og Inter, hafa verið sagðir líklegastir til að taka við starfinu. - esá

# Íslenska markametið féll á jöfnu

**Íslenskir leikmenn skoruðu sextán mörk á nýloknu tímabili í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta og jöfnuðu þar með tíu ára markamet íslenskra leikmanna í bestu deild í heimi. Heiðar Helguson og Gylfi Þór Sigurðsson fóru á kostum með nýliðunum og skoruðu báðir nánast í öðrum hverjum leik að meðaltali.**

**FÓTBOLTI** Þetta tímabil í ensku úrvalsdeildinni kemst að margra mati í hóp þeirra bestu frá upphafi og við Íslendingar getum verið stoltir af því að tveir íslenskir leikmenn voru í sviðsljósinu á þessu flotta tímabili.

Heiðar Helguson stal senunni með Queens Park Rangers fyrir áramót og Gylfi Þór Sigurðsson var frábær með Swansea eftir áramót. Þetta er í fyrsta sinn sem tveir íslenskir leikmenn skora sjö mörk eða meira á einu tímabili í ensku úrvalsdeildinni og með einu marki frá Grétari Rafni Steinssyni þá sáu þessir þrír kappar til þess að aldrei hafa feiri íslensk mörk litið dagsins ljós á einni leiktíð í bestu deild í heimi.





**FRÁBÆRIR Í BESTU DEILD Í HEIMI** Gylfi Þór Sigurðsson í leik með Swansea á móti Manchester United og Heiðar Helguson í leik með Queens Park Rangers. Þeir skoruðu saman fimmtán mörk á leiktíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

### Markahæstur í fjórða sinn

Heiðar Helguson er markahæsti íslenski leikmaðurinn í fjórða sinn (einnig 2000, 2006 og 2007) en hann skoraði 8 mörk í aðeins 16 leikjum. Heiðar skoraði einu marki meira en Gylfi Þór Sigurðsson sem lék auk þess einum leik meira. Gylfi kom að alls tólf mörkum því auk markanna sjö þá átti hann einnig fimm stoðsendingar. Heiðar átti tvær stoðsendingar og kom því að tíu mörkum.

Heiðar Helguson byrjaði afar vel með Queens Park Rangers eftir að hann fékk fyrsta alvöru tækifærið í október. Heiðar skoraði sjö mörk og gaf 2 stoðsendingar í fyrstu níu leikjum sínum í byrjunarliðinu og þar á meðal voru tvö mörk í 3-2 útisigri á Stoke og eina markið í heimasigri á Chelsea. Heiðar glímdi við meiðsli allan seinni hluta tímabilsins og lék aðeins fjóra leiki á nýja árinu.

Gylfi Þór Sigurðsson kom á láni til Swansea City frá þýska liðinu Hoffenheim í janúar og vann sér strax fast sæti á miðju liðsins. Gylfi skoraði ekki í fyrstu þremur leikjunum en gerði síðan fimm mörk í næstu sex leikjum þar á meðal tvennur á móti bæði Wigan og Fulham. Gylfi náði aðeins að bæta við einu marki í síðustu sjö leikjunum en var oft einstaklega óheppinn með skotin sín.

Þessi frábæra frammistaða Heiðars og Gylfa sá til þess að metið var jafnað yfir flest íslensk mörk á tímabili í ensku úrvalsdeildinni. Það má kannski segja að metið hafi fallið á jöfnu því íslensku mörkin á þessu tímabili komu í „aðeins“ 60 leikjum en tímabilið 2001-02 þurftu íslensku leikmennirnir 42 fleiri leiki til þess að skora 16 mörk.

Metið var áður nánast eingöngu í eigu Eiðs Smára Guðjohnsen sem skoraði 88 prósent marka Íslendinga tímabilið 2001 til 2002. Eiður er langmarkahæsti Íslendingurinn í sögu úrvalsdeildarinnar og er maðurinn á bak við öll bestu markaár Íslendinga i ensku úrvalsdeildinni.

Eiður Smári náði því að skora tíu mörk eða fleiri á fjórum tímabilum og það voru fyrir þetta tímabil fjögur bestu markaár Íslendinga í ensku úrvalsdeildinni. Hér fyrir neðan má síðan sjá upplýsingar um mesta markaskor Íslendinga á einu tímabili í ensku úrvalsdeildinni.

ooj@frettabladid.is

### Markamestu tímabil Íslendinga í ensku úrvalsdeildinni

**2011-2012 16 mörk (60 leikir)**
Heiðar Helguson, QPR 16 leikir/8 mörk
Gylfi Þór Sigurðsson, Swansea 18/7
Grétar Rafn Steinsson, Bolton 23/1
Eggert Gunnþór Jónsson, Wolves 3/0

**2001-2002 16 mörk (102 leikir)**
Eiður Smári Guðjohnsen, Chelsea 32/14
Guðni Bergsson, Bolton 30/1
Hermann Hreiðarsson, Ipswich 38/1
Arnar Gunnlaugsson, Leicester 2/0

**2000-2001 15 mörk (93 leikir)**
Eiður Smári Guðjohnsen, Chelsea 30/10
Arnar Gunnlaugsson, Leicester 17/3
Hermann Hreiðarsson, Ipswich 36/1
Þórður Guðjónsson, Derby 10/1

**2002-2003 13 mörk (106 leikir)**
Eiður Smári Guðjohnsen, Chelsea 35/10
Jóhannes Karl Guðjónss., Aston Villa 11/2
Guðni Bergsson, Bolton 31/1
Lárus Orri Sigurðsson, West Brom 29/0

**2004-2005 13 mörk (71 leikur)**
Eiður Smári Guðjohnsen, Chelsea 37/12
Hermann Hreiðarsson, Charlton 34/1



**2005-2006 10 mörk (87 leikir)**
Heiðar Helguson, Fulham 27/8
Eiður Smári Guðjohnsen, Chelsea 26/2
Hermann Heiðarsson, Charlton 34/0

**2006-2007 8 mörk (122 leikir)**
Heiðar Helguson, Fulham 30/3
Brynjar Björn Gunnarsson, Reading 23/3
Ívar Ingimarsson, Reading 38/2
Hermann Heiðarsson, Charlton 31/0

**2003-2004 8 mörk (70 leikir)**
Eiður Smári Guðjohnsen, Chelsea 26/6
Hermann Hreiðarsson, Charlton 33/2
Jóhannes Karl Guðjónss., Wolves 11/0

**1999-2000 7 mörk (51 leikur)**
Heiðar Helguson, Watford 16/6
Hermann Hreiðarsson, Wimbledon 24/1
Jóhann Birnir Guðmundsson, Watford 9/0
Arnar Gunnlaugsson, Leicester 2/0

**2007-2008 7 mörk (108 leikir)**
Hermann Hreiðarsson, Portsmouth 32/3
Heiðar Helguson, Bolton 6/2
Ívar Ingimarsson, Reading 34/2
Brynjar Björn Gunnarsson, Reading 20/0
Grétar Rafn Steinsson, Bolton 16/0

Elfar Árni Aðalsteinsson, leikmaður Breiðabliks, er leikmaður 3. umferðar Pepsi-deildar karla:

# VilL halda áfram að skora mörk fyrir Blika

**FÓTBOLTI** Blikinn Elfar Árni Aðalsteinsson er leikmaður 3. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði sigurmark Blika gegn Val í fyrrakvöld og tryggði þeim grænu þar með fyrsta sigur tímabilsins. Mark Elfars Árna var einnig fyrsta mark Blika á tímabilinu.

„Það var fyrst og fremst gott að ná fyrsta sigrinum,“ sagði Elfar Árni. „Þetta var bara tímaspursmál um fyrsta markið og fyrsta sigurinn því mér finnst við hafa verið að spila ágætlega. Nú erum við komnir á beinu brautina og ætlum að vera þar áfram.“

Elfar Árni er 21 árs Húsvíkingur sem kom til Breiðabliks frá Völsungi fyrir tímabilið. Hann hefur fengið stórt hlutverk í sóknarleik liðsins í upphafi tímabilsins.

„Mér hefur verið tekið vel í Kópavoginum og mér líður mjög vel. Þjálfarinn hefur sýnt mér mikið traust og leyft mér að spila mikið, bæði í vor og á undirbúningstímabilinu,“ sagði hann.



**ELFAR ÁRNI** Skoraði fyrsta mark Blika á tímabilinu og tryggði um leið fyrsta sigurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þrátt fyrir ungan aldur á Elfar Árni fimm ár að baki með meistaraflokki Völsungs. Hann neitar því þó ekki að stökkið úr 2. deildinni í þá efstu sé stórt en segir að það hafi verið tímabært í sínu tilfelli.

„Ég er ánægður með að hafa tekið þetta skref. Breiðablik var góður kostur fyrir mig og finnst mér að mér hafi gengið vel hér.“

Elfar Árni er yngri bróðir Baldurs Aðalsteins sem lék áður með ÍA, Val og Víkingi en hann varð Íslandsmeistari með tveimur fyrstnefndu liðunum. Hann spilaði einnig átta A-landsleiki. Elfar fór þó varlega í að bera sig saman við stóra bróður.

„Eigum við ekki að segja að við séum ólíkir leikmenn. Ég mun reyna að ná jafn langt og hann gerði en það verður bara að koma í ljós hvernig það gengur. Ég stefni á að reyna að skora fleiri mörk og hjálpa þannig mínu liði að ná sínum markmiðum í sumar,“ sagði Elfar Árni. - esá

# KRÓNAN

**Nýtt kortatímabil!**

# OPIÐ Í DAG

– komdu og gerðu frábær kaup!

## LAMBALÆRI

– fyrir þig og þína!

NÝTT PIPARMARINERAÐ

**1398** kr. kg

Lambalæri, þú velur: ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!

**40% afsláttur**

**2939** kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

**25% afsláttur**

**1499** kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar, kryddaðar

**20% afsláttur**

**1758** kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg
Lambakótilettur

**2198** kr. kg

Krónu Piri Piri kjúklingabringur

**30% afsláttur**

**1189** kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki á spjóti, þú velur: New York eða hvítlauks og rósmarín marineraður marineraðan

**20% afsláttur**

**398** kr. pk.

Verð áður ~~498~~ kr. pk.
Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g

2 í pk.

**398** kr. pk.

Ungnauta hamborgari 120 g, 2 í pk.

2 lítrar

Meðan byrgðir endast!

**169** kr. stk.

Fanta appelsín, 2 l

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ · Krónan Bíldsöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

> **Stöð 2 kl. 19.45**
## The Amazing Race

***Það er komið að spennandi lokaþætti af The Amazing Race á Stöð 2. Liðin þrjú sem eftir eru setja stefnuna á Las Vegas í lokaáfanga kapphlaupsins um heiminn. Þar þurfa liðin að leysa erfiðar þrautir áður en þau komast yfir marklínuna.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HLUSTAÐI MEÐ ATHYGLI

# *Tónlistarfræði á tíu mínútum*

Fyrir skömmu datt ég inn í viðtal Óla Palla á Rás 2 við tónlistarmanninn James Taylor sem stígur á svið í Hörpu á föstudaginn. Ég var reyndar að keyra og heyrði aðeins um tíu mínútur en þær voru safaríkar, svo ekki sé nú meira sagt.

Óli Palli ræddi fyrst um heróínfíkn Taylors þegar hann var aðeins átján eða nítján ára og hvernig vinir hans allt í kring, sem voru líka að fikta með eiturlyfið, dóu hver á fætur öðrum. Sjálfur ákvað Taylor að bíða með að hætta þar til rétta meðferðarúrræðið væri fundið og náði þá að afeitra sig með aðstoð föður síns og fleiri góðra aðila.



**JAMES TAYLOR** Var heróínfíkill fyrir tvítugt.

Næst talaði Taylor um þegar hann var að taka upp plötu í sama hljóðveri og á sama tíma og Bítlarnir tóku upp hið sögufræga Hvíta albúm sitt. Hann sagðist hafa heillast upp úr skónum af því sem fram fór og fylgst grannt með vinnubrögðum hljómsveitarinnar. Sú flökkusaga að Taylor hafi kennt Paul McCartney að plokka gítarinn við lagið Blackbird var einnig áhugaverð.

Sem sagt, hellingur af flottum tónlistarfróðleik á aðeins tíu mínútum. Ekki slæmur bíltúr það.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Biblían í sögu og kveðskap Egils Skallagrímssonar **09.00** Fréttir **09.03** Tónlist að morgni uppstigningardags **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sjálfstætt fólk **11.00** Guðsþjónusta í Grensáskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Ritþing um Hallgrím Helgason **14.00** Komdu fagnandi **15.00** Mín sál, þinn söngur hljómi - Aldarminning Róberts Abrahams Ottóssonar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Út í sveit **17.00** Komdu að dansa **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Fram og aftur **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Náttsöngur **20.30** Stóra upplestrarkeppnin - raddir framtíðar **21.00** Mörk mannskepnunnar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Mín eru ljóð ei merkileg **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**11.35 Þetta er lífið** Upptaka af skemmtidagskrá með leikkonunni Charlotte Bøving og Pálma Sigurhjartarsyni píanóleikara í Iðnó.

**12.35 Bestu bækur Norðurlanda** (Nordens bedste bøger) (e)

**13.15 HM í íshokkí**

**14.35 Blái naglinn** Heimildarmynd um baráttu manns við blöðruhálskrabbamein.

**15.20 Leiðarljós** (Guiding Light)

**16.00 HM í íshokkí**

**17.20 Barnatíminn**

**18.05 Orðaflaumur** Ordstorm:Rädd (2:5)

**18.20 Táknmálsfréttir**

**18.25 Gulli byggir** (5:6) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veðurfréttir**

**19.25 Amma Lo-Fi** Svipmynd af Sigríði Níelsdóttur sem fór að taka upp og gefa út eigin tónlist á áttræðisaldri.

**20.30 Góði kokkurinn** (The Good Cook)

**21.05 Aðþrengdar eiginkonur** (19:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**21.50 Glæpahneigð** (Criminal Minds VI)

**22.35 Höllin** (16:20) (Borgen) (e)

**23.35 Í kvennaríki** (In the Land of Women) Ungur nýfráskilinn rithöfundur fer til Detroit að sleikja sár sín og annast ömmu sína veika og kynnist nokkrum konum sem hafa djúpstæð áhrif á hann.

**01.10 HM í íshokkí**

**02.30 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 When In Rome**

**10.00 He's Just Not That Into You**

**12.05 Toy Story 3**

**14.00 When In Rome**

**16.00 He's Just Not That Into You**

**18.05 Toy Story 3**

**20.00 It's Complicated**

**22.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**

**00.00 Rat Pack**

**02.00 Rendition**

**04.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**

**06.00 Secretariat**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**10.20 Coraline**

**12.00 Bardagauppgjörið**

**12.20 Glee** (3:22)

**13.05 Smallville** (2:22)

**13.45 Extreme Makeover: Home Edition** (3:25)

**14.30 Chestnut: Hero of Central Park** Munaðarlausar systur finna yfirgefinn hvolp sama dag og þær eru ættleiddar á heimili þar sem hundar eru bannaðir.

**15.55 Get Shorty** Chili Palmer er okurlánari í Miami sem er sendur til Los Angeles til að innheimta þar skuld sem kvikmyndaframleiðandinn Harry Zimm hefur ekki greitt. Harry þessi á litlu láni að fagna en hins vegar vill svo til að Chili er mikill áhugamaður um kvikmyndir. Hann hrífst jafnvel af lélegri framleiðslu Harrys og gerir honum tilboð. Chili sleppir því að limlesta Harry og kemur honum þess í stað á toppinn. Það þarf jú hörku til að slá í gegn í Hollywood.

**17.40 Modern Family** (2:24)

**18.05 Friends** (10:24)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Veður**

**19.00 Best of Mr. Bean**

**19.55 Arrested Development** (6:22)

**20.20 The Amazing Race** (12:12)

**21.05 The Closer** (2:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles. Þar fer Brenda Johnson með völd, en hún býr yfir einstakri næmni og hæfileika til að skyggnast inn í líf fórnarlamba sem og grunaðra.

**21.50 NCIS: Los Angeles** (20:24)

**22.35 Rescue Me** (13:22) Fimmta þáttaröðin um slökkvuliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft og tíðum spaugilega glímu hans við lífið.

**23.20 Prince of Persia: The Sands of Time** Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna með Jake Gyllenhaal, Ben Kingsley og Gísla Erni Garðarssyni í aðalhlutverkum. Myndin gerist í Persíu á miðöldum og segir söguna af prinsi sem ákveður að vinna með prinsessu andstæðinganna til þess að stöðva fyrirætlanir ills einræðisherra.

**01.15 The Mentalist** (20:24)

**02.00 Homeland** (10:13)

**02.55 The Killing** (1:13)

**03.45 Terra Nova**

**04.30 Get Shorty**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg**

**16.10 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg**

**17.30 NBA 2011/2012 - Playoff Games**

**19.20 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Bayern München**

**21.50 The Masters** Útsending frá fyrsta keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters, en þar keppa allir bestu kylfingar heims um ein eftirsóttustu verðlaunin í golfheiminum, græna jakkann.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 Stoke - Bolton**

**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**20.30 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**21.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.55 Chelsea - Blackburn**

**23.45 Sunderland - Man. Utd.**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (115:175)

**20.35 In Treatment** (53:78)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 How I Met Your Mother** (13:24)

**21.50 New Girl** (14:24)

**22.20 2 Broke Girls** (2:24)

**22.45 Grey's Anatomy** (22:24)

**23.30 Gossip Girl** (14:24)

**00.15 In Treatment** (53:78)

**00.40 The Doctors** (115:175)

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.50 Being Erica** (2:12) (e)

**16.35 Eureka** (18:20) (e)

**17.25 Dr. Phil**

**18.10 The Firm** (12:22) (e)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.25 Rules of Engagement** (25:26) (e)

**19.45 Will & Grace** (8:25) (e)

**20.10 Eldhús sannleikans** (2:10) Sigmar B. Hauksson snýr nú aftur í sjónvarp með nýja seríu matreiðsluþátta. Í hverjum þætti er ákveðið þema þar sem Sigmar ásamt gestum útbúa ljúffenga rétti ásamt viðeigandi víni þáttarins.

**20.35 Solsidan** (5:10) Fredde heldur að hann sé með krabbamein þegar hann finnur nokkra hnúða á líkamanum og eftir að hafa ráðfært sig við erlendan sérfræðing í gegnum netið, leikur enginn vafi á niðurstöðunni.

**21.00 Blue Bloods** (14:22) Maður er skotinn til bana eftir að hafa ráðist á og rænt fjölskyldu og í kjölfar atburðanna spinnast upp samræður meðal Reagan-fjölskyldumeðlima um það hversu langt þau sjálf myndu ganga til að vernda fjölskylduna.

**21.50 Franklin & Bash** (6:10) Skemmtilegur þáttur um lögfræðingana og glaumgosana Franklin og Bash. Þeir eru afar litríkar persónur sem reglulega þurfa að sletta úr klaufunum.

**22.40 Jimmy Kimmel**

**23.25 CSI** (19:22) (e)

**00.15 Law & Order UK** (11:13) (e)

**01.00 Unforgettable** (4:22) (e)

**01.50 Blue Bloods** (14:22) (e)

**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.55** The Players Championship 2012 (4:4) **11.55** Golfing World **12.45** Golfing World **13.35** The Players Championship 2012 (4:4) **18.35** Inside the PGA Tour (20:45) **19.00** Byron Nelson Championship 2012 (1:4) **22.00** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **22.50** Ryder Cup Official Film 1995 **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.20** Come Dine With Me **07.10** ,Allo ,Allo! **08.30** New Tricks **10.15** Deal or No Deal **10.50** EastEnders **11.20** Come Dine With Me **12.10** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** One Foot in the Grave **14.45** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **18.40** Top Gear **20.00** Bill Bailey: Part Troll **20.55** The Graham Norton Show **21.40** Live at the Apollo **22.30** Top Gear **23.45** QI **00.20** Shooting Stars **00.50** Bill Bailey: Part Troll **01.45** The Graham Norton Show

## DR 1

**06.10** Karlsson på taget **07.25** OBS **07.30** Drommehaver **08.30** Grøn glæde **09.00** Søren Ryge direkte **09.30** Bonderøven **10.30** Vores Liv. Skattejægerne **11.00** Opbrud **12.25** Superbror **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Rosa fra Rouladegade **16.00** Drommehaver **16.30** TV Avisen med Sport **18.00** Her er dit liv **19.00** TV Avisen **19.10** SportNyt 2012 **19.20** Efter brylluppet **21.20** Taggart **22.10** Jagten over havet **23.35** Lægerne **04.00** Penelope **04.05** Chiro **04.10** Benjamin Bjørn **04.30** Noddy

## NRK 1

**12.00** Landeplage **12.30** 37 1/2 **14.10** Poirot **15.50** Korpskamerater **16.05** Polynesias gåte **17.00** Dagsrevyen **17.30** Gratulerer med dagen! **19.05** Postkort fra Norge **19.35** Elling 3 - Elsk meg i morgen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Original Nilsen **22.15** Gratulerer med dagen! **23.50** Adresse Baku **00.55** Elling 3 - Elsk meg i morgen **02.20** Ut i naturen **05.00** Morgennytt

## svt1

**10.40** Dom kallar oss skådisar **11.10** EM i orientering **14.25** Rapport **14.30** Lögner **14.45** Det ljuva livet i Alaska **15.30** Röda näckrosor **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Året med norska kungafamiljen **17.20** Bakom kulisserna i Vigelandsparken **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Djursjukhuset **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Dokument inifrån **20.00** Debatt **20.45** Modellagenturen **21.35** Rapport **21.40** Det ljuva livet i Alaska **22.25** Uppdrag Granskning **23.25** Rapport **23.30** Kobra

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# Fjalla- og klifursport

10.890 kr.
Fjallahjálmur

29.990 kr.
Klifurlína 60m

14.900 kr.
Klifuraxir
eitt verð -
allar stærðir

Snjóskóflur
verð frá
14.250 kr.

7.720 kr.
Legghlífar

3.880 kr.
Karabína

4.900 kr.
Hnífur í
klifurbelti

14.430 kr.
Lumex
Pro ljós
185Lm

Mannbroddar
verð frá
16.680 kr.

7.720 kr.
TOP
klifurbelti

2.490 kr.
Vatnsheld
mp3 heyrnatól

4.400 kr.
Vatnshelt mp3 hulstur

## GG•Sjósport

## Topp vörur fyrir göngugarpa og áhugafólk um sjósport

## OPIÐ Í DAG UPPSTIGNINGARDAG
**frá kl. 10 - 18**

# BoLL bakpokar í úrvali

18.900 kr.
Fyrir Esjuna:
BoLL Trailhead 30L

34.900 kr.
Fyrir Laugaveginn:
BoLL Tower 48L

38.900 kr.
Fyrir Laugaveginn:
BoLL Tower 62L

48.900 kr.
Fyrir Hornstrandir:
BoLL Phantom 75L

28.900 kr.
Op 13
Fyrir Hnjúkinn:
BoLL Ego Lite 37L

32.170 kr.
Op 13
Fyrir Hnjúkinn:
BoLL Ego Lite 47L

# Sjósport

34.900 kr.
Mullion flotvinnugallar

Alvöru
barna-
blautb-
úningar
14.900 kr.

Barnaskór og
-hanskar í úrvali

GUL shadow
þurrbúningar
64.900 kr.
- einnig til í
barnastærðum

17.900 kr.
GUL
flísgalli

9.890 kr.
Björgunarvesti

Islander Sit-On-Top
veiðikajar
kynningartilboð
159.900 kr.

29.900 kr.
Aquatic kajakavesti

Valley Aquanut sjókajakar
kynningarverð
229.900 kr.

21.790 kr.
Jet-Ski vesti

Sjóskíði og
stórar blöðrur
í úrvali

Seago
uppblásanleg
björgunarvesti
verð frá
18.900 kr.

Björgunarbátar
fyrir skemmtibáta
verð frá
179.900 kr.

## GG•Sjósport

BoLL MOUNTAIN & OUTDOOR GEAR

singing rock

Súðavogi 42, 104 Reykjavík • sími: 571 1020 • www.ggsjosport.is

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Þar er prime rib og bökuð kartafla og málið dautt.“*

Björgvin Halldórsson, tónlistarmaður.

**10 DAGAR** í aðalkeppni Eurovision

# Jónsi fær almennilegar móttökur

„Aserar eru yndislegir, kurteisir og almennilegir í alla staði,“ segir Jón Jósep Snæbjörnsson, Jónsi, um lífið í Bakú, höfuðborg Aserbaídsjan. Þar er heitt í veðri, eða 25 til 30 stiga hiti.

Næstkomandi þriðjudag stígur hann á svið ásamt Gretu Salóme í Crystal-höllinni og flytur lagið Never Forget. „Okkur mætir mikil velvild og ef okkur skyldi vanhaga um eitthvað finnst okkur við bara þurfa að smella fingrum,“ segir Jónsi, sem flaug út með um tuttugu manna Eurovision-hópi á laugardaginn. Síðan þá hafa stífar æfingar staðið yfir, auk blaðaviðtala og móttaka. Aðspurður segir Jónsi stemninguna í hópnum góða. „Við þurfum að styðja hvert annað því það tekur á taugarnar að vera svona mikið saman þegar við erum fjarri ástvinum okkar.“

Hvað varðar öryggisgæsluna segir Jónsi hana minni en þegar hann keppti í Istanbúl árið 2004. Þá var hann iðulega með tvo til fjóra lífverði í kringum sig, aðallega vegna hryðjuverkaógnar. „Núna fáum við lögreglufylgd í umferðinni og vitanlega er góð gæsla í Kristalshöllinni en það er bara barnaleikur miðað við seinasta skipti hjá mér.“

Hann segir umhverfið í kringum höllina stórkostlegt. „Höllin stendur yst á skaga við höfnina og innan við hana er risastór upphækkaður flötur sem rís tuttugu til þrjátíu metra upp í loftið. Á honum er stærsta flaggstöng sem ég hef séð.“

Hvað með atriðið ykkar. Er það að smella vel saman? „Já, við vorum að æfa það núna rétt í þessu og það er alveg geirneglt.“ - fb



**Í BAKÚ** Jónsi í Bakú þar sem Eurovison-keppnin verður haldin í næstu viku.


## 17. júní 2012 í Reykjavík

### Umsóknir um sölutjöld

Þeir sem óska eftir að leigja sölutjald þann 17. júní nk. í Reykjavík þurfa að skila inn umsókn fyrir föstudaginn 29. maí fyrir kl. 16.00 í Skátamiðstöðina Hraunbæ 123. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á vefnum www.skataland.is/17juni

Vakin er athygli á því að lausasala á hátíðarsvæðinu er bönnuð. Sölutjöld eru einungis leigð félögum og samtökum sem sinna æskulýðs- og íþróttastarfi í Reykjavík, en ekki einkaaðilum.

Þjóðhátíðarnefnd Reykjavíkur | Skátasamband Reykjavíkur




**SUMARSMELLUR** Lagið Hring eftir hring í flutningi söngkonunnar ungu Elínar Lovísu Elíasdóttur er á leiðinni í spilun á næstu dögum. Texti lagsins er skrifaður af Ölmu í stúlknasveitinni The Charlies en Elín er yngri systir Klöru í sveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ELÍN LOVÍSA ELÍASDÓTTIR:** ÞETTA LAG GETUR VEL ORÐIÐ SUMARSLAGARI

# Fær ráðleggingar frá The Charlies í gegnum Skype

„Ég ætlaði aldrei að leiðast út í þennan bransa en smitaðist af tónlistarbakteríunni í Versló,“ segir hin 21 árs gamla söngkona Elín Lovísa Elíasdóttir sem gefur út lagið Hring eftir hring á næstu dögum.

Hring eftir hring er fyrsta lagið sem Elín gefur út upp á eigin spýtur en hún vakti athygli er hún söng með rapparanum Kristmundi Axel í laginu Það birtir alltaf til árið 2010. „Ég byrjaði að leika mér að syngja í Versló og tók meðal annars þátt í söngkeppninni. Þá varð ekki aftur snúið og er draumurinn að gefa út heila plötu.“

Elín er yngri systir söngkonunnar Klöru í stúlknasveitinni The Charlies svo það má segja að tónlistin sé í fjölskyldunni. Elín segir stóru systur sína, Steinunni og Ölmu vera duglegar að hvetja sig áfram. „Ég væri ekki að gera þetta án Klöru og þeirra allra. Við erum duglegar að hittast á Skype og þær gefa mér ráðleggingar varðandi hitt og þetta,“ segir Elín, en Alma á einmitt heiðurinn af texta lagsins Hring eftir hring sem er samið af strákunum í upptökuteyminu Redd Lights.

Elín er á fyrsta ári í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík og verður bankastarfsmaður í sumar. Hún fer þó ekki leynt með að draumurinn sé að starfa í tónlistarbransanum í framtíðinni. „Ég ætla bara að bíða og sjá hvernig viðtökurnar verða við laginu. Það væri draumur að geta gert meira úr tónlistinni og jafnvel setjast að erlendis og einbeita sér að þessu eins og systir mín er að gera. Ég hef einu sinni farið í heimsókn til þeirra til Los Angeles svo maður er allavega komin með nokkur góð sambönd.“

Lagið Hring eftir Hring er hresst rafpopplag sem Elín hefur trú á að geti orðið vinsælt á dansgólfum borgarinnar í sumar. „Þetta er þannig lag að það getur vel orðið sumarslagari. Ég er bara glöð að lagið sé loksins á leið í spilun. Við höfum verið að tala um þetta lengi og ferlið tekið sinn tíma. Nú er bara að bíða og sjá hvernig landsmenn taka laginu.“ Hring eftir hring verður frumflutt í morgunþættinum Magasín á FM957 á morgun.

alfrun@frettabladid.is






# Helgi hitar upp fyrir landsmót

Helgi Björnsson, söngvari og hestamaður, mun ásamt eiginkonu sinni, Vilborgu Halldórsdóttur, stýra þáttum um Landsmót hestamanna sem sýndir verða á Stöð 2. Þættirnir, sem nefnast Sprettur: Helgi og Vilborg hita upp fyrir Landsmót, verða þrír talsins og hefja göngu sína þann 3. júní.

„Ég og Vilborg, kona mín, vorum fengin til að sjá um smá óbeina upphitun fyrir Landsmótið í formi sjónvarpsþátta og vekja þannig athygli á íslenska hestinum og hestamenningunni. Hesturinn er svo stór hluti af okkar þjóðarsál og alveg frábær skepna,“ segir Helgi sem var staddur í Barcelona er Fréttablaðið náði tali af honum.

Í þáttunum munu hjónin fara um víðan völl og meðal annars heimsækja knapa sem eru í óða önn að undirbúa sig fyrir mótið, skoða gangtegundir hestanna og rifja upp sögu Landsmótsins. „Svo munum við auðvitað heimsækja stjörnur mótsins, sem eru hestarnir sjálfir. Vonandi fáum við einnig að heimsækja eldri stjörnur eins og Orra frá Þúfu, þeir hestar eru eins og söngvararnir sem sungu gömlu hittarana,“ bætir Helgi við.

Sjálfur er söngvarinn mikill áhugamaður um hestamennsku og veit fátt skemmtilegra en að fara á bak. „Höfðingi minn heitir Dagfari og hann hef ég átt í tíu ár. Hann hefur borið mig um ýmsa landshluta og það er aldrei að vita nema honum bregði fyrir í þáttunum, hann á það alveg skilið.“ - sm



**HITAR UPP FYRIR LANDSMÓT** Helgi Björnsson og eiginkona hans, Vilborg Halldórsdóttir, munu hita upp fyrir Landsmót hestamanna með skemmtilegum fræðsluþáttum á Stöð 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SUMAR 2012

## MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM VÖRUM

# OPIÐ Í DAG!

## milli 11 og 16

Regatta GREAT OUTDOORS®

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

### Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Kvart buxur | 4.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- |
| Flís peysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 4.990,- |
| Isotex jakkar | 7.490,- |
| Isotex kápur | 7.490,- |
| Undirföt buxur | 2.990,- |
| Undirföt bolur | 2.990,- |
| Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Bakpokar, skór ofl. | |

# ÚTIVISTAR „MARKAÐUR"

## Hjá okkur má skila og skipta

**NÝTT KORTATÍMABIL**



**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 –16**

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Slær átta ára gamalt met

**Jón Gnarr** átti 700 daga borgarstjóraafmæli í gær. Í tilefni dagsins skrifaði Jón á Facebook síðu sína (á ensku): „Í dag hef ég verið í embætti í 700 daga, lengur en nokkur annar borgarstjóri í Reykjavík síðan árið 2004.“ Þarna vísar Jón í setu fimm forvera sinna á borgarstjórastóli; þau Steinunni Valdísi Óskarsdóttur (2004-2006), Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson (2006-2007), Dag B. Eggertsson (2007-2008), Ólaf F. Magnússon (2008) og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur (2008-2010). Þess má geta að Dagur náði hundrað dögum í embætti og Ólafur 203. Jón má því réttilega gorta sig af langri setu á borgarstjórastóli.



### Fegurðin í röðinni

Ein með öllu er ótvíræður þjóðarréttur Íslendinga, sem endurspeglast í gríðarlegri sölu á réttinum á útsölustöðum um allt land. Löng röð myndast fyrir utan Bæjarins bestu í miðbæ Reykjavíkur dag hvern, en þangað sækir fólk úr öllum þjóðfélagshópum. Leigubílstjórar, námsmenn, alþingisfólk og ferðamenn mæta oftast á svæðið, en í gær voru fegurðardrottningar áberandi í röðinni. Linda P. og **Unnur Steinsson** biðu rólegar og urðu til þess að þeir sem biðu eftir pylsum gleymdu um stund kaloríufjöldanum í remúlaðinu.



**- sv, afb**

## Mest lesið VÍSIR


1. Kattafár í Svarfaðardal veldur lambadauða
2. Norðmenn taka undir með Íslandi
3. Danskur prestur neitaði að jarða lesbíu
4. Skylt að afhenda gögnin
5. Tvöfalt fleiri stunda vændi



WISH



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

Beint leiguflug með Icelandair allan næsta vetur! Salan er hafin!



**Flugsæti**

Verð frá 116.500 kr* og 15.000 Vildarpunktar

29. jan. Tenerife
5. jan. Kanarí

Innifalið: flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 126.500 kr.

**Flugáætlun**

**Tenerife**
4. sept. - 23. okt. vikulegt flug
22. des.
29. jan. - 12. mars vikulegt flug
25. mars

**Kanarí**
29. okt.
30. nóv
22. des.
5., 15., og 29. jan.
5. feb. - 12. mars vikulegt flug
25. mars



**Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.**

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

## Tenerife



**Parque Santiago**

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

29. jan. - 5. feb.

Verð frá 159.990 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. 2 fullorðna í studio.
Innifalið: flug, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 169.990 kr.

## Kanarí



Aðeins hjá VITA

**Las Camelias**

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

5. - 15. jan.

Verð frá 145.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: flug, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 155.900 kr.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 59805 05/10

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita
VITA er lífið